



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. febrúar 2008 – 33. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR



LEIKLISTIN ER SÁRSAUKAFULL

Jóhann Sigurðarson ætlaði að hætta í leiklistinni fyrir tveimur árum.

VIÐTAL 10

SNÆFELL Í ÚRSLIT


Snæfell komst í úrslit Lýsingarbikars karla eftir stórsigur á Njarðvík suður með sjó.

ÍPRÓTTIR 24



FYLGIR Í DAG

VEÐRIÐ Í DAG



Í dag NA-átt um allt land eljagangur norðan og austan til og frost 1-8 stig.

VEDUR 4

## Fórnarlömb mansals á Íslandi

Rauði krossinn ætlar að kanna umfang mansals á Íslandi og koma upp aðgerðaáætlun í samstarfi við félagsmálaráðuneytið. Lögfræðingur Alþjóðahúss segist hafa hitt átta fórnarlömb og telur þau fleiri.

**SAMFÉLAGSMÁL** Minnst tuttugu dæmi um mansal hafa komið upp hér á landi. Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur í Alþjóðahúsi, segist hafa hitt minnst átta fórnarlömb síðustu fjögur árin. Um falið vandamál sé að ræða og því megi búast við að fórnarlömbin séu enn fleiri.

Gerð var óformleg könnun á vinnufundi með fulltrúum frá Stígamótum, Kvennaathvarfinu, lögreglunni, Alþjóðahúsi, Ríkislögreglustjóra, Ríkissaksóknara, Félagsþjónustunni og sjálfstætt starfandi lögmanni og kom þar fram að flestir fundarmanna höfðu hitt frá sex og upp í tuttugu fórnarlömb mansals hver. Um einhverja skórun getur verið að ræða.

Margrét segir að birtingarmynd mansals geti verið með ýmsum hætti en fórnarlömbin eigi það öll sameiginlegt að flýja neyð og að bágar aðstæður þeirra séu misnotaðar. Í sumum tilvikum komi þau af fúsum og frjálsum vilja til landsins og gifting sé þeirra leið til að fá dvalarleyfi. Fórnarlömbunum sé oft stjórnað, þau ráði ekki yfir launum sínum og vegabréf hafi verið tekin af þeim.

Innanlandssvið Rauða krossins ætlar að kanna mansal á Íslandi og stefnir að því að gera það í samstarfi við stjórnvöld. Helga G. Halldórsdóttir, sviðsstjóri hjá Rauða krossinum, segir að ýmislegt bendi til að mansal fyrirfinnist á Íslandi eins og í öðrum löndum.

Umfang og eðli verði kannað fyrir árslok og sett verði upp aðgerðaáætlun um hvernig eigi að ná til þeirra verst stöddu.

„Við höfum áhuga á að fá mynd af því hvers eðlis þetta vandamál er og til að komast að því þurfum við að gera rannsókn. Ef mansal fer hér fram þá er eðlilegt að við könnum það,“ segir Helga og gerir ráð fyrir að sömu útgáfur af mansali finnist hér og þekkjast annars staðar.

Félagsmálaráðherra hefur skipað starfshóp sem á að fjalla um hvernig megi standa að gerð og framkvæmd heildstæðrar áætlunar gegn mansali á Íslandi.

ghs@frettabladid.is



GOTT Í GOGGINN Fálkinn lét hvorki bílaumferð né mannaferðir trufla sig á meðan hann gæddi sér á fýlnum góða. Fálkar leita oft ætis í Eyjum þegar hungrið sverfur að.

MYND/ÓSKAR

### Ósmeykur fálki í Eyjum: Fékk sér fýl í hádegisverð

**DÝRALÍF** Nokkrir Eyjamenn ráku upp stór augu þegar þeir sáu fálka gæða sér á fýl nálægt höfninni um hádegisbilið í gær. „Fálkinn á það nú til að koma hingað svona yfir háveturinn og ná sér í æti,“ segir Kristján Egilsson, forstöðumaður Náttúrugripasafns Vestmannaeyja. „Það er hins vegar nýlunda að hann láti sjá sig í byggðinni eins og hann hefur gert undanfarið. Það er mjög gaman að því að koma að honum þegar hann er með bráð því það er eins og hann gleymi sér alveg við átið og menn geta þá nálgast hann ótrúlega mikið og hann kippir sér ekkert upp við það þótt bílar fari hjá í lítilli fjarlægð.“

Kristján segir það þó alls ekki hættulaust fálkum að ráðast á fýl. „Ef fýllinn nær að spúa á hann þá fer nú klístrið þannig með vængina hjá honum að hann verður alveg ófleygur. Við höfum fengið allnokkra á safnið okkar sem hafa lent í því,“ segir hann.

-jse

Evrópska knattspyrnusambandið vill koma í veg fyrir skyndidauða leikmanna:

## Leikmenn gangist undir hjartaskoðun

**ÍPRÓTTIR** Frá og með keppnistímabilinu 2009 verður knattspyrnufélögum í efstu deild karla á Íslandi gert skylt að láta leikmenn sína gangast árlega undir ítarlega lækni- og hjarta-, æða- og blóðrannsókn. Áætlaður kostnaður skoðunarinnar er um 55 þúsund krónur á leikmann og því er ljóst að árlegur kostnaður félaga hér á

landi, sem hafa allt að 30 leikmenn í sínum hópi, er vel á aðra milljón króna.

Hinar hertu reglur taka mið af kröfum Knattspyrnusambands Evrópu, UEFA, sem vill uppræta með öllu svokallaðan skyndidauða knattspyrnumanna sem hefur aukist á síðustu árum. Í flestum tilvikum hefur orsök andlátsins verið leyndur hjartagalli eða

hjärtavöðvasjúkdómur sem hefði líklega verið hægt að koma auga á með tiltölulega einfaldri hjartaskoðun.

Áætlað er að nýjar reglur UEFA taki gildi frá og með næsta tímabili en KSÍ hefur verið veittur frestur til 2009 til að finna leiðir til að lækka kostnaðinn sem þær hafa í för með sér fyrir félögin.

- vig / sjá Sport í miðju blaðsins

Útsala Síðasti dagur! Opið 13-18

ÚTSÖLULOK

GÖTUMARKAÐUR

Bæklingur fylgir með blaðinu í dag

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000 www.sminor.is

Útsala Síðasti dagur! Opið 13-18 í dag

Kringlan



## SPURNING DAGSINS



Bjarni, er þér nokkuð illa við Egil?

„Nei, ég held að þetta hljóti nú að vera einhver misskilningur.“

Egill Helgason er einn vinsælasti sjónvarpsmaður landsins, nema á meðal framsóknarmanna, ef marka má könnun Fréttablaðsins. Bjarni Harðarson, þingmaður Framsóknarflokksins, er tíður gestur í Silfri Egils.



Á **ORGAN** Á skemmtistaðnum Organ var boðið upp á reykingar við barinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Reykingabannið í Reykjavík:

## Áminntir fyrir innireykingar

**LÖGREGLUMÁL** Fulltrúar heilbrigðis- og vinnueftirlits voru í gærkvöld og fyrrkvöld á ferðinni í miðborg Reykjavíkur og fylgdust með hvort brotið væri gegn reykingabanni á skemmtistöðum. Eigendur nokkurra staða þar sem reykt var fengu áminningu fyrir vikið.

Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu fengust þær upplýsingar í gærkvöld að lögregla hefði ekki haft sig sérstaklega í frammi vegna boðaðra brota á tobaksvarnarlögum á skemmtistöðum borgarinnar. Engar kæur hefðu borist þangað vegna meintra brota reykingamanna og kráareigenda.

- gar

Ódæði í Írak vekur óhug:

## Notuðu þroskaheftar konur

**ÍRAK, AP** Mikill óhugur og reiði ríkir meðal Írósku þjóðarinnar eftir að fréttir bárust þess efnis að hryðjuverkamenn í landinu hefðu notað tvær konur með Downs-heilkenni til að myrða um hundrað manns í sprengjuárás á tveimur gæluþráðum.

Árásirnar eru þær mannskæðustu sem gerðar hefur verið í landinu frá því að fjölgað var í herliði Bandaríkjamanna þar síðasta vor.

- sh

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins:

## Segir flokkinn hafa beðið hnekki

**STJÓRNMÁL** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og varaformaður Sjálfstæðisflokksins, sagði á fundi flokksmanna sem haldinn var í Valhöll í gær að flokkurinn sem og stjórn málin almennt hefðu beðið nokkurn hnekki undanfarið.

„Ég tel að við höfum tímabundið beðið hnekki vegna atburðanna undanfarið,“ segir hún við Fréttablaðið. „Ekki aðeins við í Sjálfstæðisflokknum heldur einnig ímynd stjórnmalanna í heild. Yfirbragðið yfir borgarmálunum hefur verið með þeim hætti að fólk virðist hafa misst trúna að nokkru leyti og við fáum einna

mest að súpa seyðið af því. En þó er tími fyrir mjög mikla bjartsýni núna þegar athyglin færast frekar yfir á málefnið en við erum von því að láta verkin tala eins og við höfum þegar sýnt í borginni.“

Hún gagnrýnir einnig fráfarandi meirihluta fyrir aðgerðaleyfi. „Við í ríkisstjórninni þurftum enga 100 daga til að fara í mjög viðamiklar aðgerðir eins og til dæmis að samþykkja áætlunargerð vegna hafnar, til að samþykkja breytingar á löggjöfinni varðandi útlendinga og breytingar á stjórnarráðinu sem búið var að tala um í áratugi. Þetta gerðum við á innan við fimmtíu dögum svo það er margt hægt að



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Varaformaðurinn segir að Sjálfstæðisflokkurinn sem og mynd stjórnmalanna í heild hafa beðið hnekki.

gera ef viljinn og hugmyndafræðin eru fyrir hendi en svo virðist ekki hafa verið hjá fráfarandi meirihluta sem talaði mikið en gerði akkúrat ekki neitt.“

- jse

Baráttan hafin í Rússlandi:

## Medvedev talinn líklegastur

**RÚSSLAND, AP** Kosningabaráttan í Rússlandi hófst formlega í gær en gengið verður til kosninga 2. mars. Í framboði eru Dmitry Medvedev aðstoðarforsætisráðherra, Gennady Zyuganov, formaður Kommúnistaflokksins, Vladimir Zhirinovskiy, leiðtogi Frjálslyndra demókrata og Andrei Bogdanov, leiðtogi Demókrataflokksins.

Vladimir Putin núverandi forseti má ekki bjóða sig fram aftur.

Hann hefur hins vegar lýst yfir stuðningi við Dimitry Medvedev sem þykir líklegastur til að fara með sigur af hólmi. -rt

# Byggt við Kringluna yfir götuna til vesturs

Framkvæmdastjóri Kringlunnar segir fyrirhugað að stækka verslunarmiðstöðina mjög mikið til vesturs yfir götuna. Geysimikil ásókn sé í verslunarrými í Kringlunni. Ör meirihlutaskipti í borgarsjórn hafi tafið afgreiðslu málsins.

**SKIPULAGSMÁL** Stækka á Kringluna yfir götuna til vesturs á svokallaðan Morgunblaðsreit.

„Þessi stækkun er fyrirhuguð þannig að það verði framhald af húsinu í vestur,“ segir Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar.

Að sögn Sigurjóns liggja nú fyrir hjá borgaryfirvöldum tillögur um nýtt deiliskipulag á reitnum þar sem Morgunblaðshúsið, Sjóvá og Hús verslunarinnar standa. Hann segir að nú sé þess beðið að borgin komist að niðurstöðu í málinu.

„Við höfum beðið talsvert eftir því fá niðurstöðu hjá borginni. Það hefur ekki hjálpað til þessi öra skipting á meirihluta. Við, eins og eflaust margir aðrir, erum að verða fyrir miklum seinangangi á okkar málum,“ segir Sigurjón.

Framkvæmdastjórinn segist lítið vilja upplýsa að svo stöddu um hvernig nýja viðbyggingin verður útfærð. Núverandi stærð Kringlunnar er um 53 þúsund fermetrar. Sigurjón segir að þótt sú tala verði ekki tvöfölduð með viðbyggingunni verði stækkunin engu að síður veruleg. Hann kveðst síður en svo óttast að stækkunin verði ómikil.

„Ég held að þetta sé sá staður í borginni sem hægt er að horfa til eðlilegs framhalds á uppbyggingu á verslunarsvæðinu. Það er miklu meiri ásókn inn í húsið hjá okkur en við getum nokkurn tíma orðið við þannig að við kvíðum engu. Ef við myndum setja saman lista yfir þá sem eru áhugasamir um að komast inn með sínar verslanir þá



**KRINGLAN** Viðbygging á að ná frá vesturhlíð Kringlunnar og yfir á reitinn þar sem Sjóvá og Morgunblaðshúsið gamla standa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SIGURJÓN ÖRN ÞÓRSSON



erum við komnir langt með að fylla það sem við fyrirhugum að bæta við,“ segir Sigurjón.

Landic Property, sem er að meðal annars í eigu Baugs og Ingibjargar Pálmadóttur, á um 75 prósent í Kringlunni. Sigurjón segir

að ásamt SPRON eigi Landic Property þær lóðir sem nýja deiliskipulagstillagan nái til. Fáist hún samþykkt taki við um eins árs hönnunartími og síðan um þriggja ára framkvæmdatími við nýju viðbygginguna

. gar@frettabladid.is

Ragnheiður Ríkarðsdóttir:

## Gagnrýnir borgarfulltrúa

**STJÓRNMÁL** „Það ætti að vera umhugsunarefni fyrir alla borgarfulltrúana í Reykjavík af hverju



**RAGNHEIÐUR RÍKARÐSDÓTTIR**

þeir láta meirihluta borgarinn standa og falla með einum manni,“ segir Ragnheiður Ríkarðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks og fyrrverandi bæjarstjóri í Mosfellsbæ. „Af hverju koma þeir

sér ekki upp stærri og sterkari meirihluta? Ég hefði kosið að Sjálfstæðisflokkurinn hefði myndað sterkari meirihluta en þeir hafa gert, það hefði verið vænlegra fyrir borgina.“

Hún segir horfa öðruvísi við í borginni sem er með 15 borgarfulltrúa en í bæjarstjórn Mosfellsbæjar með sjö fulltrúa en þar var hún í eins manns meirihluta.

- jse

Umferðarteppa í Smáralind:

## Þrjú korter að komast burt

**UMFERÐ** Mikil umferðarstífla myndaðist í gær við lokun Smáralindar klukkan sex.

Ökumenn voru í allt að þrjú korter að komast frá byggingunni. Ástæða umferðarteppunnar er sú að aðeins ein akrein er nú opin til austurs frá Smáralind á meðan verið er að tengja bílastæði Smáralindar við bílahús nýja háhýsisins á Smáratorgi með brú. Stíflan myndaðist rétt fyrir lokun verslunarmiðstöðvarinnar þegar flestum bílunum var einmitt stefnt í austurtt frá byggingunni. Margir voru orðnir nokkuð úrillir þegar loksins leystist úr hnútnum upp úr klukkan hálf sjö. Vonast er til að brúarframkvæmdunum ljúki innan tíðar.

- gar

Tölur Fiskistofu um útflutning á ónunnum fiski:

## Meira flutt út af ónunnum fiski

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningur á ónunni ýsu hefur aukist um rúm 1.400 tonn eða sem nemur 32 prósentum á fjórum fyrstu mánuðum þessa fiskveiðisárs miðað við sama tímabil í fyrra. Útflutningur á ónunnum þorski hefur á sama tímabili aukist um 674 tonn eða sem nemur 13 prósentum.

Gunnar Bragi Guðmundsson, formaður Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda, segir afnám kvótaálagsins í byrjun þessa fiskveiðisárs helstu skýringuna á þessu. Álagið virkaði þannig að tíu prósentu aukakvóti dróst af heildarkvóta fyrirtekja þegar þau fluttu afurðina út ónunna.

„Það er alveg rétt að útflutningur á ónunnum fiski hefur aukist á þessum fyrstu mánuðum fiskveiðisársins sé miðað við sama tímabil í fyrra,“ segir Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. „En ef þetta er skoðað í stærra samhengi til dæmis frá árinu 2005 blasir önnur mynd við. Þá sést að útflutningur á ónunnum þorski hefur aðeins aukist um tvo hundruð tonn. Aukningin skýrist nánast að öllu leyti með auknum útflutningi á ónunni ýsu. Ég tel að meginskýringin á því sé sú að ýsuafllinn hefur aukist í kjölfar niðurskurðar í þorski og það



**LÖNDUN HJÁ FARSÆLI Í GRINDAVÍK** Deilt er um það hvað valdi auknum útflutningi á ónunnum fiski.



**EINAR K. GUÐFINNSSON**

eigi meiri þátt í þessu en afnám kvótaálagsins.“ Gunnar Bragi gefur lítið fyrir þessi rök Einars. „Það er ekki góð tölfræði að miða við árið 2005 en þá hafði dregið verulega úr útflutningi á ónunnum fiski einmitt vegna kvótaálagsins. En sér Einar ekki hvað er að gerast nú þegar það hefur verið lagt af?“ segir hann.

- jse

AIR FRANCE, KLM

frábær verð um veröldina  
- bókaðu í dag!

Kairó frá ISK 68.900  
Dubai frá ISK 85.400  
Bankok frá ISK 101.500  
Manila frá ISK 110.700

kimiceland.is

The Reliable Airline **KLM** **KLM**  
Royal Dutch Airlines

Verð eru flug fram og til baka frá Reykjavík (4 flug á viku) og fela í sér þjónustugjafi, skatta og flugvallargjöld. Einn smellur á [www.kimiceland.is](http://www.kimiceland.is) fyrir besta miðaverðið, bókun á netinu, upplýsingar um flug, flugpunkta og þar fram eftir götunum. Rafræn miðkaup gera ferðalagið þitt auðveldara.





# KRAFTMIKIL OG HRÍFANDI FEGURÐ!

## Hluti af staðalbúnaði:

- Dísil 186 hö vél / 402 Nm. 1600-3000 rpm
- 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírur aftur á bak
- Sjálfstæð fjöðrun á öllum hjólum
- Brettakantar / Gangbretti
- Sjálvvirk tölvustýrð miðstöð / Loftkæling A/C
- Aðgerðarstýri fyrir skiptingu / útvarp og CD
- USB tengi í mælaborði fyrir MP3 spilara
- Hiti í speglum, framrúðu og í sætum
- Linsuaðalljós / Þokuljós / Þakbogar
- Leðurveltistýri og leðurgírstöng
- ESP Stöðugleikakerfi og Spólvörn
- Cruise Control / Hraðastillir
- Litaðar rúður og 8 hátalarar



- 7 manna lúxus leðurinnrétting með rafmagni og minni fyrir sætastillingar.

Fullbúinn sjö manna sjálfskiptur  
REXTON með leðursætum.  
**5.390.000,-**

Fullbúinn sjö manna sjálfskiptur  
REXTON með tausætum.  
**4.990.000,-**



- Bygður á 3 faldri C-bitagrind með sjálfstæða fjöðrun á öllum hjólum



GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	64,52 64,82
Sterlingspund	128,43 129,05
Evra	95,97 96,51
Dönsk króna	12,873 12,949
Norsk króna	11,957 12,027
Sænsk króna	10,139 10,199
Japanskt jen	0,6062 0,6098

SDR	102,83	103,45
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
126,1138		
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Frakklandsforseti kvæntist fyrirsætunni Carla Bruni:

# Innileg og látlaus athöfn

**PARÍS, AP** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti kvæntist í gær ástkonu sinni, söngkonunni og fyrrverandi tískufyrirsætunni Cörlu Bruni, á heimili sínu í Elysee-höllinni í París. Aðeins nánir aðstandendur og vinir voru viðstaddir. Francois Lebel, borgarstjóri Parísar, gaf þau saman og sagði hann athöfnina hafa verið látlaus og innilega.

Sarkozy og Bruni kynntust í nóvember þegar hann var nýskilinn við seinni konu sína Ceciliu. Samband þeirra hefur hlotið mikla athygli frönsku þjóðarinnar sem á því ekki að venjast að forsetarnir opinberri ástalíf sitt.

Sarkozy er 53 ára og á þrjú börn frá fyrri hjónaböndum og á Bruni einn son frá hjónabandi sínu og heimspekingsins Raphaels Entoven.

Bruni er fædd árið 1967 og flutti sem barn til Frakklands með foreldrum sínum, auðkífingnum og tónskáldinu Alberto Bruni og píanóleikaranum Marysu Borini.

Fyrirsætufélag Cörlu Bruni hófst strax á táningsaldri og hefur hún átt í samböndum við fjölda frægra manna eins og Eric Clapton, Mick Jagger og Donald Trump. Hún gaf út sína fyrstu hljómplötu árið 2002.



**HAMINGJUSÖM HJÓN** Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti og Carla Bruni ásamt syni hennar. Ekki hafa verið birtar myndir úr athöfninni.

## Breskir þingmenn: Skipað að gefa upp ættingja

**BRETLAND, AP** Breskir þingmenn þurfa nú að gefa upp hve marga ættingja sína þeir eru með á launaskrá.

Gordon Brown forsætisráðherra fór fram á að þingmenn Verkamannaflokksins gerðu þetta opinbert eftir að David Cameron, leiðtogi Íhaldsflokksins, skýrði frá því að ekki færri en 70 af þingmönnum þess flokks hefðu ráðið ættingja sína í vinnu.

Gagnrýnin hófst eftir að Derek Conway, þingmaður Íhaldsflokksins, viðurkenndi að hafa greitt syni sínum 50 þúsund pund fyrir rannsóknarstörf, þótt sonurinn væri í fullu námi í Newcastle.



**HELLISHEIDARVIRKJUN** Orkuveitan þarfr nýja lögn til byggða.

Framkvæmdleyfi fyrir OR:

## Hellisheiðaræð ekki samþykkt

**SKIPULAGSMÁL** Orkuveita Reykjavíkur hefur enn ekki fengið framkvæmdaleyfi fyrir svokallaða Hellisheiðaræð frá Hellisheiðarvirkjun að miðlunargeymum Orkuveitunnar á Reynisvatnsheiði.

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar segir að þar sem aðalskipulagsbreyting, sem geri ráð fyrir lögninni, sé enn í afgreiðsluferli sé ekki unnt að veita framkvæmdaleyfið. Um 7,3 kílómetrar af lögninni verða í landi Mosfellsbæjar og hefur skipulagsnefndin falið starfsmönnum bæjarins að ræða við önnur hlutaðeigandi sveitarfélög um væntanlega málsmeðferð við veitingu framkvæmdaleyfis og eftirlit með verkefninu.

Verslanir á Írlandi:

## Plastpokar ekki lengur notaðir

**ÍRLAND** Plastpokar eru ekki lengur notaðir við innkaupin í verslunarvenjum á Írlandi. Eða svo gott sem.

Eftir að írski stjórnin ákvað að leggja skatt á plastpoka, sem nemur um það bil tuttugu krónum á hvern poka, og jafnframt banna verslunareigendum að greiða skattinn fyrir neytendur, varð mikil vakning og á nokkrum vikum hafa Írar útvegað sér taupoka sem þeir hafa jafnan með sér í verslanir.



**BÖRNIN BÍÐA MATAR** Heimilislaus börn á lögreglustöðinni í Limuru fengu mat frá hjálparstofnunum.

# Glæpaklíkur knýja áfram ofbeldið

Múgæsing leiddi til morðs á lögreglumanni í Keníu. Tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa verið myrtir og almenningur segir stjórnvöld bera ábyrgðina.

**KENÍA, AP** Átökin í Keníu náðu hámarki nú fyrir helgina. Tveir þingmenn stjórnarandstöðunnar voru myrtir í síðustu viku og á föstudaginn varð óður múgur, vopnaður boga og örvum, spjótum og sveðjum, níu manns að bana, þar á meðal einum lögreglumanni.

Átökin, sem hófust strax í kjölfar kosninganna 27. desember síðastliðinn, snúast að grunni til um niðurstöðutölur þeirra, sem Raila Odinga, einn helsti leiðtogi stjórnarandstöðunnar, segir hafa verið falsaðar. Mwai Kibaki forseti hafi því ekki haft neinar forsendur til að lýsa yfir sigri.

Fljótlega snerust átökin þó upp í átök milli ættbálka, þar sem hinn valdamikli Kikuyu-ættbálkur, sem Kibaki forseti tilheyrir, á í útistöðum við flesta aðra ættbálka landsins.

Ofbeldið virðist hins vegar einkum skrifast á

reikning smærri glæpahópa, og stórtækust þar hefur Mungiki-klíkan verið. Mungiki eru samtök skipuð Kikuyu-mönnum sem voru upphaflega eins konar sértrúarsöfnuður en hafa árum saman verið til vandræða.

Önnur klíka nefnir sig talibana. Þetta eru Luomenn, stuðningsmenn Raila Odingas. Nafnið völdu þeir sér líklega frekar vegna þeirrar ógnar sem af því stafar heldur en vegna trúarlegra öfga afgönsku múslímanna sem einnig ganga undir þessu heiti.

Á föstudaginn undirrituðu fulltrúar Odingas og Kibakis samkomulag um að stöðva ofbeldið. Samkomulagið er í fjórum liðum og felur í sér verkefni bæði til skamms tíma og til langframa.

Þeir Kofi Annan og Ban ki-Moon, fyrrverandi og núverandi framkvæmdastjórn Sameinuðu þjóðanna, áttu hlut að því að miðla málum.



**JOSE LUIS ZAPATERO** Forsætisráðherra Spánar ósáttur við inngríp kirkjunnar.

## Kaþólskir biskupar á Spáni: Segja fólki að kjósa kristilega

**SPÁNN, AP** Kaþólskir biskupar á Spáni hafa hvatt fólk til að kjósa ekki flokka sem hafa stutt það að samkynhneigðir geti gengið í hjónaband.

Biskuparnir hvetja fólk einnig til að kjósa ekki flokka sem vilja ganga til samninga við aðskilnaðarsinna, sem stundað hafa opinbera baráttu gegn stjórnvöldum.

Sósíalistaflokkurinn, sem fer með stjórnina á Spáni, gagnrýnir biskupana fyrir þetta inngríp kirkjunnar í kosningabaráttuna. Þingkosningar verða haldnar á Spáni í næsta mánuði.

Fundur mestu mengunarríkja:

## Aukinn samstarfsvilji BNA

**BANDARÍKIN, AP** Vikulöngum fundi sextán mestu mengunarríkja heims lauk í Bandaríkjunum í fyrradag án þess að tekist hefði að setja skýr markmið um hvernig draga mætti úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Þátttakendur hrósuðu þó auknum vilja bandarískra stjórnvalda til að ræða mögulegar lausnir.

Tillaga Evrópusambandsins um að iðnvædd ríki dragi úr útblæstri um 25 til 40 prósent var ekki rædd. Tillagan var helsta bitbeini á loftslagsráðstefnunni í Balí í desember vegna andstöðu Bandaríkjanna.

NÓATÚN

MIKIÐ ÚRVAL AF SALTJÖTI Í NÓATÚNI

Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Dvinandi frost.** Kuldinn er að gefa eftir, og lægðir með hlýtt loft komast nálægt landinu næstu daga. Kalda loftið hörfar því og það hlýja nær landi. Þó verður ekki frostlaus á landinu – en tveggja stafa frostölurnar verða sjaldgæfari. Það má líka búast við strekkingi víða um land, sem er algengt í svona átökum á milli kulda og hlýnda. Úrkoma verður bundin við norður- og austurlandið næstu daga.

**REYKJAVÍK Í DAG:** NA-átt, bjart og frost 3-6 stig.

### VEÐURSPÁ

**um hádegi >>**

**á morgun >>**

Hvöss norðanútt um allt land >> Þriðjudagur

Breytileg átt víða 10-15m/s

um hádegi >>		um hádegi >>	
Kaupmannahöfn	4°C rigning	London	7°C rigning
Billund	6°C rigning	París	5°C bjart
Osló	3°C rigning	Frankfurt	4°C skýjað
Stokkhölmur	6°C rigning	Friedrichshafen	3°C skúrir
Gautaborg	4°C rigning	Berlín	4°C skúrir
		Eindhoven	4°C rigning
		Basel	2°C skúrir
		Alicante	16°C skúrir
		Róm	14°C bjart
		Las Palmas	19°C skúrir

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# 50%

afsláttur  
af rjómobollum í dag!



Nú verður bollukaffi!

Gildir 3. febrúar á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð





Ert þú farin(n) að skipuleggja sumarfríð?

Já 40%  
Nei 60%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ert þú bjartsýn(n) á efnahags-horfur á Íslandi?

Segðu skoðun þína á visir.is.



Hæstiréttur staðfestir dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir Jóni Péturssyni:

# Fimm ár fyrir nauðgun og barsmíðar

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest fimm ára fangelsisdóm yfir Jóni Péturssyni fyrir nauðgun, frelsissviptingu og líkamsárás.

Jón, sem er á sextugsaldri, hélt þáverandi sambýliskonu sinni nauðgri í íbúð þeirra í tæpan sólarhring í desember 2006. Hann barði hana ítrekað, meðal annars með krepptum hnefa, kjötexi og búrhníf, og nauðgaði henni.

Fyrir dómi kvað verjandi Jóns hann vera ósakhæfan, og því ætti að sýkna hann. Hann hefði lent í slysi árið 1999 sem leiddi til framheilaskaða, og vegna þess hefði hann ekki getað stjórnað gerðum sínum daginn sem brotin voru framin. Tveir sérfræðingar voru

## DÆMDUR ÁÐUR FYRIR SVIPAD BROT

- Jón var dæmdur í fimm ára fangelsi í október 2006 fyrir sambærilegt brot.
- Hann hélt þáverandi sambýliskonu sinni nauðgri í íbúð þeirra í hálfan sólarhring í febrúar 2006, barði hana ítrekað og nauðgaði henni þrisvar.

- Hann beið þess að dómur í málinu félli í Hæstarétti þegar hann framdi síðari brotin.
- Hann hóf afplánun fyrir fyrri brotin í apríl á síðasta ári, og er á Litla-Hrauni í dag.

dómkvaddir til að meta hvort Jón hefði orðið fyrir framheilaskaða, og hvort það hefði áhrif á sakhæfi hans. Þeir fundu engin merki um slíkan skaða, og töldu uppsöfnuð áhrif af langvarandi áfengisneyslu líklegri skýringu á hegðun hans.

Sýknukröfu Jóns var því hafnað fyrir Hæstarétti. Fimm ára fangelsisdómur, sem féll í Héraðsdómi Reykjavíkur í júní í fyrra, var staðfestur. Hann skal einnig greiða konunni eina og hálf milljón í skaðabætur með vöxtum, og allan málskostnað.

Nýjungar hjá Nova:

# Frí notkun að 2.000 krónum

**FIARSKIPTI** Símafyrirtækið Nova hefur bjóða nýjum viðskiptavinum sínum með 3G farsíma, fría notkun upp að tvö þúsund krónum á mánuði í eitt ár.

Auk þess verður frítt fyrir alla viðskiptavinum Nova að nota netið í farsímanum til 1. júní 2008.

„Það er kominn tími á virka samkeppni á farsímamarkaði,” segir Liv Bergþórsdóttir framkvæmdastjóri Nova, í tilkynningu frá félaginu.

Samkvæmt tilkynningunni gæti notandi 3G farsíma greitt allt að 24 þúsund krónum minna fyrir farsímanotkun á ári.

**GÖTUMARKAÐUR**  
LAUGAVEGI 91  
Í DAG SUNNUDAG, KL. 13-18  
**VERÐHRUN**  
...á fatnaði, skóm og fylgihlutum

**galleri**  
laugavegi 91

CENTRUM eva gs skór galleri sauftján

**Rjómbolla**  
& heitur drykkur

**275,-**

**IKEA FOOD**

**STIGAR OG HANDRIÐ ÚR GLERI OG STÁLI**



**ÚTI SEM INNI**

**ATLANTSKAUP** Upplýsingar á [www.atlantskaup.is](http://www.atlantskaup.is)  
Atlantskaup ehf. Bæjarflöt 6,112 Reykjavík S: 533 3700

# Telur Samfylkinguna skapa óvissu í Brussel

Bjarni Benediktsson segir endurteknar yfirlýsingar samfylkingarfólks um Evrópumál vekja efasemdir á alþjóðavettvangi um stefnu Íslands í málaflokknum. Árni Páll Arnason segir sjónarmið stjórnarflokkanna einfaldlega ólík.

**STJÓRNMÁL** Í Brussel er nú spurt hvort stefnubreytinga í Evrópumálum sé að vænta af hálfu Íslands. Ástæðan er endurteknar yfirlýsingar samfylkingarfólks um að hagsmunum Íslands væri betur borgið innan Evrópusambandsins en utan. Þetta segir Bjarni Benediktsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður utanríkismálanefndar Alþingis. „Stanslaust tal Samfylkingarinnar um að aðild væri betri kostur er farið að skjóta rötum í Brussel þar sem menn spyrja hvort stefnubreytinga sé að vænta. Það finnst mér ekki sniðugt,” segir Bjarni sem kveður mikilvægt að Íslendingar séu trúverðugir í umræðum um Evrópumál.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON



BJARNI BENE-DIKTSSON

Hann telur mikilvægara að halda fram þeirri skýru stefnu Íslands að byggja Evrópusamstarfið á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið heldur en að fram fari „opin og fordómalaus umræða um Evrópumál,” líkt og samfylkingarmenn hafi ítrekað sagt. „Slík umræða fer fram og hana hindrar enginn,” segir Bjarni.

Árni Páll Arnason, þingmaður Samfylkingarinnar og varaformaður utanríkismálanefndar, segir stefnu ríkisstjórnarinnar ljósa en jafnframt sé ljóst að stjórnarflokkarnir hafi ólíka stefnu í Evrópumálum. Samfylkingin telji einfaldlega að Íslandi væri betur borgið innan ESB en



ATKVÆÐI GREIDD Bjarni Benediktsson telur yfirlýsingar samfylkingarfólks um Evrópumál óvarlegar enda veki þær óþarfa vangaveltur í Brussel. Árni Páll Arnason telur áhyggjur Bjarna óþarfar.

## OPINSKÁ UMRÆÐA UM EVRÓPUMÁL

**Úr stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar:** Ríki Evrópusambandsins eru mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur reynt þjóðinni vel og hann er ein af grunnstöðum öflugs efnahagslífs þjóðarinnar. Skýrsla Evrópunefndar verði grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendinga verði í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu. Komandi verði á fót föstum samráðsvettvangi stjórnarmálaflokka á Alþingi sem fylgist með þróun mála í Evrópu og leggi mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Nefndin hafi samráð við innlenda sérfræðinga og hagsmunaaðila eftir þörfum.

um leið virði flokkurinn stjórnarsáttmálann þar sem ekki sé gert ráð fyrir aðild á kjörtímabilinu.

Árni Páll deilir ekki áhyggjum með Bjarna Benediktssyni um að yfirlýsingar samfylkingarfólks séu til sérstaks trafala í Brussel en kveðst engu að síður vita að þar sé fylgst grannt með umræðum á Íslandi. „Þó ég viðurkenni áhrifmátt Samfylkingarinnar tala margir aðrir um Evrópumál og Evrópusambandið. Við skulum ekki gleyma hvernig utanríkisráð-

herrar Framsóknarflokksins hafa talað á undanförunum árum og hvernig talað er innan Samtaka atvinnulífsins,” segir Árni Páll. Eftir því sé tekið ytra.

Aukinheldur bendir Árni Páll á að svipuð staða sé uppi í Noregi þar sem forsætisráðherrann og flokkur hans, Verkamannaflokkurinn, vilji ganga í Evrópusambandið en slíkt sé ekki stefna ríkisstjórnarinnar vegna andstöðu samstarfsflokka.

[bjorn@frettabladid.is](mailto:bjorn@frettabladid.is)

# Uppreisnarmenn umkringdu í gær konungshöllina í höfuðborg Tsjad og forsetann: N'djamena á valdi uppreisnarmanna

**TSJAD, AP** Uppreisnarmenn í Afríkurlíkinu Tsjad náðu í gær valdi á höfuðborg landsins, N'djamena, eftir blóðug átök við stjórnarherinn. Uppreisnarmennirnir umkringdu konungshöllina þar sem forseti landsins, Idriss Deby Itno, var innandyra.

Heyra mátti mikinn vopnagný viðsvegar í borginni fram eftir degi eftir að þúsundir uppreisnarmanna réðust til atlögu gegn hermönnum stjórnarhersins.

Þeir náðu völdum eftir að hafa umkringgt konungshöllina. Abakar Tollimi, talsmaður uppreisnarmanna, sagði í samtali við fréttastofur að Deby forseta væri frjálst að yfirgefa höllina ef hann óskaði þess. Það hafði hann hins vegar ekki gert í gærkvöldi.

Frakkar og Bandaríkjamenn skipuðu ríkisborgurum sínum að halda til tiltekinna hluta N'djamena og búa sig undir að fara úr landi hið fyrsta. Síðar um daginn drógu Frakkar tilskipunina til baka og vörðu þegna sína við að fara úr húsi. Þá lýsti Afríkurláðið yfir miklum áhyggjum af



FORSETINN Idriss Deby Itno, forseti Tsjad, veifar til stuðningsmanna sinna eftir síðustu kosningar í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ / AP

þróun mála í landinu. Til stóð að friðargæsluliðar frá Evrópusambandinu færu til Tsjad á næstu dögum og freistuðu þess að að hemja átökin, sem orsakast af einhverju leyti af átökunum í Darfur-héraði í nágrannaríkinu Súdan.

- st



**BONUS BONUS BONUS BONUS**

# Ný Bónusverslun á Fiskislóð



Rauðvínslegið lambalæri 50% afsláttur  
**998 kr/kg.** Merkt verð 1999 kr.



Ferskur lambabógur **499 kr/kg.**

## OPNUNARTILBOÐ Á FISKISLÓÐ



Myllu möndlukaka  
420 gr **98 kr.**



Ferskt lambafillet **1999 kr/kg.**



Bónus ís súkkulaði og vanillu  
**1 ltr. 59 kr.**



Bónus ferskar kjúklingabringur **1399 kr/kg.**



Fanta 2 lítrar  
**59 kr.**



Ali ferskur svínabógur  
**499 kr/kg.**



Bónus ferskur heill kryddaður kjúklingur  
**Aðeins 298 kr/kg.**



Coke í dós  
33 cl **29 kr.**

## FJÖLDI OPNUNARTILBOÐA

AÐEINS Í VERSLUN BÓNUS Á FISKISLÓÐ

# BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: SUNNUGA 12.00-18.00



Vindar blása í allar áttir í stjórnámálum:

## Kuldásamur vetur

SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins hafði rétt fyrir sér í gær þegar hún sagði að stjórnmalaflokkar eigi ekki að stjórna starfi sínu í takt við skoðanakannanir. Stundum þurfa stjórnmalamenn að gera áhlaup; taka ákvarðanir sem þeir trú á að séu þjóð og kjósendum til heilla, ákvarðanir sem eru í samræmi við sannfæringu sína, þrátt fyrir að þær séu jafnframt líklegar til óvinsælda. Þá er sannfæringin betri leiðarvísir en skoðanakannanir.

Skoðanakannanir gefa mynd af ástandi og ná jafnvel að grípa hugarvél þeirra sem verið er að kanna. Þannig er hægt að nota kannanir til að fylgjast með því hvort kjósendur telji stjórnmalaflokka vera á réttari leið eða rangri. Hvað stjórnmalamennirnir svo gera við þær upplýsingar er þeirra sjálfrá að ákveða. Skoðanakannanir geta einnig verið þrýðis staðfesting á því að innanhússmeini stjórnmalaflokka fara ekki fram hjá kjósendum.

Í borginni hafa þrjár listar af fimm átt við mikil innanhússmeini og deilur. Hvort sem lítið er til skoðanakönnunar Fréttablaðsins eða Gallup frá því að borgarstjórnarmeirihlutinn sprakk, eru það sömu þrjár flokkarnir sem fá að gjalda þess í könnunum; Framsóknarflokkur, Frjálslynda flokkurinn og óháðir og Sjálfstæðisflokkur. Innan sömu þriggja flokka er mikil barátta um næsta leiðtoga.

Það þarf ekki útlærða stjórnmalaspekinga til að átta sig á að kjósendur treysta síður stjórnmalaflokkum sem ekki hafa sín mál í lagi. Kjósendur vilja ekki horfa upp á flokksdeilur líkt og geysuðu milli Guðjóns Ólafs Jónssonar og Björns Inga Hrafnssonar. Þó svo aðeins annar þeirra hafi verið í borgarmálunum var það sá sem þekktari var og því munu þessar „persónulegu deilur“, eins og formaður þeirra orðaði það á svo óskiljanlegan hátt, hafa áhrif á fylgi flokksins í borginni. Þessar deilur höfðu ekkert með borgina að gera og lítið með hver sagði hvað fyrir löngu liðnar kosningar. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir að Guðni verði lengi formaður og baráttan um sætið hans er hafin.

Kjósendur vilja heldur ekki horfa upp á flokksdeilur og innanhússátök eins og áttu sér stað innan Sjálfstæðisflokksins í borginni. Sjálfstæðisflokkurinn á enn eftir að sýna fram á að hann sé heill, flokksdeilurnar séu niðurlagðar og fyrirgefna. Það er annars vegar „unga fólk“ sem var í uppreisninni gegn Vilhjálm. Nú er talað um Gísla Marteín og Hönnu Birnu gegn Vilhjálm og Kjartani. Ekki er gert ráð fyrir að Vilhjálmur endist lengi í pólitík og geta átökin innan flokksins orðið enn harkalegri í kapphlaupinu um oddvitasætið.

Þá er klofningur innan F-listans aldeilis óleystur og verður svo út kjörtímabilið. Sá klofningur nær út fyrir Reykjavík því ekki er það einungis þannig að F-listinn í Reykjavík skiptist á milli meirihluta og minnihluta í borgarstjórn, heldur tala núverandi og fyrrverandi þingmenn frjálslyndra í kross. Nokkrir vilja eigna sér Ólaf F. með húð og hári. Aðrir segja nýjan borgarstjóra ekkert tengjast flokknum og vilja enga ábyrgð á honum taka. Flækjast málin allverulega þegar núverandi formaður Frjálslynda flokksins og fyrrverandi formaður Nýs afls eru þeir sem tala þvers og kruss og eru lýsandi fyrir enn frekari deilur innan flokksins.

Átök um stjórnmal og völd eru eðlileg innan hvers stjórnmalaflokks. En leiðtogar og aðrir liðsmenn stjórnmalaflokka þriggja ættu kannski að ihuga hvers vegna það eru Samfylking og Vinstri græn sem ekki tapa á uppstökkuninni í Reykjavík. Það er ekki bara að kjósendur séu mótfallnir nýjum meirihluta í Reykjavík og séu að refsa Sjálfstæðisflokki og Frjálslynda flokknum fyrir að mynda nýjan meirihluta.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

**FRÉTTABLAÐIÐ** ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## Bolludagsbragðið



Fáðu þér rjóma inn á milli

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Rúllandi staksteinar

Almannatengslafélag Íslands var í heimsókn hjá Morgunblaðsmönnum fyrir skömmu. Styrmir Gunnarsson ritstjóri ávarpaði hópinn en í máli hans kom fram að hann hygðist standa upp úr ritstjórstóli í október næstkomandi. Ætli það standi þá nokkuð steinn yfir staksteini í nóvember næstkomandi?



#### Arnbjörg dagskrárstjóri?

Reyndar voru staksteinar mjög krassandi í gær en þar sagði

frá ólgu í Sjálfstæðisflokknum þar sem Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður þingflokksins, vildi geta ákveðið hvern þingmenn flokksins tækju þátt í umræðum á þingi og jafnvel stýrt því hverjir tækju til máls. Átti að hafi skorist í odda milli formannsins og Ragnheiðar Ríkarðsdóttur sem sætti sig ekki við slíkt fyrirkomulag.

#### Arnbjörg eða andstaðan?

Þegar Ragnheiður var svo spurð út í þessa ólgu sagði hún þetta hreinasta bull og vissi ekki hvaðan staksteinar hefðu þetta. Hún hefði aldrei háð neina rímmu við Arnbjörg um þessi mál. „Ég myndi

ekki vera í flokki sem hefði slíkt fyrirkomulag,” sagði hún í samtali við Fréttablaðið. Hún var hins vegar hin hressasta með umræðurnar á þingi eftir að breytingar voru gerðar á þingsköpum. Sagði hún umræðuna snarpari og skemmtilegri nú. Mætti þá ekki segja að það hafi verið stjórnarandstaðan, með málþófi sínu, en ekki Arnbjörg sem réði því hvað hún fékk lítið að tala.



lse@frettabladid.is

### BITBEIN Valgerður Sverrisdóttir spyr:

## Er nóg gert með mótvægisáðgerðum?



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

### Verður að setja meiri kraft

Ríkisstjórnin ákvað á síðasta sumri að þorskveiðar skyldu dregnar saman um þriðjung. Þetta var í samræmi við tillögu Hafrannsóknastofnunar. Veidda má 130 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. Þingflokkur framsóknarmanna lagði til að veidd yrðu 150 þúsund tonn að hámarki og studdist m.a. við niðurstöður og tillögur Norður-Atlantshafsfiskveiðiráðsins. Tillagan var sett fram að vel yfirveguðu ráði og rökun m.a. þau að margir óvissuþættir væru til grundvallar tillögu Hafrannsóknastofnunar. Með því að fara svo langt niður í afla væri tekin mikil áhætta á frekara brottkasti. Einnig að markaðir sem unnist hafa af þrautseigju væru settir í hættu og að sýnt þætti að sjávarbyggðirnar þyldu ekki svona mikinn niðurskurð.

*Byggðamálaráðherrann lét þau orð falla að hér væri um stórkostlegustu mótvægisáðgerðir að ræða sem nokkru sinni hefði verið gripið til á Íslandi. Hann virðist einn um þá skoðun.*

#### Mótvægisáðgerðir

Um leið og ríkisstjórnin tilkynnti um niðurskurðinn í þorskveiðum var sagt að farið yrði út í öflugar mótvægisáðgerðir sem kæmu í framhaldinu. Þetta vakti upp miklar væntingar um allt land. Tímenn leið og lítið heyrðist frá ríkisstjórninni þar til á 12. degi septembermánaðar. Þann dag bárust þjóðinni fréttir af mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar sem voru sagðar hljóða upp á 11 milljarða króna og kenndi þar ýmissa grasa. Þess má t.d. geta að tillögur Vestfjarðanefndar sem unnar voru í síðustu ríkisstjórn og framlög til Byggðastofnunar frá sama tíma voru hluti af pakkanum. Þar var líka að finna margvíslegar tillögur um vegaframkvæmdir sem þegar höfðu verið teknar ákvarðanir um. Auk þess má segja að um samtíning ýmissa verkefna hafi verið að ræða sem voru í pípunum í hinum ýmsu ráðuneytum.

Byggðamálaráðherrann lét þau orð falla að hér væri um stórkostlegustu mótvægisáðgerðir að ræða sem nokkru sinni hefði verið gripið til á Íslandi. Hann virðist einn um þá skoðun.

#### Staðan í dag

Nánast daglega berast fréttir af uppsögnum innan fiskvinnslunnar og nema þær á sjötta hundrað það sem af er. Viðbrögð ríkisstjórnarinnar voru í fyrstu að þetta væri bara eins og búast mátti við. Nú virðast þessir háu herrar hins vegar vera að átta sig á alvarleika málsins.

Framsóknarflokkurinn var í forystu fyrir uppbyggingu stóriðju á Vesturlandi og Austurlandi. Menn geta gert sér í hugarlund hvernig ástandið væri á Akranesi og í Fjarðabyggð í dag ef ekki hefði orðið af þeim framkvæmdum. Við þá ákvarðanatöku var lítið að treysta á stuðning Samfylkingarinnar þegar mest á reyndi. Nú getur hún bætt ráð sitt og sett fullan kraft í stóriðjuframkvæmdir við Húsavík í stað þess að draga lappirnar.

Eitt er víst að það verður að gera miklu betur ef ekki á illa að fara. Það vita allir þeir sem þekkja til í sjávarbyggðum.

### Vel í lagt

Þegar Hafrannsóknastofnun lagði til þriðjungs samdrátt í þorskafla síðasta vor lá fyrir að ákvörðun um afla myndi verða sársaukafull fyrir sjávarútveginn og þá sem hafa af honum atvinnu vítt og breitt um land. Íslendingar hafa bitra reynslu af huglausum stjórnmalamönnum sem ekki hafa treyst sér til að fylgja ráðgjöf okkar færustu vísindamanna við ákvörðun heildarafla. Það er því sérstaklega hrósvert að núverandi ríkisstjórn hafði hugreki til að fara að ráðgjöf Hafró, en féll ekki í sömu gildru og ístóðulaus forysta Framsóknarflokksins.

Til að vega upp á móti þessu áfalli ákvað ríkisstjórnin að verja allt að 12 milljörðum króna í mótvægisáðgerðir, sem einkanlega færu til verkefna sem sköpuðu störf á landsbyggðinni. Hér er um margs konar verkefni að ræða, allt frá opinberum framkvæmdum og auknum framlögum til viðhalds eigna ríkisins til fjárveitinga til eflingar ferðaþjónustu á áhrifasvæðum niðurskurðar og eflingar Byggðastofnunar til að mæta vanda sjávarútvegsfyrirtækja, þar sem slíkt er mögulegt.

*Það er full ástæða til að muna að enginn flokkur hefur staðið dyggari vörð um kvótakerfið en Framsókn...*

#### Mótvægisáðgerðir leysa aldrei allan vanda

En þrátt fyrir þetta höfum við séð að sjávarútvegsfyrirtæki víða um land eru að draga saman seglin eða loka starfsstöðvum. Því fylgja þungar búisfjar fyrir þá mörg hundruð starfsmenn sem missa munu vinnuna. Það er hins vegar mikil einföldun að kenna ákvörðun um þorskniðurskurð um þær breytingar allar. Á mörgum stöðum glíma fiskvinnslufyrirtækin við afleiðingar ósannangjarns kvótakerfis, sem flutt hefur lífsþjörgina burt frá viðkomandi svæði. Fiskvinnslufyrirtæki hafa líka búið við mjög erfið rekstrarskilyrði á undanförunum árum vegna hás gengis krónunnar og gríðarlega hárra stýrivaxta.

Mótvægisáðgerðirnar voru mikilvægur til að mæta erfiðleikum vegna kvótaniðurskurðar. Þær geta hins vegar ekki komið í staðinn fyrir raunverulegar lausnir á vanda sjávarútvegsins. Tímabundnar áðgerðir koma aldrei í stað veiðiheimpla sem seldar hafa verið burt. Þær bæta ekki heldur tjón útflutningsgreinanna af hángengi krónunnar.

#### Raunverulegar lausnir þarf

Það er full ástæða til að muna að enginn flokkur hefur staðið dyggari vörð um kvótakerfið en Framsókn og að sá flokkur var jafnframt höfuðarkitekt þenslu undanfarinna ára. Vegna þess er það auðvitað skiljanlegt – þótt ekki sé það stórmannlegt – að framsóknarmenn reyni nú að halda því fram að allur vandi sjávarútvegsins sé niðurskurði í þorskafla að kenna.

Við þurfum nú helst að ná efnahagslegum stöðugleika svo vextir geti farið að lækka. Þess vegna á ekki að gefa undir fóttinn með álver eða almennar skattalækkanir, sem einungis myndu viðhalda væntingum um spennu á markaði og seinka vaxtalækkunarferlinu. Síðan þurfum við að skapa þjóðarsamstöðu um breytingar á kvótakerfinu sem mæta hagsmunum hinna dreifðu byggða. Vonandi er Framsókn til í þann leiðangur.



# TÖLVUNÁM á vorönn 2008



Computer and office courses  
for beginners and advanced users



Útskrift nemenda í Tölvu- og skrifstofunámi desember 2007

## TÖLVU OG BÓKHALDSNÁM

Flestir nemenda okkar koma af því þeir þekja einhvern sem hefur verið í námi hjá okkur. Það eru meðmæli sem hægt er að taka mark á.

Stutt og hnitmiðuð námsbraut í takt við þarfir vinnumarkaðarins sem skilar strax árangri. Námi á þessari braut hentar fólki á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.

Að námi loknu eiga þátttakendur að vera færir um að sinna flestum skrifstofustörfum sem ritara og öflugir tölvunotendur og sem fulltrúar og bókarar í bókhaldsdeildum stærri fyrirtækja.

Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu.

### Tölvugreinar.

- Windows XP tölvugrunnur og skjalvarsla
- Word ritvinnsla
- Excel
- Outlook tölvupóstur og dagbók
- Internet og stafræn myndvinnsla

### Viðskiptagreinar

- Verslunarreikningur og VSK
- Bókhald
- Tölvubókhald í Navision

Hefst 7. febrúar og lýkur 16. maí. Morgunnámskeið: Þri., fim. og fös kl 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið: Þri. og fim. kl 18.00 - 21.30 og lau. kl 9 - 12.30  
Lengd 200 std. Námið er metið til eininga. Verð kr. 153.000,-

## ÖNNUR NÁMSKEIÐ Í VIÐSKIPTAGREINUM

### Bókhald I

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldinu og vilja geta fært það sjálfir. Hentar einnig þeim sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunverulegt bókhald og er metið til eininga.

### Helstu kennslugreinar:

- Verslunarreikningur og VSK
- Bókhald
- Tölvubókhald í Navision

Kennsla hefst 3. mars og lýkur 23. apríl. Morgunnámskeið: Mán., mið., fös kl 8.30 - 12. Kvöldnámskeið: Kennt er mán. og mið. kl 18 - 21.30 og lau. kl 9 - 12.30  
Lengd 110 std. Verð kr. 94.000,-

- Bókhald II
- Tollskýrslugerð
- Fjárhagsbókhald í Navision

## ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

### ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

### Helstu kennslugreinar:

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Excel
- Internet og Outlook tölvupóstur
- PowerPoint glærukyningar

Hefst 7. febrúar og lýkur 13. mars

Morgunnámskeið: Kennt er þri., fim., fös kl 8.30 - 12.

Kvöldnámskeið: Kennt er þri. og fim. kl 18 - 21.30 og lau kl 9 - 12.30

Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-

### Tölvunám byrjenda

Næsta námskeið hefst 28. febrúar. Morgun og kvöldnámskeið.

Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

### Almennt tölvunám

Næsta námskeið hefst 5. mars. Morgun og kvöldnámskeið.

Lengd 63 std. Verð kr. 44.900,-

### Stafrænar myndavélar og meðferð stafrænna mynda í tölvu

Næsta námskeið hefst 13. febrúar.

Þrjú kvöld frá 18 - 21. Verð kr. 15.000,-

### Eldri borgarar 60+ Byrjendur

Næsta námskeið hefst 21. feb. og lýkur 13. mars.

30 kennslustundir. Verð kr. 20.500,-

### Eldri borgarar 60+ Framhald

Næsta námskeið hefst 20. feb. og lýkur 12. mars.

30 kennslustundir. Verð kr. 20.500,-

## ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

- Vefsíðugerð II
- Photoshop grunnur
- Photoshop ljósmyndun
- Myndbandavinnsla
- Excel grunnur og framhald
- Word grunnur og framhald
- Outlook
- Flash
- Office 2007 kynningar
- MCSA
- MCP XP
- MCDST
- Windows 2003 Server
- Windows 2003 Network Infrastructure
- MS Exchange Server
- Navision
- Grafísk hönnun

## VAKTAVINNUFÓLK

Flest námskeið skólans geta hentað ykkur sérstaklega vel þar sem möguleiki er að skipta milli morgun- og kvöldtíma eftir vöktum án þess að missa úr.



TÖLVUSKÓLINN  
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210  
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS

REYKJAVÍK & AKUREYRI





**ÆTLADI AÐ HÆTTA** „Ég ætlaði að hætta fyrir tveimur árum en sneri fjótt aftur. Leiði kemur í öllum störfum öðru hvoru og þá þarf maður bara að ganga út í sólskinið og koma svo aftur. Þetta er sársaukafullt starf þannig að maður þarf alltaf tíma öðru hvoru til að jafna sig,” segir Jóhann Sigurðarson.

## Sársaukafullt starf

**Jóhann Sigurðarson** flutti í bæinn fimm ára gamall í leigubíl ásamt fjórum systkinum sínum. 16 árum síðar útskrifaðist hann sem leikari og hóf feril sem er einn sá farsælasti meðal íslenskra leikara. **Júlía Margrét Alexandersdóttir** hitti Jóhann og ræddi við hann um 27 ár í leiklist sem hann segist þakka heppni og því að hafa haft sannleikann að leiðarljósi.

**L**eigubíllinn er engin lygi. Alla leið úr Borgarfirði, þar sem Jóhann hafði fram á fimmta ár alið manninn í sveit ásamt foreldrum sínum og systkinum. Faðir Jóhanns var bóndi og móðirin bóndakona. Á þeim árum að minnsta kosti. Svo kom að því sem var ekki algengt á þessum tíma: Foreldrar Jóhanns skildu. Faðir Jóhanns fór á sjóinn og móðirin flutti á mölina – hlóð börnunum í leigubíllinn og gerðist fjögurra barna einstæð móðir og var það alla tíð. „Að skilja var meira en að segja það í þá daga skal ég segja þér. Það var töggur í henni. Við bjuggum í Laugarneshverfinu, fluttum svólítið á milli en mamma reyndi þó að halda okkur nokkurn veginn á sama svæði svo við gætum átt skólagönguna í sama skólanum. Þetta var árið 1960 sem við fluttum í bæinn og mamma var afar dugleg. Til að byrja með fór hún að vinna í banka en hún hafði verið í

leiklistarskólanum hjá Lárusi Pálsyni og einnig hafði hún spilað á píanó og þegar hún kom í bæinn var mikið reynt að fá hana í leikhúsið. Hún fór þess í stað í Tónlistarskólann og útskrifaðist sem píanókennari tíu árum eftir að við komum í bæinn, eða í kringum 1970. Hún starfaði svo alla tíð sem tónlistarkennari í Nýja tónlistarskólanum og hætti þar nýlega, eða fyrir tveimur árum.“

### Kannski fór þetta öðruvísi en við ætl-uðum

Listræna hæfileika má finna víðar í fjölskyldunni en í móðurlegg. Faðir Jóhanns var líka liðtækur söngvari og leikari í Borgarfirði og föðuramma hans hafði, eins og Jóhann sjálfur eitt sinn, ætlað að verða óperusöngkona. „Árið 1914 var hún komin með töskurnar sínar ofan úr sveit, reiðubúin til brottfarar þegar síðari heimsstyrjöldin braust út. Svo spilaði víst eitthvað meira þar inn í,

sem stoppaði það að hún færi, eins og að faðir hennar hafi ekki getað séð á eftir henni til útlanda.“ Tónlistin varð ofan á hjá móður Jóhanns en leikurinn hjá Jóhanni, þótt hitt hefði alveg komið til greina. Tónlistarfólk er fjölmargt í ætt hans en örlögin höguðu því þannig að áherslan varð meiri á leikinn. Áður en að leiklistinni kom hafði hann þó numið húsa-smíði og hafði því sama háttinn á og Harrison Ford forðum daga – fór úr smíði yfir í leiklist. „Ég fékk nóg af smíðinni, lagði frá mér hamarinn og sótti um í leiklistarskólanum og tel það mikla gæfu. Ég hef þó einnig numið söng, var hjá Sigurði Demetz og lærði söng hjá Kristni Sigmundsyni í tvö ár. Svo höguðu örlögin því þannig að leiklistin varð ofan á. Bæði lenti ég í slæmu bílslysi og var þó nokkuð lengi að vinna mig út úr því og svo var mikið að gera fyrir mig í leikhúsinu. Ég hef líka verið heppinn að geta blandað söngnum alls staðar inn í og leikið mikið í söngleikjum til

”

Að skilja var meira en að segja það í þá daga skal ég segja þér. Það var töggur í henni. Við bjuggum í Laugarneshverfinu, fluttum svólítið á milli en mamma reyndi þó að halda okkur nokkurn veginn á sama svæði svo við gætum átt skólagönguna í sama skólanum.“

dæmis. En það er nú eins og segir: Kannski fór þetta öðruvísi en við ætluðum.“

### Fengum öll vinnu

Leikurinn gekk vel strax frá fyrsta degi. Jóhann útskrifaðist með hóp sem var sá fyrsti til að útskrifast úr svokölluðum Leiklistarskóla ríkisins og þegar hann útskrifaðist hafði enginn leikari útskrifast í tvö ár. „Við fengum öll vinnu og Kjartan Ragnarsson skrifaði sérstaklega fyrir mig hlutverk; Jói – í leikriti sem hann leikstýrði. Við sýndum það 150 sinnum. Svo tók eitt við af öðru. Ég lék í Sölu Völku, Gísl, kvikmyndunum Óðali feðranna og Húsínu, sjónvarpsþáttunum Föstum liðum eins og venjulega, og fleiru og fleiru.“

Hver er þessi sterka hlið þín sem hefur gert þetta að verkum að þú hefur alltaf haft yfirdrifið nóg að gera og getað valið úr hlutverkum? „Ég veit það ekki. Kannski er það bara að hafa það hugfast að sem leikari verður þú að hafa einlægni og sannleik að leiðarljósi og nálgast starfið af ákveðinni auðmýkt. Ég hef allavega reynt það. Svo skiptir líka öllu máli að fá að vinna með góðum leikstjórum og leikurum sem allir hugsa í sömu átt.“

### Þykir vænt um Jón Viðar

Jóhann hefur því væntanlega einhvern samanburð. Frá því hvernig leiklistarheimurinn var og hvernig hann er í dag. „Já, að mörgu leyti er hann breyttur. Það er mikið framboð af góðum leikurum í dag og gaman að sjá hvað krakkarnir sem útskrifast nú eru hæfileikaríkir og vel skólaðir. Fjölmíðlar spila í dag ofsalega stóran þátt í leiklistar-

## → JÓHANN SIGURÐARSON Í HNOTSKURN

Jóhann Sigurðarson er samkvæmt vefsíðu leikarafélagsins 198 cm á hæð og með brúngræn augu. Hann er sagður með hjómmikla og þægilega rödd og þykir afbragðs söngvari.

Samkvæmt sömu vefsíðu getur Jóhann talað ensku og öll norðurlandamálín auk þess sem áhugamál hans eru hestamennska og útivera.

Jóhann er fæddur 21.apríl 1956, sama dag og fyrsta smáskífa Elvis Presley, Heartbreak Hotel, náði efsta sætinu í Bandaríkjunum.

Jóhann er í nautsmerkinu og samkvæmt afmælisdagbókinni

búa þeir sem eiga þennan afmælisdag yfir sjaldgæfum andlegum þroska og fjölhæfum gáfum. Meðal annarra sem eru fæddir 21.apríl eru rokkhundurinn Iggy Popp og leikkonan Andy MacDowell.

Jóhann var einn af höfundum Fornbókabúðarinnar og leikstýrði einnig þáttunum sem sýndir voru á Stöð 2. Jóhann hefur jafnframt leikið yfir fimmtíu hlutverk í útvarpi og leikstýrt öðrum eins fjölda af talsetningum á teiknimyndum fyrir bæði sjónvarp og hvíta tjaldið.

Jóhann er mágur Jóhönnu Vígdísar Arnardóttur en eiginkona hans, Guðrún Sesselja, og Jóhanna eru systur.



heiminum og maður finnur að leikarar eru viðkvæmir fyrir gagnrýni og svo geta gagnrýnendur verið misjafnir eins og þeir eru margir. Gerð er krafa til okkar leikaranna að setja okkar hluti fram af smekkvísi og þá finnst mér líka vel hægt að gera þá kröfu til gagnrýnenda að þeir geri slíkt hið sama á móti. Að þeir setji hlutina fram af smekkvísi. Allt í lagi að gagnrýna og vera á móti því sem gert er. Slík umræða er alltaf hressandi og fín en það er alltaf spurning hvernig hlutirnir eru settir fram. Leikhúshéimurinn hefur stækkað mikið og í öllu þessu framboði er það skiljanlegt að hinn almenni borgari styðjist meira en áður við það sem gagnrýnandinn segir til að velja það sem hann vill sjá.“ Hefði Jóhann sjálfur til dæmis sett Jón Viðar út í kuldann? „Ég veit það ekki. Mér þykir nú ósköp vænt um Jón Viðar. Hann kenndi okkur í gamla daga þegar við Guðjón Pedersen vorum saman í bekk í leiklistarskólanum. Kenndi okkur leiklistarsögu og leikhúsfraeði og ég græddi mikið á því. Gagnrýnendur eru auðvitað misjafnlega stemmdir eins og aðrir og það getur verið að það bitni á skrifunum. Þetta er svolítið erfið spurning verð ég að segja.“

#### Ekki allt jafngott

Annað sem Jóhann nefnir sem honum finnst miður í leikhúshéimnum er það sem hann kallar „tilfinningafælni“ leikhúsanna. „Leikhúsin hafa ekki mikið treyst sér til að setja upp alvöru dramatísk verk. Samtíminn er svolítið þannig – þetta á allt að vera skemmtun og fólk á ekki að nenna að hanga yfir einhverju sem er „leiðinlegt“. En drama er alveg eins og gamanleikir – það getur verið jafngott og það getur verið slæmt. Góð harmræn og dramatísk verk sem virkilega snerta þig og breyta þér sem manneskju vantar og hef ég til dæmis leikritið Abel Snorko þar oft sem viðmiðun um hvernig dramatískt verk getur í senn verið gott, skemmtilegt og áhrifaríkt. Einnig finnst mér umræðan oft á villigötum um hvað sé svo gott og hvað sé vont. Það er stundum eins og gæðakröfurnar séu ekkert sérstaklega strangar og allt er orðið „bara ágætt“. Það mætti alveg taka þá umræðu: Hvað er kúnt og hvað er ekki kúnt. Sumir hafa svolítið villst af þessari leið og allt sett undir sama hatt – þótt það liggi í augum uppi að gæðin séu afar misjöfn.“

#### Urðum öll ástfangin af verkefninu

Sitthvað er þó frábærara en annað. Þannig hefur myndin Brúðguminn fengið afbragðsviðtök áhorfenda sem og gagnrýnenda en þar leikur Jóhann stórt hlutverk – Lárus – föður brúðarinnar, sem býr í Flatey. Lárus á sér einmitt sama draum og Jóhann; drauminn um óperusöngvarann. Leikhópurinn dvaldi síðastliðið sumar í Flatey þar sem glatt var á hjalla og þröng á þingi. Er Jóhann hissa á viðtökunum – hvernig vill það til að almanna-rómur lofar svo myndina? „Manni þykir auðvitað óskaplega vænt um hvað myndinni er vel tekið, sér í lagi þar sem það er enginn drepinn í þessari mynd, ekkert ofbeldi og engin sífjaspell – þættir sem hafa verið svolítið dómín-erandi í íslenskum kvikmyndum. Þetta er fyrst og fremst mynd um manneskjur með alla sína drauma og vonir. Kannski hefur verið svolítill vöntun á svona söguefni og áhorfendur eflaust þakklátir fyrir það. Baltasar er líka mjög naskur sem leikstjóri á ýmis lítill smáatriði og hefur gott auga.“ Myndin er byggð á leikritinu Ívanoff sem Jóhann leikur einnig í um þessar mundir í Þjóðleikhúsinu. Upptökur í Flatey tóku um mánuð og dvöldu leikararnir þar – en þeir hafa nær allir unnið oft saman áður og þekkjast því vel og segir Jóhann slíkt hafa verið gefandi og mikinn kost. „Við urðum einfaldlega ástfangin af þessu verkefni og það skilar sér í myndinni.“

#### Er léttur og þungur

Margt fleira er á döfinni hjá leik-



#### GÍTARLEIKARARNIR EFTIR PÁSKA

Jóhann leikur undir stjórn Hilmis Snæs í leikritinu Gítarleikararnir sem frumsýnt verður eftir páska.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

aranum sem eftir tuttugu ára fast-ráðningu í Þjóðleikhúsinu ákvað að ganga laus fyrir um tveimur árum. Samlestur er hafinn á verkinu Gítarleikararnir sem sýnt verður eftir páska í Borgarleikhúsinu og í febrúar verður kvikmyndin Heiðin frumsýnd, sem fjallar um fólk á afskekktum stað með alla sína drauma og þrár. Gosi er einnig sýndur fyrir fullu húsi þar sem Jóhann leikur föður Gosa. Gætir ekki leiða eftir svo langa veru í leikhúsinu? „Ég ætlaði að hætta fyrir tveimur árum en sneri fljótt aftur. Leiði kemur í öllum störfum öðru hvoru og þá þarf maður bara að ganga út í sólskinið og koma svo aftur. Þetta er sársaukafullt starf þannig að

maður þarf alltaf tíma öðru hvoru til að jafna sig. Maður er alltaf að kroppa ofan af einhverjum sárum því þegar þú tekur að þér einhverja persónu þarftu að leggja henni til tilfinningar og hugsanir frá þér sjálfum og það þýðir náttúrlega að þú þarft að leita inn á við og opna eigin flóðgáttir. Það getur verið erfið.“ Þú virkar nú samt léttur maður. Er það ekki raunin eða hvað? „Bæði og. Ég er léttur og svo getur fokið í mig. En samt ekki mikið í seinni tíð. Mun meira áður. Maður er farinn að læra að stjórna sér betur með árunum og nú er maður auðvitað í hlutverki uppalanda, með tvo syni að nálgast unglingsaldur, og maður þarf að kenna ungvíðinu að hafa stjórn á sér. Annars held ég að ég sé í grunninn nokkurn veginn sá sami og ég var hér áður. Breytingin er kannski helst sú að ég hef breikkað!“

# Sólin bræðir landann!

Viðbrögðin við Sumarplús 2008 hafa farið fram úr okkar björtustu vonum.

**Eigum enn nokkur sæti laus.**

**Spennandi áfangastaðir og hreint ótrúlegt verð.**

Verð frá:

Besta verðið bókast fyrst.

**9.900 kr.**

**BÁÐAR LEIÐIR MEÐ SKÖTTUM.**

Bókaðu strax á [www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)



PLÚSFERÐIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

**plús**  
**FERÐIR**

[www.plusferdir.is](http://www.plusferdir.is)



# Íslands nýju dætur og synir

Oft hefur kastljósinu verið beint að innflytjendum þegar eitthvað bjátar á en þess á milli er sem þeir hverfi í hversdagslegan skugga. Jón Sigurður Eyjólfsson og Olav Veigar Davíðsson blaðamenn hafa ákveðið að skyggast inn í heim fimm innflytjenda til þess að forvitnast um hvernig sé að vera útlendingur á Íslandi. Þessir nýju samborgarar okkar munu deila reynslu sinni og upplifun með lesendum Fréttablaðsins í vikulegum dálkum það sem eftir lifir árs.

Taílensk afgreiðslukona í Fjarðarkaupum:

## Tæki ástina fram yfir þjóðernið

„Ég kom hingað fyrir sjö árum og byrjaði þá að passa fyrir vinafólk,“ segir Junphen Sriyoha sem kemur frá Taílandi og vinnur við afgreiðslustörf í Fjarðarkaupum. „Vinkona mín giftist Íslendingi og ég passaði hjá þeim. Síðan eftir þrjú mánuði fékk ég vinnu í Ostahúsinu og þá var ég komin með landvistarleyfi. Ég var þar í tvö ár en þá söðlaði ég um og fór að vinna við hreingerningar hjá Nordica hótelinu, eins og það hét þá. Það voru allt útlendingar sem sinntu þessum störfum. Svo fór ég til Reyðarfjarðar og vann við hreingerningar í vinnubúðum Bechtel og kunnri afskaplega vel við mig en þegar þeirra verkum lauk kom ég suður og fór að vinna í Fjarðarkaupum.“

Junphen segist hafa farið í íslenskukennslu. „Ég skil nokkuð mikið en á erfitt með að tala íslensku. Flestir viðskiptavinirnir sýna því mikinn skilning þegar mér bregst íslenskukunnáttan og sumir byrja þá að leiðbeina mér. Þó eru þeir til sem taka það óstínt upp þegar einhver misbrestur verður vegna tungumálaörðugleika en þeir eru mjög fáir.“

Ég leigi herbergi í Hafnarfirði og á eigin bíl. Í húsinu eru leigð út tvö önnur herbergi og við erum með sameiginlegan aðgang að eldhúsi og salerni. Vissulega vildi ég vera í íbúð en aðstæður

bjóða ekki upp á það sem stendur.“

Hún segir sig ekki skorta vini en þeir koma víða að. Auk íslenskra á hún vini frá Marokkó, Indlandi, Kína og Póllandi svo dæmi séu nefnd. En þótt ólík menning og hefðir setji ekki strik í reikninginn hjá vinum segir hún þá þætti geta spillt fyrir þegar tengslin eru nánari. „Ég var eitt sinn í sambúð með Íslendingi í fjögur ár en hugsunarhátur okkar var mjög ólíkur og það gerði okkur erfitt fyrir. En þó ég viti að samband tveggja frá ólíkum menningarheimum geti verið erfitt þá myndi ég ekkert setja það fyrir mig ef ég fyndi ástina með einhverjum sem ekki er af mínum slóðum. Í Taílandi verður maðurinn alltaf að vera sterkari aðilinn og konan á að fylgja honum en þessu er ekki þannig farið hér á landi og ég get alveg sætt mig við það. En það er ýmislegt annað í samskiptunum sem er öðruvísi hér en ég vandist í mínu heimalandi. Íslendingar eru til dæmis nokkuð lokaðir fyrst um sinn þótt þeir galopni sig svo síðar. Í Taílandi er það síður að brosa til fólks jafnvel þótt maður þekki það ekki og sýna því meiri áhuga en hér tíðkast.“

Junphen segist ánægð hér á landi og ekkert á þeim buxunum að flytja til Taílands á næstunni.



**JUNPHEN SRIYOHA** Hún Junphen kann vel við sig í Fjarðarkaupum og þótt íslenskukunnáttan geti stundum svikið hana tekur fólk því yfirleitt vel og jafnvel leiðsögir henni um víðan völlu íslenskunnar. Fáeinir geta þó verið ódærlir þegar slík tilfelli koma upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÞJÓÐLEGT OG ALÞJÓÐLEGT** Íslenskt samfélag er orðið mun margbreytilegra en fyrir nokkrum áratugum þar sem hið alþjóðlega helst í hendur við hið þjóðlega. Í mörgum samfélögum vill stundum eitthvað bresta í þessari blöndu en hvernig gengur okkur Íslendingum að taka þessum breytingum?

Portúgalskur meistaranemi á Ísafirði:

## Myndi sakna íslenska veðurfarins

Filipe André Moreira de Figureiredo er Portúgali búsettur á Ísafirði og vinnur hjá fyrirtækinu Mátis sem sérhæfir sig í matvælarannsóknunum og þróun í tengslum við matvælaíðnað. „Ég var búinn með BA-gráðu í sjávarlíffræði í háskólanum í Faro og langaði að drífa mig í framhaldsnám,“ segir Filipe. „Svo bauðst mér það tækifæri að fara í framhaldsnám í Háskólanum á Hólum og vinna mastersverkefnið sem tekur tvo ár hjá Mátis á Ísafirði. Ég hafði alltaf verið spenntur fyrir Íslandi og öðrum löndum í norðri svo þetta var alveg frábært tækifæri. Ég vissi reyndar ýmislegt um íslenskt veðurfar, landslag og jarðfræði en hafði ekki hugmynd um menninguna hér. Hún kom mér bara nokkuð skemmtilega á óvart, reyndar er fólk ekki jafn opið og algengt er í suðrinu þaðan sem ég kem. Hér tekur lengri tíma að kynna fólk en að sama skapi er kannski ekki jafn mikil yfirborðsmennska hér og á slóðum þar sem menn vingast við alla frá fyrstu stundu. Ég er þó alls ekki að segja að mér hafi ekki verið tekið opnum örmum hér, ég hef einmitt fengið góðar móttökur.“

En hvað getur ungur maður frá suðurströnd Portúgals gert sér til dægrastyttingar vestur á Ísafirði? „Ég hef nóg fyrir stafni, jafnvel þó að það hafi ekki orðið



**FILIFE** Þótt Filipe kunnir vel við sumarsæluna á heimaslóðum er hann í essinu sínu í vetrarhórkunni fyrir vestan. Íslenskt kvenfólk sýnist honum vera öðruvísi í háttum en hann á að venjast, annars er lofaður maðurinn ekki mikið að velta því fyrir sér.

MYND/SVEINBJÖRN HALLDÓRSSON

jafn mikið úr skíðaiðkun og göngu eins og til stóð í upphafi. Ég fer hins vegar í ræktina, spila körfubolta, fer á kaffihús og oft kys ég hreinlega að slaka á með góða bók við hendina. Ég er einmitt mjög feginn að vera hér í kyrrðinni á Ísafirði.“

En hvers myndi hann nú sakna mest ef Íslandsdvölinni lyki hér og nú? „Ég myndi fyrst og fremst sakna veðursins og landslagsins. Ég er hrifinn af köldum slóðum. Reyndar fer einnig vel um mig í hitanum þegar ég er á heimaslóðum að sumri.“

Filipe hefur farið á íslenskunámskeið en þykir sú ylhýra nokkuð torveld. „Ég get ósköp lítið talað en er farinn að skilja heilmikið í einföldum hversdagslegum samræðum.“

EKKI verður þessum upprennandi sjávarlíffræðingi sleppt án þess að vera spurður um íslenskt kvenfólk. „Ég á kærustu heima í Portúgal svo ég hef svo sem ekki mikið af þeim að segja. En mér sýnist þær þó vera ólíkar þeim portúgölsku í háttum. Mér sýnist þær vera mjög sjálfstæðar og blátt áfram.“

Rachid Benguella er frá Marokkó og bjóst við að kaldara væri á Íslandi:

## Nauðsynlegt að læra íslensku

„Ég bjóst við að það væri kaldara á Íslandi,“ segir Rachid Benguella, þráttu og sex ára þjónn á Grand Hótelu.

Hann fluttist til Íslands árið 2005 eftir að hafa kynnst íslenskri eiginkonu sinni á Kanaríeyjum þar sem hann vann einnig sem þjónn. „Við ákváðum að flytja hingað þar sem konan mín er að vinna á Sólheimum. Hún sagði mér að það væri kalt á Íslandi og erfitt að búa hér en við ákváðum samt að koma,“ segir Rachid og bætir við. „Ég er mjög ánægður hér og mér líður vel.“

Rachid, sem er frá Marakesh í Marokkó, hefur unnið við ýmis störf hér á landi en segir skort á íslenskukunnáttu takmarkandi. „Ég er farinn að skilja sumt, ekki vel, en er að reyna. Ég verð að læra íslensku og finnst það nauðsynlegt til að mér líði betur hér.“ Þá finnst honum mikilvægt að

geta átt í samskiptum við fólk, skilja hvað er að gerast í þjóðfélaginu, sjónvarpinu og fleira.

Hann hélt að hér væri allt öðruvísi en viðurkennir að finnst sumrin betri en veturnir. „Þegar það fer að hlýna líður mér betur.“

Hann segir mikinn mun á Íslandi og Marokkó. „Ég skil oft ekki hvað er í gangi en mér fellur vel að búa hér og svo er landið fallegt.“

Í Marokkó lærði Rachid hagfræði en segir langt síðan hann sýndi því nokkurn áhuga. Vegna vinnu sinnar halda þau hjónin nú tvö heimili, á Sólheimum og í Reykjavík. Hann segist reyna að fara sem mest austur.

Þá reynir hann að heimsækja fjölskyldu sína í Marokkó en segir meira en ár síðan hann fór þangað síðast.



**RACHID BENGUELLA** Fluttist til Íslands eftir að hafa kynnst konunni sinni á Kanaríeyjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR



Charlotte Ólöf Ferrier er tuttugu og fimm ára bresk stúlka í námi við Háskóla Íslands:

## Hálfíslenskur heimshornaflakkari

Charlotte Ólöf Ferrier er tuttugu og fimm ára bresk stúlka. Hún er fædd í Suður-Afríku og hefur búið í Texas í Bandaríkjunum, á Englandi, í Noregi, á Skotlandi, Ítalíu, Mósambík í Afríku og á Íslandi. „Foreldrar pabba eru íslenskir og þess vegna heiti ég Ólöf,“ segir hún og bætir við að pabbi sinn hafi búið í Lundúnum frá fimm ára aldri og tali því miður ekki lengur íslensku.

Charlotte býr með íslenskum unnusta sínum í Hlíðunum en þar að auki á hún íslenska fjölskyldu sem hún reynir að vera í sambandi við. „Það hjálpar mér að vera nokkuð vel inni í málum hér en hins vegar eru margir nánir vinir mínir hér útlendingar. Mér líður líka oft eins og útlendingi og ég held ég muni til dæmis aldrei skilja íslenskan húmor. Nema kannski Næturvaktina.“

Hún lærði ítölsku og listasögu í háskólaum í Edinborg og útskrifaðist árið 2005. Þá segist hún hafa komið fyrst til

Íslands á vegum Comenius Assistant-verkefnisins og þá kennt ensku í tvær annir við Menntaskólann í Hamrahlíð (MH). „Ég ákvað að koma til Íslands vegna uppruna míns. Mér þótti skrítið að vera næstum hálfíslenskur og þekkja ekkert til landsins.“

Hún minnst fyrstu kynna sinna af Íslandi sem svo að hún hafi tekið sérstaklega eftir hversu hreint loftið væri. „Ég komst bara ekki yfir hversu hreint loftið væri og hversu allt væri hreint. Mér fannst líka gott að vera umkringd fjöllum.“ Þá hafi henni ekki fundist hún vera í stórborg þar sem hún sá alltaf í Esjunum.

Eftir að verkefni hennar við MH lauk fluttist hún til Mósambíku til að vinna sjálfboðaliðastörf. Þar hitti hún meðal annars nokkra Íslendinga sem þar unnu fyrir ICEIDA - Þróunarsamvinnustofnun Íslands. „Ég fluttist aftur til Íslands í september eftir að ég fékk námsstyrk og er núna við nám í



CHARLOTTE ÓLÖF FERRIER Kom fyrst til Íslands um miðja nótt og tók strax eftir hvað allt var hreint.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Háskóla Íslands.“ Charlotte er að læra íslensku fyrir erlenda nema við Háskóla Íslands og segist heppin að geta æft sig þar sem íslensk fjölskylda hennar, meðal annars tvær ömmu-systur og unnusti hennar, hjálpa henni. Hún vonast til að búa á Íslandi næstu árin og ætlar á næstunni að leita sér að vinnu.

- ovd

Litháískur fjölskylduafarir í Hafnarfirði:

## Best að drífa sig heim til Íslands



ALGIRDAS SLAPIKAS Litháíska fjölskyldan hefur það gott á Íslandi og er elsti sonurinn jafnan meðal hæstu nemenda í sínum bekk.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Konu minni bauðst það tækifæri fyrir tíu árum að leika með handboltafélagi hér á landi og þannig kom það til að við fluttum hingað,“ segir Litháinn Algirdas Slapikas. „Þá vissi ég fátt annað um Ísland en að stjórnvöld þar hefðu fyrst allra viðurkennt sjálfstæði

okkar Litháa árið 1991 og að leiðtogafundur Reagans og Gorbatsjovs var hér árið 1986.“ Ýmislegt tengt Íslandi hefur síðan verið lagt inn í reynslubanka Algirdas sem hefur komið sér vel fyrir í eigin húsnæði í Hafnarfirði ásamt eigin konu og tveimur börnum.

„Ég er að vinna hjá Trefjum sem er fyrirtæki sem gerir plastbáta og heita potta og við kunnum bara mjög vel við okkur. Eldri stráknum okkar sem er tólf ára gengur nokkuð vel í skólanum. Hann er með þeim hæstu í bekknum.“

Algirdas fer ekki varhluta af þeirri umræðu sem fram fer í fjölmiðlum um ýmsa ólánsama landa hans. „Mér finnst það alltaf leiðinlegt og ég skammast mín þegar ég heyri af löndum mínum sem eru að vinna einhver misindisverk. Ég vona þó að fólk setji okkur hina sem erum heiðarlegir og stöndum okkur vel ekki í sama hóp og misindismennina sem við eigum ekkert sameiginlegt með nema þjóðernið.“

En við fjölskyldan erum hæstánægð hér og þegar við förum til Litháens er konan mín jafnan farin að segja eftir þrjár vikur „Jæja Algirdas, eigum við ekki að fara að drífa okkur heim“.

En þó er einnig ýmislegt sem fær hann til að hugsa til upprunans í dagsins önn á Íslandi. „Íslendingar eru ekki mikið fyrir að hittast og spjalla saman eða fara í heimsóknir. Flestir eru á spani svo rétt gefst tími fyrir hæ og bæ. Það er mjög ólíkt því sem viðgengst í Litháen.“

Algirdas segir ekki luku fyrir það skotið að þau flytji einhvern tímann til Litháens en það verður þó ekki á næstunni. „Við erum búin að koma okkur vel fyrir, það fer vel um okkur og við viljum ekki fara að rífa börnin frá skólanum og kunningjunum hér.“

Hann hvetur Íslendinga til að hlusta á þátt sem hann er með á útvarpsstöðinni Halló Hafnarfjörður frá klukkan sex til sjö á föstudögum en þá segir hann frá landi sínu og þjóð.

## ego dekor



### New York hnotulína -40% afsláttur

Borð 200x90  
Verð áður: 58.000,-

-40%

Verð nú: 34.800,-

Sófaborð 120x60  
Verð áður: 35.000,-

-40%

VERÐ NÚ: 21.000,-

Borð og 6 stólar saman  
Verð áður: 141.400,-

-40%

Verð nú: 84.840,-

Sófaborð 60x60  
Verð áður: 26.000,-

-40%

VERÐ NÚ: 15.600,-



Piero leðursófasett  
Fáanlegt í svörtu leðri  
3+1+1

Verð áður: 249.000,-

-30%

Verð nú: 174.300,-



Borðstofuskenkur  
Stærð: 150x50xH:93


Verð áður: 98.000,-

-40%

Verð nú: 58.800,-

## ÚTSÖLULOK 20-70% AFSLÁTTUR

### New York eikarlína -40% afsláttur



40%  
afsláttur

Borð 180x90  
Verð áður: 49.000,-

-40%

Verð nú: 29.400,-

Borð 200x100  
Verð áður: 58.000,-

-40%

Verð nú: 34.800,-



40%  
afsláttur

Sófaborð 120x60  
Verð áður: 35.000,-

-40%

Verð nú: 21.000,-

Sófaborð 60x60  
Verð áður: 26.000,-

-40%

Verð nú: 15.600,-

Ljósakrónur úr smíðajárni

-70%

Verð frá: 4.350,-



Clay leðurhornsófi  
Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu leðri  
Stærð: 230x230

Verð áður: 199.000,-

-25%

Verð nú: 149.250,-



30%  
afsláttur

Rio leðurtungusófi  
Fáanlegur í svörtu, hvítu og brúnu leðri  
Stærð: 260x155

Verð áður: 185.000,-

-30%

Verð nú: 129.500,-

Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-17:00 - sun 13:00-17:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is



## VIKAN

**MÁNUDAGUR** Vinnudagur Arnar hefst um klukkan sjö þegar hann mætir til að taka við af næturvaktinni. Hann fundar með hafnsögumanni næturinnar og þeir fara yfir verkefni dagsins. Mjög slæmt veður hafði verið um nóttina og mörg skip á eftir áætluð vegna þess. Nokkur fiskiskip komu og fóru en tíminn fór mest í að skrá skip inn og út úr höfninni. Vinnudeginum lauk klukkan tuttugu mínútur yfir sjö með því að hann hitti vaktstjóra næstu vaktar og þeir fóru yfir málin.

**ÞRIÐJUDAGUR** Vaktin hófst klukkan tuttugu mínútur yfir sjö en Örn var mættur nokkru áður til að fara yfir verkefni dagsins með vaktstjóra næturinnar. Aftur varð nokkur töl á skipakomum vegna veðurs. Hafnsögumaður á dagvakt skipuleggur líka starfið fyrir næturvaktina og fór nokkur tími Arnar í það þennan daginn.

**MÍÐVIKUDAGUR** Örn var í vaktarfrí fram til klukkan sjö um kvöldið. Daginn reyndi hann að nota til að hvíla sig en þótti erfitt að leggja sig þar sem hann svaf vel um nóttina. Næturvaktin hófst klukkan tuttugu mínútur yfir sjö með því að hann fór yfir verkefni næturinnar en vegna tafa á skipum komu þau mörg á svipuðum tíma svo nóg var að gera í skipakomum þessa nóttina. Þurfti hann meðal annars að hjálpa Goðafossi frá bryggju í Reykjavík og færa hann upp á Grundartanga til lestunar. Hvassafellið fór svo líka til Reyðarfjarðar.

**FIMMTUDAGUR** Örn var mættur um klukkan sjö um kvöldið til að taka við næturvaktinni. Mikið var að gera en veður leiðinlegt. Mörg skip að koma og fara.

**FÖSTUDAGUR** Hefðbundin vakt að mörgu leyti. Örn lóðsaði leiguskipið Torpo út úr höfninni en það var að flytja brota-járn. Goðafoss kom til baka frá Grundartanga og Grandatogaramir Guðmundur í Nesi og Helga María komu til hafnar. Nóttin var köld en veður samt skárra en fyrri nætur. Vaktinni lauk klukkan tuttugu mínútur yfir sjö og þá var Örn kominn í langt helgarfrí og næsta vakt hefst klukkan sjö á miðvikudagsmorguninn.



**Í LÓBSINUM** Faxaflóahafnir eiga þrjá báta sem kallast Magni, Jötunn og Þjótur. Þeir eru notaðir sem dráttarbátar og til að ferja hafnsögumenn út í skip sem þeir þurfa að lóðas inn eða frá skipum sem þeir hafa lóðsað út.

# Skemmtileg vinna og fjölbreytt

Ekki fer mikið fyrir umfjöllun um störf hafnsögumanna en það eru mennirnir sem meðal annars stýra skipum að og frá bryggju í höfnum landsins og sjá til þess að umferð í og við hafnir gangi vel fyrir sig. *Olav Veigar Davíðsson* blaðamaður fékk, ásamt ljósmyndurum Fréttablaðsins, innsýn í hvernig vinnuvikan gengur fyrir sig hjá **Erni Bragasyni** hafnsögumanni hjá Faxaflóahöfnum.

**Þ**etta er mjög skemmtileg vinna og fjölbreytt,“ segir Örn Bragason hafnsögumaður við Faxaflóahafnir. Örn hefur verið hafnsögumaður undanfarnin fimmtán ár en vann þar áður í rúm tuttugu ár á fraktskipum við millilandasiglingar. Hafnsögumenn þurfa að hafa skipstjórnarréttindi auk annars. „Það er fullt af námskeiðum sem við þurfum að fara reglulega á til að halda réttindum.“ Má þar nefna Slysavarnarskóla sjómanna sem þeir þurfa að sækja á fimm

## VIKA Í LÍFI



**Á VAKTINI** Einn hafnsögumaður er á hverri vakt og er hann yfirmaður vaktarinnar. Aðrir starfsmenn eru skipstjóri á bátum, vélstjóri og hásetar sem allir eru hans undirmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/

ára fresti og regluleg radarnám-skeið í Fjöltækniskólanum.

„Starfsandinn er alveg frábær,“ segir Örn en starfsmenn hafnarinnar eru á tólf tíma vöktum og eru vaktaskipti klukkan tuttugu mínútur yfir sjö kvölds og morgna. Vaktirnar eru breytilegar eftir vikum svo stundum er Örn á dagvöktum og stundum á næturvöktum. Að auki vinnur hann tvær helgar í mánuði. Á vaktaskipum hittir Örn þann hafnsögumann sem hann tekur við af. „Við erum oft búnir að undirbúa hvor fyrir annan, aðallega það sem er framundan. Það erum bara við hafnsögumennirnir sem erum vaktstjórar og við skipuleggjum alla vinnuna. Síðan er rætt við viðkomandi undirmenn um það sem þarf að gera.“

„Ég fer um borð í skipin og lóðsa þau inn og út.“ Örn siglir skipunum í samráði við skipstjóra þeirra. „Þetta eru svona eitt til tíu skip á vakt en kemur í gusum.“ Hann

segir meginregluna vera að hafnsögumenn fari í öll skip sem eru 60 metrar og lengri. Það séu mest togarar og gámaskip. Sjö menn eru á dagvöktum en færri á nóttunni. Hann stjórnar mönnum, sem setja rafmagn og vatn á skipin. „Ýmislegt fellur til annað en að binda skipin og sleppa þeim.“

Hann segir væntanlegar hreyfingar á skipum skráðar í tölvu svo að þeir vita yfirleitt með sólarhrings fyrirvara hvernig næsta vakt verður. „Stundum er rosalega mikið að gera. Síminn stoppar ekki og það er verið að panta pláss og togarar koma í losun.“

„Að vinna við höfnina er mjög svipað og að vera á sjó,“ segir Örn. „Við þurfum að fara út á sjóbauju í alls konar veðrum til móts við skipin en hún er fyrir utan Engey.“

Örn er kvæntur og á tvo syni. Í frítíma sínum gengur Örn mikið og mest innanþéttar. „Ég les líka mikið og fer í utanlandsferðir.“

## TANNVERNDARVIKA 2008

### KYNNINGARFUNDUR 5. FEBRÚAR KL. 11.00 Í FRÆÐSLUSAL BARNSPÍTALA HRINGSINS VIÐ HRINGBRAUT

Fræðslufundur verður á vegum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Lýðheilsustöðvar í tilefni af útgáfu margmiðlunardisks með fræðsluefni um munnhirðu. Fræðslan er einkum ætluð starfsfólki á heilbrigðisstofnunum en einnig öllum öðrum sem vinna við að fræða um heilbrigða lífshætti.

#### DAGSKRÁ

- 11:10 Ávarp - Guðmundur Einarsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- 11:15 Kynning fræðsluefnis - Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir hjá Miðstöð tannverndar og Lýðheilsustöð
- 11:30 Frumsýning fræðsluefnis
- 11:50 Umræður - fyrirspurnum svara tannlæknarnir Inga B. Árnadóttir, forseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands, Helga Ágústsdóttir, deildarstjóri í Heilbrigðisráðuneytinu, og Hólmfríður Guðmundsdóttir
- 12.00 Fundarslit

Fundarstjóri: Þórólfur Þórlindsson, forstjóri Lýðheilsustöðvar.  
Léttar veitingar í boði.

Fundurinn er öllum opinn en að auki er með fjarfundarbúnaði hægt að fylgjast með honum hvar á landinu sem er. Þeir sem þessa óska þurfa að hafa samband við [bruarstjori@landspitali.is](mailto:bruarstjori@landspitali.is) og gefa upp IP tölu fyrir hádegi mánudaginn 4. febrúar.



**LES MIKIÐ Í FRÍTÍMA** Örn við bókahilluna í stofunni heima hjá sér á Strandvegnum en hann segist gjarnan nota frítíma sinn til að lesa, ganga úti eða fara í utanlandsferðir. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**MEÐ KAFFIBOLLANN HEIMA Í ELDHÚSI** Örn reynir að leggja sig fyrir næturvaktirnar sem oft geta verið strembar. Veður getur haft mikil áhrif á hversu mikið er að gera á hverri vakt og segir hann þetta ekki ósvipað og hjá öðrum sjómönnum. Það sé allt háð veðri hversu auðveld eða erfitt vinnan sé. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



# Hyundai *i30*

## Staðalbúnaður

- Árekstrarvörn
- ABS búnaður
- Tvöfaldir styrktarbitar
- 8 loftþrúðar
- Isofix festingar
- Útíhitamælir
- iPod samhæfður
- USB
- AUX- tengi
- Hiti í framrúðu
- Samlitir stuðarar
- Reyklitað gler

Frá kr. 1.840.000



Hefur gæðin



„Fallegur? Já kannski...“  
„En kann hann að gelta, sækja blaðið eða gæta hússins?“

## Hyundai *i30*. Nýi besti vinur þinn!

Komdu og reynsluaktu! Þetta gæti verið upphafið að dásamlegri vináttu



Með bílinn handa þér

Nýjasti meðlimur Hyundai-fjölskyldunnar er vinur í raun. Hann er fagur á að líta að innan sem að utan, sparneytinn en kraftmikill í senn og á verði sem vekur verðskuldaða athygli. Verð frá kr. 1.840.000. Fæst bæði beinskíptur og sjálfskíptur, bensín og dísel.

 **HYUNDAI**

[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • [www.bl.is](http://www.bl.is)

Keflavík 421 4444

Selfoss 575 1460

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524



ARKITEKTINN ALVAR AALTO  
FÆDDIST 1898

„Allt á okkar tímum er svo sérhæft, við höfum fólk sem veit meira og meira eða minna og minna.“

Alvar Aalto var finnskur hönnuður og arkitekt. Hann var frumkvöðull í formbeygingu víðar í húsgagnahönnun og teiknaði meðal annars Norræna húsið í Reykjavík.



## tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST 3. FEBRÚAR 1825

## Holland sekkur

Holland liggur að miklum hluta undir sjávarmáli og um aldir hafa ár og sjór flætt yfir landið og hollenska þjóðin átt í sífelldri baráttu við vatnið. 3. febrúar 1825 fórust yfir 800 manns í miklum flóðum þegar Norðursjórin braut stíflugarða og æddi yfir landið. Flóðið hafði átt sér mjög langan aðdraganda en miklar rigningar höfðu verið í allri Evrópu og vatnsmiklar árnar flæddu loks yfir bakka sína þennan dag. Miklir stormar höfðu einnig geisað og voru þegar komin skörð í gegnblauta stíflugarðana. Tunglstaða var einnig slæm aðfaranfótt flóða-



HOLLAND Landið liggur að stórum hluta undir sjávarmáli.

dagsins og þegar storminn herti enn frekar gaf fyrsta stíflan sig suður af bænum Vollenhove. Í kjölfarið brustu stíflurnar ein af annarri. Allir sem vettlingi gátu valdið tóku þátt í björgunarsörfum og var fólk sem misst hafði heimili sín flutt til borgarinnar Steenwijk þar sem íbúum fjölgaði um 1.600 manns á nokkrum dögum. Í byrjun mars hafði vatnið sjatnað og fólk gat byrjað að endurreisa heimili sín og stíflugarðana.

Enn þann dag í dag verjast Hollendingar vatninu en síðasta mannskæða flóðið varð 1953 þegar 1.835 manns fórust í suðurhluta Hollands.

### MERKISATBURÐIR:

- 1994 Bill Clinton Bandaríkjaforseti afléttir viðskiptahöftum á Víetnam.
- 1981 Gro Harlem Brundtland kosin forsætisráðherra Noregs.
- 1981 Síðasti torfbærinn í Reykjavík, Litla-Brekka við Suðurgötu, rifinn.
- 1975 Gunnar Þórðarson hlýtur listamannalaun fyrstur popptónlistarmanna.
- 1967 Jimi Hendrix hljóðritar plötuna Purple Haze.
- 1962 John F. Kennedy bannar öll viðskipti við Kúbu nema með lyf og matvæli.
- 1916 Triztan Tzara kemur fram með dada-liststefnunni í Sviss.

SJÚKRALÍÐAFÉLAG VESTMANNAEYJA: 30 ÁRA

## Hundruð kleina til sölu

„Við höldum upp á afmælið á laugardagskvöldið með mat og skemmtiatriðum. Fyrir um daginn buðum við upp á fría blóðþrýstings- og blóðsykursmælingu í Líknarhúsinu og vorum þá með heitt á könnunni,“ segir Torfhildur Þórarinsdóttir formaður sjúkraliðafélagsins í Vestmannaeyjum en félagið varð 30 ára í gær.

Í félaginu eru 39 sjúkraliðar en flestir hafa þeir verið 46 talsins og hefur Torfhildur veitt félaginu forstöðu síðustu tvö árin. Fleira er á döfinni hjá sjúkraliðum í tilefni afmælisins og ætla hópurinn meðal annars í utanlandsferð.

„Við erum búnar að safna lengi í ferðasjóð út af þessum tímamótum og ætlum að fara til Barcelona í apríl í menningar- og vísindaferð,“ segir Torfhildur en í Barcelona ætla hópurinn að heimsækja öldrunarstofnanir og sjúkrahús en líka að skoða búðirnar og veitingastaðina. Hún segir þáttökuna góða enda búið að safna dágóðum sjóði til ferðarinnar.

„Við erum búnar að gera eitt og annað til að safna í ferðasjóðinn og erum bara nokkuð vel stöndugar. Við höfum steikt hundruð kleina og seljum handklæði og fleira en kleinurnar renna út. Svo fyrir ári höldum við heilsudag. Þá buðum við upp á blóðþrýstings- og blóðsykursmælingar og söfnuðum þar heimiklu,“ bætir hún við. Þar kynnti félagið einnig starfið og sjúkraliðanámið fyrir unga fólkinu en Torfhildur segir meiri endurnýjun þurfa í stéttina. Hún segir námið ekki nógu vinsælt og launin laði ekki að auk þess sem margir setji fyrir sig vaktavinnu en allt standi þetta til bóta.

„Launin hafa batnað og þetta er hægt og sígandi á réttari leið en í gömlum fundargerðum má lesa um baráttu í kjaramálum og menntamálum og baráttu fyrir bættari vinnuaðstöðu sem eru enn þá aðalmálin,“ segir Torfhildur og rifjar upp þegar sjúkraliðar í Vestmannaeyjum náðu fram launahækkun með samstilltu átaki og sögðu allir sem einn upp störfum á sjúkrahúsinu. „Þetta var árið 1986 og við náðum þarna fram bættum kjörum og vorum á tímabili hæst launuðu sjúkraliðar á landinu,“ rifjar hún upp og bætir við að nú sé von um nýja félaga þar sem níu manns stundi sjúkraliðanám við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum.

„Sem betur fer er endurnýjun í deildinni og hún styrkir okkur en flestir af þessum níu sem eru að útskrifast núna eru þó á sjúkraliðabrunni,“ útskýrir hún en það er styttra nám fyrir þá sem eru búnir að starfa lengi við fagið en vilja öðlast réttindin.

Það er þó ekki að heyra neinn bilbug á Torfhildi og hún



SJÚKRALÍÐAR Torfhildur, Jenna, Ella og Badda hafa steikt hundruð kleina til fjárflyunar.



SJÚKRALÍÐAFÉLAGIÐ Í VESTMANNAEYJUM Félagið er 30 ára um þessar mundir.

er bjartsýn á framtíð sjúkraliðafélagsins. Hún segir líflegt starf fara þar fram og hópurinn geri ýmislegt saman.

„Já við höfum alltaf haft mjög líflegt starf og félagslíf- ið hjá okkur er mjög gott, við stofnuðum fyrir um sex árum „Sjúkraliðalund“ og þar gróðursetjum við tré og grillum með fjölskyldunni. Svo erum við með jólafundir á hverju ári og þá er alltaf heimikið húllumhæ,“ segir hún að lokum.

heida@frettabladid.is



Við þökkum af albug fjölskyldum okkar, vinum, samstarfsfólki og öllum sem sýndu okkur hlýju og stuðning vegna fráfalls elskulegs sonar okkar og bróður,

**Jóns Gunnars Stefánssonar**

Sérstakar þakkir færðum við séra Sigfinni Þorleifssyni.

Þorgerður Gylfadóttir Stefán V. Jónsson  
Rebekka Stefánsdóttir  
Rut Stefánsdóttir Helgi Magnússon  
Sigrún Sif Stefánsdóttir Ólafur Harðarson



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýbug vegna fráfalls og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, systur okkar og ömmu,

**Gunnþórunnar Jónasdóttur (Gundu)**

Gnoðarvogí 56, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Landspítala - háskóla-sjúkrahúss.

Einar S. Ingólfsson Dagur Freyr Ingason  
Ásta Einarsdóttir Örn Jónasson  
Pétur J. Jónasson  
Gunnar Jónasson  
og barnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Valborg Guðjónsdóttir**

lést að hjúkrunarheimilinu Grund, laugardaginn 26. janúar sl. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju, miðvikudaginn 6. febrúar nk. kl. 15.00. Blóm afþökkuð en þeim sem vildu minnast Valborgar er bent á Minningarsjóð Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Grundar.

Edda V. Sigurðardóttir Ingibjörg Sigurðardóttir  
Guðjón Sigurðsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarbug við andlát og útför mannsins míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Þorsteins Sölva Valdimarssonar**

áður til heimilis að Vesturbrún 28.

Sérstakar þakkir viljum við senda starfsfólki á 3. hæð á Hjúkrunarheimilinu Skjólí.

Bryndís I. Einarsdóttir Eggert Ó. Antonsson  
Sigríður Þorsteinsdóttir Eiríkur Hreinsson  
Þórunn G. Þorsteinsdóttir  
Valdimar F. Þorsteinsson Sesselja Jónsdóttir  
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar, barnsfaðir, bróðir, mágur og frændi,

**Marinó Traustason**

frá Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu þann 20. janúar 2008. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

Fyrir hönd aðstandenda

Breki, Kalli og Birta Marinósborn  
Lilja Birgisdóttir Matthildur Matthíasdóttir  
Ólafur Traustason  
Ómar Traustason  
og fjölskyldur.

### FEBRÚARTILBOÐ

á legsteinum og fylgihlutum

10-50% afsláttur

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík  
Sími 587 1960 - www.mosaik.is



ÁRBÆJARKIRKJA Léttmessan er gott tækifæri til að eiga góða og notalega kvöldstund.

## Létt sveifla í fyrstu léttmessu ársins

Árbæjarkirkja býður til fyrstu Léttmessu ársins 2008 sunnudagskvöldið 3. febrúar klukkan 20.00. Gospelkór Árbæjarkirkju verður í syngjandi sveiflu ásamt hljómsveit og flytur lög undir stjórn Þóru Gísladóttur.


Þá mun Kristín Björnsdóttir, kennari og doktorsnemi í fótunarfræðum, flytja hugvekju. Forsvarsmenn segja í tilkynningu vona að messan geti verið gott tækifæri til að rækja andlega hliðina og eiga góða kvöldstund.



febrúar 2008  
**Sport**  
[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM ÍPRÓTTIR ]

# SKYNDIDAUÐI KNATTSPYRNUMANNA

» KNATTSPYRNUHREYFINGIN LEITAR LEIÐA  
TIL AÐ STÖÐVA HIÐ VAXANDI MEIN



» EIDUR SMÁRI  
MÆLTI MEÐ HEMMA VIÐ  
HARRY REDKNAPP

» 5 ERFIÐUSTU ANDSTÆÐINGAR  
ATLA EÐVALDSSONAR

» ÓLAFUR JÓHANNESSON  
SVARAR ÖÐRUVÍSI  
SPURNINGUM

» HVER ER ÞESSI  
ALEXANDER PATO?

Iceland Express   
með ánægju

1011  
...alltaf opið!

  
vörður

  
vodafone





# 10 TUGURINN

slökustu stórmótin hjá handboltalandsliðinu

HM í Túnis 2005 15. sæti  
Ísland vann tvo af fimm leikjum undir stjórn Viggós Sigurðssonar, endaði í fjórða sæti í sínum riðli og komst ekki áfram í milliriðil.

HM í A-Þýskalandi 1974 14. sæti  
Ísland tapaði öllum þremur leikjum sínum undir stjórn Karls G. Benediktssonar og endaði í fjórða og neðsta sæti í sínum riðli.

HM á Íslandi 1995 14. sæti  
Ísland vann 3 af 5 leikjum í sínum riðli undir stjórn Þorbergs Aðalsteinssonar en

tapaði síðan 12-25 fyrir Rússum í 16 liða úrslitum og 23-28 fyrir Hvít-Rússum í leikjum um sæti.

HM í Danmörku 1978 13. sæti  
Ísland tapaði öllum þremur leikjum sínum undir stjórn Hilmars Björnssonar og endaði í fjórða og neðsta sæti í sínum riðli.

EM í Slóveníu 2004 13. sæti  
Ísland tapaði tveimur af þremur leikjum sínum undir stjórn Guðmundar Guðmundssonar, vann ekki leik og endaði í fjórða og neðsta sæti í sínum riðli.



ÓL í München 1972 12. sæti  
Ísland vann einn af þremur leikjum sínum undir stjórn Hilmars Björnssonar og endaði í þriðja sæti í sínum riðli. Ísland tapaði síðan 17-20 fyrir Póllandi og 18-19 fyrir Japan í leikjum um sæti 9 til 12.

HM í Frakklandi 1970 11. sæti  
Ísland vann einn af þremur leikjum sínum undir stjórn Hilmars Björnssonar og endaði í þriðja sæti í sínum riðli. Ísland tapaði síðan 15-19 fyrir Sovétríkjunum og 19-20 fyrir Japan en vann Frakkland 19-17 í leikjum um sæti 9 til 12.

EM í Króatíu 2000 11. sæti  
Ísland tapaði öllum fimm leikjum sínum undir stjórn Þorbjarnar Jenssonar og endaði í 5. og neðsta sæti í sínum riðli. Vann síðan 26-25 sigur á Úkraínu í leiknum um 11. sæti.

HM í Frakklandi 2001 11. sæti  
Ísland vann 2 af 5 leikjum í sínum riðli undir stjórn Þorbjarnar Jenssonar og endaði í þriðja sæti í riðlinum. Ísland tapaði síðan 27-31 fyrir Júgóslavíu í 16 liða úrslitum.

EM í Noregi 2008 11. sæti  
Ísland vann einn af þremur leikjum sínum undir stjórn Alfreðs Gíslasonar og endaði í þriðja sæti í sínum riðli. Vann svo einn af þremur leikjum sínum í milliriðli en endaði í sjötta og neðsta sæti hans.

# EIÐUR MÆLTI MEÐ HEMMA

Landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen gaf félaganum sínum Hermann Hreiðarssyni sín bestu meðmæli þegar **Harry Redknapp**, knattspyrnustjóri Portsmouth, spurði hann álits um íslenska varnarmanninn í sumar. Redknapp fékk Hermann til Portsmouth til að spila í stöðu miðvarðar en er hæstánægður með frammistöðu hans sem bakvörður á tímabilinu.

## EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON

Ég rakst á Eið Smára og við spjölluðum saman um nokkra leikmenn. Hann veit augljóslega allt um Hermann og taldi að hann yrði mikill styrkur fyrir okkar lið. Hann sagði að helsti styrkur Hermanns væri karakterinn og að við værum öruggir um að hann gæfi sig allan í hvern einasta leik," sagði Harry Redknapp þegar hann var spurður út í þátt Eiðs Smára. Teljast verður hæpið að meðmæli Eiðs hafi riðið baggamuninn í ákvörðun Harry að fá Hermann til Portsmouth en hann hefur áður greint frá því að hann hafi verið mikill aðdáandi íslenska varnarmannsins í langan tíma. Hermann kostaði Portsmouth ekki krónu því hann losnaði undan samningi sínum við Charlton þegar liðið féll úr úrvalsdeildinni síðasta vor.

## Í MIKLUM METUM HJÁ HARRY

Harry segist upphaflega hafa ætlað að láta Hermann spila sem miðvörður við hlið Sol Campbell en koma Sylvain Distin til liðsins hafi þýtt að Hermann hentaði betur í stöðu vinstri bakvarðar. „Hann hefur staðið sig mjög vel. Eini gallinn er að hann á það til vera svolítið óruggur með boltann. Hermann finnst ekki eins þægilegt að vera með boltann og Glen Johnson en hann er frábær varnarmaður," segir Harry en ítrekar að Hermann bæti fyrir alla sína galla með einstakri ósérhlfni og baráttuanda. „Hermann er frábær náungi sem býr yfir miklum sigurvilja. Hann er leikmaður sem maður vill hafa í sínu liði en ekki í liði andstæðinganna. Hann er leikmaður sem gefur sig allan fyrir málstaðinn og þegar hann kemst í sinn ham þá borgar sig ekki að abbað upp hann. Hann spilar af mikilli ástríðu og elskar að fara í tæklingar," segir Harry jafnframt.

Harry Redknapp er mjög ánægður með frammistöðu Hermanns Hreiðarssonar með Portsmouth á tímabilinu.

SPORT/GETTY IMAGES



Hermann og Eiður Smári þekktast vel eftir að hafa spilað saman með íslenska landsliðinu síðustu árin. Eiður sagði að Hermann yrði frábær viðbót við leikmannahóp Portsmouth.

Hermann gengur að sjálfsögðu undir gælunafninu „Hermannator“ hjá Portsmouth. Þessi mynd af okkar manni fylgdi blaðgrein sem birtist í staðarblaði Portsmouth og sagði frá samtali Eiðs Smára og Harry Redknapp.

Eftir að hafa átt fast sæti í liði Portsmouth framan af leiktíð missti Hermann sæti sitt til Noe Paramot um tíma í desember sl. Hann komst aftur í byrjunarliðið í janúar en var þó ekki í byrjunarliðinu í leiknum gegn Manchester United í síðustu viku.

„Hermann mun koma til baka og leggja enn harðar að sér til að vinna sæti sitt á ný. Hann er leikmaður sem við fengum frítt og ég er mjög ánægður með frammistöðu hans í treyju Portsmouth. Það voru frábær viðskipti að semja við Hermann," sagði Harry.



## DRAUMALÍÐIÐ

» **ARNAR GUNNLAUGSSON** ákvað að leggja takkaskóna á hilluna í lok síðasta tímabils eftir að hafa átt afar farsælan feril, lengst af sem atvinnumaður í hinum ýmsu löndum. Hann ólst upp hjá ÍA og vakti snemma athygli fyrir hæfileika sína fyrir framan mark andstæðinganna. Hann fór ungur að aldri til Feyenoord í Hollandi og varð síðar atvinnumaður hjá Nürnberg, Sochaux, Bolton, Leicester, Stoke og Dundee. Á Íslandi hefur Arnar einnig leikið með KR og FH og í 106 leikjum í efstu deild hefur hann skorað 60 mörk. Þá á hann 32 landsleiki að baki. Sport fékk Arnar til að velja og stilla upp 11 bestu leikmönnum sem hann spilaði með og mætti á sínum ferli.

„Nöfnin tala sínu máli – þetta lið myndi sennilega aldrei missa boltann og mörk eru líkleg úr öllum stöðum. Mér finnst Ronaldo vera fremstur meðal jafningja í þessu liði, ótrúlegur knattspyrnimaður sem er tvímælalaust einn af þeim betri í sögunni. Það er synd hvernig ofþjálfun fór með hans feril," segir Arnar.





# VETRARDEKK

## NEGLANLEG



**AMTEI**

**NordMaster**

	Stærð	Mál	útsöluverð
NordMaster ST	13"	175/70R13	5.990
NordMaster ST-310	14"	175/R6514	6.600
NordMaster ST	14"	185/65R14	6.900
NordMaster ST	15"	195/65R15	7.990
NordMaster ST	15"	205/65R15	8.600
NordMaster ST	15"	205/70R15	8.900
NordMaster ST-310	16"	205/55R16	9.990



# Stilling

[www.stilling.is](http://www.stilling.is) // [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)



## ÍBÚNINGSKLEFANUM

Með Magnúsi Gunnarssyni – leikmanni körfuboltaíðs Keflavíkur

### Hver er verst klæddur?

Keflvíkingurinn Jón Gauti Jónsson er með rosa skríttinn smekk á fötum. Hann vill alltaf klæðast sem mestum litum.

**Hver er best klæddur?** Þann mann er að finna í landsliðnu og heitir Hreggviður Magnússon. Hann er alltaf í jakkafötum og er óheyrilega snyrtilegur.



### Hver hlustar á verstu tónlistin?

Jón Gauti aftur. Það er eitthvað skrítið við hann sem gerir hann öðruvísi en aðra. Þótt hann sé skríttinn er Jón Gauti samt góður gaur.

**Hver á flottasta bílinn?** Það munu vera ég sjálfur og Arnar Freyr Jónsson. Ég er á BMW en Addi er á flottum Ford Explorer.

**Hver á ljótasta bílinn?** Vilhjálmur Steinarsson á bíl sem er kallaður Bláa þruman og hann er ekki að gera gott mót á þeim bíl.

**Hver er stæltastur?** Gamli maðurinn í Keflavík, Gunnar Einarsson. Konan



hans er alveg búin að taka hann í gegn og karlinn er í svakalegu formi

### Hver er alltaf á síðustu stundu?

Sigurður Sigurbjörnsson og Þröstur Leó eiga það sameiginlegt að eiga í miklum erfiðleikum með að mæta á réttum tíma.

**Hver eyðir mestum tíma fyrir framan spegilinn?** Jonni (Jón Nordal Hafsteinsson) er þess heiðurs aðnjóandi, enda er

hann fyrirsæta og þær þurfa víst að hugsa um útlitið. Það er ábyggilega erfitt að líta eins vel út og Jonni.



### Hver er hjá-

**trúarfullstur?** Það er enginn einn. Í öllum heimaleikjum stíjum við samt allir á okkar sama stað í klefanum og við gerum alltaf það sama í upphitun. Það má því segja að liðið allt sé nokkuð hjátrúarfullt.

# 5 ERFIÐUSTU ANDSTÆÐINGARNIR

Atli Eðvaldsson er einn ástsælasti knattspyrnumaður sem Ísland hefur alið og státar af löngum og farsælum ferli, lengst af sem atvinnumaður í Þýskalandi og leikmaður Vals og KR á Íslandi. Atli lék í Þýskalandi á þeim tíma sem Vestur-Þjóðverjar höfðu á að skipa einhverju alsterkasta landsliði heims og fékk þar að kljást

við marga af fremstu leikmönnum liðsins. Sport fékk Atla til að velja fimm erfiðustu andstæðinga sína á ferlinum.

EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON



**HANS PETER BRIEGEL**

Hann var tugþrautarmaður sem byrjaði að æfa fótbolta 17 ára gamall. Algjört tröll að burðum, rúmlega 190 cm á hæð og yfir 100 kg en samt með mikinn hraða og gríðarlegan stökkkraft. Þjálfun hans í tugþrautinni kom honum svo sannarlega að notum í fótboltanum og með þrotlausri þjálfun allan ferilinn bætti hann sig stöðugt sem knattspyrnumaður. Hann var hrikalega erfiður við að eiga og lét mann venjulega finna vel fyrir því, enda ekki að ástæðulausu sem menn fá viðurnefnið „Valtarinn“.



**IVAN BULJAN**

Landsliðsmaður Júgóslavíu í mörg ár sem spilaði með Hamborg í Þýskalandi í kringum 1980. Þá var hann kominn á síðari hluta ferilsins og fór langt á reynslunni. Hann var mjög skynsamur leikmaður sem bjó yfir miklum leikskilningi. Hann var ólíkur Briegel á velli, en samt var alveg jafn erfitt að komast fram hjá honum.



**KARL-HEINZ FÖRSTER**

Þýskur landsliðsmaður sem spilaði með Stuttgart. Hann er lifandi sönnun um það hvað hægt er að gera með því að leggja aðeins meira á sig en aðrir. Hann æfði lengur og betur en aðrir. Hann var maðurinn sem í flestum tilfellum leysti vandamál þýska landsliðsins þegar átti að einangra framherja móterjanna. Hann var eins og frímerki á sóknarmönnum allan leikinn og gat verið mjög grófur í þokkabót. Það var ekki gaman að mæta Förster.



**DITMAR JAKOBS**

Hann spilaði með Hamborg og var þar í miðri vörninni, bæði sem „libero“ og miðvörður. Hann var stór og sterkur og klárlega einn af bestu varnarmönnum Þýskalands á sínum árum, enda var hann einn af mættarstólpuum meistaraíðs Hamborgar sem meðal annars vann Meistaradeildina 1983. Hann hafði allt sem þýða þarf góðan varnarmann og með afar fáa veikleika.



**KLAUS AUGENTHALER**

Hann spilaði allan sinn feril hjá Bayern-München og varð margfaldur meistari með þeim. Hann er þessi „100% týpa frá Bæjaralandi“. Hann var ofsalega skynsamur en jafnframt harður leikmaður sem gafst aldrei upp. Þegar maður hélt að það hefði tekist að komast fram hjá honum var hann kominn aftur í bakið á manni og það er aðdáunarverður eiginleiki hjá varnarmönnum. Hann lagði sig alltaf allan fram og það gerði hann að einum öflugasta varnarmanni heims.



Atli Eðvaldsson á sínum yngri árum sem leikmaður í Þýskalandi. Eftir að leikmannaférlinum lauk hefur Atli fengist nokkuð við þjálfun með góðum árangri.



**F**rá árinu 1980 til 1988 lék Atli Eðvaldsson með Borussia Dortmund, Fortuna Düsseldorf og Bayer Uerdingen í þýsku úrvalsdeildinni en fram að þeim tíma hafði hann leikið með Val á Íslandi. Eftir stutt stopp á Hlíðarenda sumarið 1988 hélt Atli aftur til Þýskalands og spilaði með TuRu Düsseldorf. Eftir skamma viðdöl hjá tyrkneska liðinu Genclerbirligi SK Ankara sneri Atli til KR árið 1990 þar sem hann lék í nokkur ár. Atli lauk leikmannaférlinum hjá HK í Kópavogi árið 1994. Athygli vekur að allir fimm erfiðustu andstæðingar Atla eru frá tíma hans í Þýskalandi. „Þetta voru

allt frábærir fótboltamenn sem spiluðu fyrir góð lið í þýsku úrvalsdeildinni. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa verið algjörir „naglar“ sem gáfu ekkert eftir,“ segir Atli. Eftir því sem leið á ferilinn færði Atli sig aftur á völinn og sín síðustu ár lék hann að mestu leyti í vörninni, eftir að hafa skapað sér í fyrstu nafn sem alhliða sóknarmaður. Sú staðreynd að erfiðustu andstæðingar Atla eiga það sammerkt að vera varnarmenn gefur til kynna að honum hafi þótt auðveldara að hafa tók á sóknarmönnum andstæðingsins hverju sinni.

## Boltinn í Suður-Evrópu: Einar Logi Vignisson



Hið eilífa melódrama er órjúfanlegur þáttur í fótboltanum í rómönskum löndum. Skrif í norðevrópsk blöð um fótboltann í Suður-Evrópu taka mark af melódrámanu og undirliggjandi þráður í skrifum helstu sérfræðinga er kómik og kaldhæðni. Sést það gleggst í bresku blöðunum hjá mönnum eins og Sid Lowe, Phil Ball og James Richardson. Undirritaður er ekki alsaklaus af slíku í skrifum sínum um suðurlandaboltann í íslensk blöð sl. 12 ár.

### Verður ekki þjálfari ársins

Upphaldsknattspyrnumaður minn í gegnum tíðina er Roberto Mancini sem á leikjameitið með mínu eftirlæti-slíði, Sampdoria. Mancini var alveg einstaklega klár knattspyrnumaður og mikill fyrirliði. Þótti snemma efni í



knattspyrnustjóra þótt vinir mínir í Genóa hafi ekki verið sannfærðir. Álitu margir Mancini vitleysing, einkum sökum erfiðleika í einkalífi (var kokkáláður af samherja sínum sem skaðaði karlmennskumynd hans) og misheppnaðra fjárfestinga með tengdafólki sínu.

Þessir mælikvarðar á greind Mancini reyndust handónýtir, hann hefur sannað sig sem einhver slægasti stjórinn í Evrópuboltanum í dag. Hann

**Roberto Mancini er töffari sem náð hefur stórkostlegum árangri með Inter. Hann kemur hins vegar ekki til greina sem þjálfari ársins.**

SPORT/AFP

## ENN ÓHLJÓÐ Í STROKKI INTER

leiddi Inter til meistaratitils sl. vor og setti liðið stigamet. Liðið hefur verið frábært það sem af er hausti. Það kom því gífurlega á óvart þegar Mancini var ekki einn þeirra þriggja sem leikmannasamtökin tilnefndu sem þjálfara ársins. Tilnefndir voru Ancelotti (Milan), Prandelli (Fiorentina) og Spalletti (Roma) sem hrepti titilinn.

Ég var ekki einn um að finna þetta snautlegur gjörningur hjá ítölskum fótboltamönnum, það má segja að það hafi verið viðtekin skoðun í öllum helstu blöðunum. Mér datt því í hug að lag væri að skrifa eilítra lofgrein um Mancini og lið Inter. Bæta í leiðinni aðeins fyrir að hafa oft og iðulega gert mikið grín að óláni félagsins en segja má að fullkomið niðurlægingskeið hafi ríkt hjá liðinu í 15 ár allt þar til nýhafði blómaskeið hófst.

Aðdáendur gerðu sumir hverjir líka grín eins og best má sjá í bókinni „Leiðarvísir til lífsbjargar Intermannsins“ eftir tvo spéflugla og ævilanga stuðningsmenn liðsins.

### Ekki komist hjá kvabbi

En nú ber svo við að bæði stjórnendur og fylgismenn Inter hafa alveg misst húmorinn. Mancini og leikmennirnir eru þessa dagana í sjálfskipuðu fjölmiðlabanni sökum illrar meðferðar hjá blaðamönnum og dómurum. Segja valið á þjálfara ársins enn eitt dæmið um að árangri liðsins sé ekki sýnd næg virðing. Ofan á bætast hálf fjarstæðukenndar ásakanir á hendur dómurum sem er alveg dásamlega út í hött ef úrslit leikja eru skoðuð. Eftir umræðu síðastliðinna daga var mér eiginlega öllum lokið og sá að svona oflæti og vitleysisgangur verðskuldar ekki lof heldur háð. Kannski er þessi hegðun sökum þessa að Intermenn geta hreinlega ekki vanið sig af fylgunni eftir allan mótbyrinn. Þriðja lífsbjargarregla Intermannsins, úr bókinni góðu, virðist ætla að vera lífseig. Hún hljóðar svo: „Kvabb er óhjákvæmilegt, sættu þig við að þú átt eftir að vera í fylgu í mörg ár.“



Reikningar Netbankans skiluðu framúrskarandi ávöxtun á síðasta ári, eins og mörg undanfarin ár.  
**Gerðu samanburð!**



## Nafnávöxtun 2007

Markaðsreikningur **12,31 – 14,59%**

Verðtryggðir reikningar **12,04 – 12,75%**

Framtíðarreikningur **12,94%**

Lífeyrisreikningur **12,94%**

## Við gerum enn betur

Markaðsreikningur ber nú allt að **15,05%** vexti, sem er með því allra besta sem gerist meðal sambærilegra reikninga.

## Farðu inn á [www.nb.is](http://www.nb.is)

Stofnaðu reikning og fjárfestu í sparnaði á réttum stað.

[www.nb.is](http://www.nb.is)

 **Netbankinn**  
– með betri vexti



# 11 LÁTIST Á TÆPUM FIMM ÁRUM

Pó svo að andlát þeirra **Marc-Vivien Foé, Miklos Feher, Antonio Puerta og Phil O'Donnell** hafi farið hæst í umræðunni um skyndidauða knattspyrnumanna eru þeir langt frá því þeir einu sem hafa orðið bráðkvaddir á fótboltavellinum síðustu ár. Segja má að dauði **Foé** hafi hrundið af stað ákveðnum faraldri sem enn sér ekki fyrir endann á. Í öllum tilvikum hefur krufning leitt í ljós hjartavöðvasjúkdóm eða hjartagalla.

#### Marc-Vivien Foé – 26. júní, 2003



Bráðkvaddur í landsleik Kamerún og Kólumbíu í Álfukeppninni.

#### Miklos Feher – 25. janúar, 2004



Bráðkvaddur í leik með Benfica gegn Vitoria S.C. í portúgölsku úrvalsdeildinni.

#### Serginho – 27. október, 2004



Bráðkvaddur í leik með Sao Caetano gegn Sao Paulo í brasilísku úrvalsdeildinni.

#### Hugo Cunha – 25. júní, 2005



Lykilmaður Uniao Leiria í portúgölsku úrvalsdeildinni. Varð bráðkvaddur þegar hann lék sér með vinum sínum í fótbolta í sumarfríinu.

#### Paul Sykes – 12. apríl, 2005



Bráðkvaddur í leik með Folkestone Invicta gegn Margate í ensku utan-deildinni.

#### Mohamed Abdelwahab – 31. ágúst, 2006



Lykilmaður í landsliði Egyptalands. Bráðkvaddur á æfingu með liði Ahly í heimalandi sínu.

#### Matt Gadsby – 9. september, 2006



Bráðkvaddur í leik með Hinckley United gegn Harrogate Town í ensku utandeildinni.

#### Ivan Karacic – 27. mars, 2007



Bráðkvaddur í æfingaleik með liði sínu NK Brijeg. Hann var 19 ára gamall.

#### Antonio Puerta – 28. ágúst, 2007



Bráðkvaddur í leik með Sevilla gegn Getafe í spænsku úrvalsdeildinni.

#### Chaswe Nsofwa – 29. ágúst, 2007



Bráðkvaddur í æfingaleik með liði sínu Hapoel Beersheba í Ísrael.

#### Phil O'Donnell – 29. desember, 2007



Bráðkvaddur í leik með Motherwell gegn Dundee United í skosku úrvalsdeildinni.

## GRIPID TIL AÐGERÐA GEGN SKYNDIDAUÐA KNATTSPYRNUMANNA

Ótímabær dauðsföll leikmanna hafa varpað dimmum skugga á knattspyrnuheiminn síðustu ár. Reglulega heyrast fréttir af svokölluðum skyndidauða leikmanna í miðjum kappleik og til að reyna að koma í veg fyrir að slíkur harmleikur eigi sér stað á Íslandi verður aðildafélögum KSÍ í efstu deild karla gert skylt að láta leikmenn sína gangast undir árlega hjartarannsókn.

#### EFTIR VIGNI GUÐJÓNSSON

Allt frá því að Marc-Vivien Foé, landsliðsmaður Kamerún, varð bráðkvaddur þegar skammt var eftir af leik Kamerún og Kólumbíu í Álfukeppninni sumarið 2003 hefur umræðan um svokallaðan skyndidauða íþróttamanna aukist jafnt og þétt. Slík dauðsföll hafa komið upp með reglulegu millibili síðustu ár og er nýlegasta dæmið af Phil O'Donnell, 36 ára gömlum fyrirliða skoska úrvalsdeildarliðsins Motherwell, sem hneig niður í kappleik á milli jóla og nýárs. Hann komst aldrei aftur til meðvitundar og lést á sjúkrahúsi nokkrum klukkustundum síðar.

Dæmin um þessi ótímabæru dauðsföll knattspyrnumanna í blóma lífsins skipta tugum, og er þá ekki horft aftur um lengri tíma en áratug. Í flestum tilvikum er um að ræða tiltölulega óþekkt knattspyrnumenn en af sambærilegum tilvikum og Foé má nefna Antonio Puerta, spænskan landsliðsmann hjá Sevilla, og Miklos Fehér, ungverskan landsliðsmann hjá Benfica, sem létust beinlínis fyrir augum almennings, í beinni útsendingu sjónvarps. Blessunarlega hafa slík tilfelli ekki orðið á opinberum vettvangi hér á landi, en þó eru nokkur dæmi um að Íslendingar hafi fallið frá við íþróttastundun.

#### UEFA HEFUR ÁHYGGJUR

Alþjóða knattspyrnusambandið, FIFA, og Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, hafa eðlilega miklar áhyggjur af þróun mála og hafa síðustu misseri unnið að áætlunum sem ætlað er að koma í veg fyrir slík dauðsföll eftir fremsta megni. UEFA hefur ákveðið að frá og með næsta keppnistímabili verði knattspyrnufélögum gert skylt að láta alla sína leikmenn gangast undir árlega lækniannsókn, sem meðal annars felur í sér ítarlega hjarta-, æða- og blóðrannsókn, auk þess sem farið verður

vandlega í gegnum sjúkdómasögu innan fjölskyldu viðkomandi.

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, er aðili að UEFA og staðfestir Ómar Smárason, leyfisgjafi KSÍ, að félög í Landsbankadeild karla munu þurfa að laga sig að hertum reglugerðum UEFA hvað þetta varðar. Það mun þó ekki verða fyrir en keppnistímabilið 2009, meðal annars vegna hins mikla kostnaðar sem skoðunin felur í sér.

#### 55 ÞÚSUND KRÓNUR Á LEIKMANN

Þórarinn Guðnason, hjartasérfræðingur á Landspítalanum, og Sveinbjörn Brandsón, bæklunarlæknir og læknir íslenska karlalandsliðsins, unnu tillögu fyrir KSÍ að því hvernig slíkri lækniannsókn yrði háttáð miðað við þær aðstæður sem eru hér á landi. Að sögn Ómars leiddi sú vinna í ljós að kostnaður fyrir hvern þann leikmann sem færi í skoðunina yrði 55 þúsund krónur. Ef miðað er við að félög í efstu deild hafi á að skipa 25-30 manna leikmannahóp nær heildarkostnaðurinn vel á aðra milljón króna. „Og það er

rosalega mikill pakki fyrir fátæk íslensk félög,“ segir Ómar.

Vegna þessa mikla fyrirhugaða kostnaðar fékk KSÍ frest til ársins 2009 til að koma á móts við kröfur UEFA. „Við erum að reyna að finna leiðir til að minnka þennan kostnað og erum að skoða ýmsa möguleika í því samhengi. Það á eftir að koma í ljós hvernig það fer en við erum meðal annars í viðræðum við UEFA um að þeir komi móts við þennan mikla kostnað með fjármagni úr sínum sjóðum,“ segir Ómar. En hver svo sem endanlegur kostnaður félaga verður er ljóst að allir leikmenn í efstu deild karla munu þurfa að gangast undir slíka lækniannsókn frá og með næsta ári, ellegar fái þeir ekki leyfi til að taka þátt í mótum á vegum KSÍ.



Ómar Smárason og félagar hjá KSÍ leita nú leiða til að minnka þann kostnað sem félög landsins þurfa að bera vegna hinnar árlegu lækniannsóknar.



## UPPGÖTVAÐIST Í OFNÆMISPRÓFI

Arnar Jón Sigurgeirsson var með hjartagalla sem hefði ábyggilega uppgötvast í rannsókn sambærilegri þeirri sem fyrirhuguð er að knattspyrnumenn gangi í gegnum frá og með næsta ári.



Einskær tilviljun varð til þess að hjartagalli uppgötvast í Arnari Jóni Sigurgeirssyni, leikmanni Víkings, sumarið 2005. Hann var þá staddur hjá lækni vegna ofnæmisprófs sem hann átti að gangast undir og vildi lækningin endilega fá að hlusta hann. Arnar Jón var þá 26 ára gamall og hafði verið hlustaður ótal sinnum á lífsleiðinni, án þess að nokkrar athugasemdir hefðu verið gerðar. En umræddur læknir heyrði einhver undarleg

hljóð í brjósti Arnars Jóns og ákvað að senda hann í frekari rannsóknir. Í ljós kom að lítið op var á æð sem liggur til hjartans og hafði það verið allt frá fæðingu. Arnar Jón fór í hjartaþræðingu án tafar og hlaut fulla bót meina sinna.

„Það má alveg segja að þetta hafi verið hálfgerð heppni,“ segir Arnar Jón, en fastlega má gera ráð fyrir að þessi meðfæddi hjartagalli Arnars Jóns hefði uppgötvast í sambærilegri lækniannsókn og þeirri sem leikmönnum efstu deildar verður gert að gangast undir frá og með næsta ári. „Læknarnir vilja meina að þessi kvilli geri það að verkum að of mikið álag verður á hjartanu til lengri tíma. Hann hefði getað orðið til þess að hjartað gæfi sig,“ segir Arnar Jón sem er í dag við hestaheilsu. „Vandamálið er algjörlega úr sögunni og ég á ekki að vera í meiri áhættu frekar en aðrir að spila fótbolta.“







## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF

#### Fræðsluvið:

- Ráðgjafi á leikskólaskrifstofu

#### Framkvæmda- og tæknisvið:

- Aðstoðarmaður skrifstofustjóra

#### Félagsstarf aldra, Gjábakki:

- Leiðbeinandi í handavinnu, afleysing
- Aðstoð í eldhús 62,5% - afleysing

#### Félagsþjónusta Kópavogs:

- Félagslíði í kvöldþjónustu
- Aðstoð við heimilisstörf

#### Róðasalir, sambýli og dagþjálfun fyrir heilabílaða:

- Sjúkralíði
- Starfsmaður í dagþjálfun 90-100%

#### Íþróttamiðstöðin Versalir:

- Afgreiðsla baðvarsla kvenna
- Laugarvarsla afgreiðsla, tímabundið

#### GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

##### Digranesskóli:

- Matráður á kaffistofu starfsmanna 100%

##### Kársnesskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi í Dægradvöl 50% e.hád.
- Íþróttasundkennari v/forfalla til vors

##### Kópavogsskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl

##### Lindaskóli:

- Skólaliði I – Dægradvöl 50% starf
- Forstöðumaður Dægradvalar

##### Snælandsskóli:

- Kórstjóri allt að 50% starf

##### Vatnsendaskóli:

- Starfsmaður í Dægradvöl 30-50%

**Nánari upplýsingar á:**  
**[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)**  
**[www.job.is](http://www.job.is)**

## Viðskiptastjóri



Orkuveita Reykjavíkur leitar að öflugum viðskiptastjóra til starfa hjá söludeild fyrirtækisins.

Fyrirtækið sækist eftir dugmiklum og jákvæðum einstaklingi sem getur axlað ábyrgð og tekist á við mjög krefjandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur og hafa frumkvæði.

Söludeild er ein af þremur deildum innan Sölusviðs Orkuveitunnar. Söludeild ber ábyrgð á viðskiptatengslum og þjónustu við viðskiptavini, sem og sölu á afurðum fyrirtækisins. Í deildinni er lögð áhersla á samvinnu og liðsheild.

#### Starfs- og ábyrgðarsvið

Viðskiptastjóri sinnir þjónustu við stærri viðskiptavini, ráðgjöf og sölu ásamt ýmsum öðrum sérverkefnum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði viðskipta eða tækni
- Reynsla af viðskiptastjórnun, ráðgjöf og sölu til fyrirtækja æskileg
- Þekking og reynsla af vörustjórnun æskileg
- Frumkvæði, metnaður og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Góð íslenskukunnátta



Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Orkuveitan er fjölbreyttur og lífandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnu-umhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er. Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.



• Vatnsveita Reykjavíkur var fyrsta vatnsveita á Norðurlöndunum með ISO 9001 vottað gæðakerfi.

[www.or.is](http://www.or.is)

Vísir leitar að vefforritara í fjölbreytt og skemmtileg verkefni.

Viðkomandi þarf að hafa þekkingu og reynslu í:

- forritun í .NET umhverfinu
- Web 2.0, css, html, xhtml, xml, javascript, ajax og fleiri skemmtilegum .net skammstöfum
- gagnagrunnstengingum (SQL), álitlegur kostur en ekki skilyrði
- Menntun í ofangreindu er æskileg en ekki skilyrði ef reynsla er fyrir hendi

Viðkomandi þarf einnig að hafa til að bera:

- Brennandi áhuga á vefnum, framtíðinni og fjölmiðlum
- Vera ábyrgðarfullur, vandvirkur, úrræðagóður og skemmtilegur.

Vefdeild 365 er metnaðarfullur og skemmtilegur vinnustaður, skipaður ungu fagfólki. Teymið vinnur að verkefnum sem móta framtíð vefmiðlunar og sér um rekstur vefja og vefsamfélaga sem eru meðal þeirra stærstu á landinu s.s. Vísir.is og blogcentral.is, gras.is, Plúsinn og fleiri.

Ef þú ert vefsnillingur og hefur áhuga á að starfa með okkur, sendu upplýsingar um menntun, aldur og fyrri störf á netfangið [thorlaug@365.is](mailto:thorlaug@365.is) eða hafðu samband í síma 6969170/512 5775.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið á íslenskum markaði.

Metnaðarfullt og framsækið vefteymi leitar að snillingi með framtíðarsamband í huga.



## Vilt þú vera verslunarstjóri?

**Subway leitar að verslunarstjóra í 100% starf.** Um er að ræða dagvinnu og býður starfið upp á sveigjanleika í vinnutíma. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir, jákvæðir og eiga gott með að vinna með ungu fólki. Æskilegur aldur er 25-50 ára. Góð laun í boði. Starfið felur í sér að þjálfa og stjórna ungu starfsfólki, skipuleggja vaktir, panta og hafa umsjón með birgðum, sjá um uppgjör og skýrslugerð ásamt því að afgreiða og þjónusta viðskiptavinum.

Þú finnur umsóknareyðublað á [www.subway.is](http://www.subway.is). Einnig er hægt að sækja um á stöðunum.

# SUBWAY

í *fínu formi*

Nánari upplýsingar veitir Anna Gyða í síma 530 7004

## Ævintýri alla daga

Leikskólinn Mariuborg, Mariubaug 3 óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfsfólk með aðra menntun eða reynslu.

**Mariuborg** er 5 deilda leikskóli í Grafarholti. Í Mariuborg er leikurinn hornsteinn leikskólastarfsins og mikil áhersla lögð á lífsleikninám með það að markmiði að byggja upp einstaklinga með sterka sjálfsmynd. Einkunnarorðin eru leikur, samskipti og námsgleði.

Verið velkomin í heimsókn á Mariuborg eða hafið samband við Guðnýju Hjálmarsdóttur, leikskólastjóra, í síma 577 1125 eða 693 9847.

[www.mariuborg.is](http://www.mariuborg.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið

[www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

## Alþjóðahús hyggst ráða 3 starfsmenn

Fulltrúar í túlkapjónustu, fræðsludeild og í upplýsingamál

**Fulltrúa í fræðsludeild**, sem hefur m.a. það hlutverk að flytja og semja fræðsluefni sérstaklega fyrir börn og unglinga og koma auga á spennandi nýjungar í því samhengi, kynna Áhús og fræðsludeildina og taka þátt í innlendu og erlendu samstarfi.

Leitað er að jákvæðum og opnum einstaklingi sem hefur háskólamenntun við hæfi, reynslu af kennslu eða þjálfun og af starfi í fjölmenningslegu umhverfi, jafnframt hæfni til þess að koma fram og miðla þekkingu á áhugaverðan og lifandi hátt. Gott vald á íslensku talmáli nauðsynlegt og önnur tungumálakunnátta mikilvæg.

Nánari upplýsingar veitir Sólveig Jónasdóttir, verkefnastjóri fræðsludeildar Alþjóðahúss, netfang: [solveig@ahus.is](mailto:solveig@ahus.is), sími 530 9309 og 693 6810.

**Starfsmanni í viðburðastjórnun**, sem hefur m.a. það hlutverk að skipuleggja viðburði sem Alþjóðahús kemur að, m.a. Þjóðahátíð, á Menningarnótt og við fleiri tækifæri.

Leitað er að einstaklingi með reynslu af skipulagningu viðburða, áhuga á starfi í fjölmenningslegu umhverfi og menntun við hæfi. Starfið er hlutaþing til að byrja með, en getur þróast í fullt starf á næstu misserum.

Nánari upplýsingar veitir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss, netfang: [einar@ahus.is](mailto:einar@ahus.is), sími 530 9310.

**Fulltrúa í túlkapjónustu**, sem hefur m.a. það hlutverk að taka niður og afgreiða túlkapantanir, hafa umsjón með vinnslu og útsendingu reikninga og vinna að verkefnum tengdum túlkapjónustu.

Leitað er að einstaklingi með góða samskiptahæfileika og ríka þjónustulund, reynslu og þekkingu af tölvuvinnslu í Access, Navision og Excel. Tungumálakunnátta mikilvæg.

Nánari upplýsingar veitir Sabine Leskopf, verkefnastjóri túlka- og þýðingapjónustu Alþjóðahúss, netfang: [sabine@ahus.is](mailto:sabine@ahus.is), sími: 530 9304 og 663 0502.

Umsóknir, með greinargóðum upplýsingum um umsækjanda, berist til ofangreindra netfanga eða á skrifstofu Alþjóðahússins í síðasta lagi þann 12. febrúar 2008. Æskilegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst. Eldri umsóknir óskað endurnýjaðar.

Í starfsmannaástefnu hússins er lögð sérstök áhersla á að fólk af mismunandi þjóðerni komi að starfi þess. Fólk af erlendum uppruna er því sérstaklega hvatt til að sækja um störf.

Nánari upplýsingar um Alþjóðahúsið er að finna á vefsíðunni [www.ahus.is](http://www.ahus.is).



## Rafvirkjar Rafvirkjar

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa sem allra fyrst. Mikil og fjölbreytt vinna. Upplýsingar gefur Friðrik í síma 8929160

Rafeining ehf • Flatahrauni 5,220 Hafnarfjörður.  
sími 5653049/8929160

### » Ráðningarpjónusta

Ert þú í atvinnuleit?  
Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhalddsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

### » Kannaðu málið á

[www.hhr.is](http://www.hhr.is)

HH  
RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík  
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is) • [www.hhr.is](http://www.hhr.is)



Við óskum eftir jákvæðum og hraustum konum og körlum til starfa við stöðuvörslu.

Stöðuvarsla er fjölbreytt starf sem krefst hæfni í mannlegum samskiptum og gengur út á að hafa eftirlit með að stöðureglur í borginni séu virtar.

Við útvegum allan vinnuklæðnað og þú getur valið þann vinnutíma sem hentar þér: 10–16 eða 12–16 eða 12–18 eða 9–18.

Hringdu – við erum í síma 411 3400  
Netfang – [albert.heimisson@reykjavik.is](mailto:albert.heimisson@reykjavik.is)



Reykjavíkurborg  
Bílastæðasjóður





Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

## MÆLINGAMAÐUR

Staða mælingamanns hjá áætlunum Suðvestursvæðis með aðsetur í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

### Starfssvið

- Vinna við gagnaöflun og mælingar
- Úrvinnsla mælinga
- Almenn þjónusta við deildir svæðisins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun
- Æskileg reynsla af mælingum
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er. Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

## LANDFRÆÐINGUR

Staða verkefnastjóra hjá áætlunum Suðvestursvæðis með aðsetur í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

### Starfssvið

- Umsjón með gagnaöflun vegna hönnunarverkefna
- Aðstoð við afgreiðslu skipulagsmála
- Skýrslugerð og upplýsingaþjónusta
- Vinna við gagnagrunna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Landfræðingur eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi (90 eininga háskólapróf)
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþórsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## FRAMKVÆMDASTJÓRI VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐS

Vatnajökulspjóðgarður auglýsir starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar.

Vatnajökulspjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Með stjórn stofnunarinnar og umsjón með rekstri þjóðgarðsins fer sérstök stjórn skipuð af umhverfisráðherra. Vatnajökulspjóðgarður skiptist í fjögur rekstrarsvæði sem rekin skulu sem sjálfstæðar rekstrareiningar á ábyrgð þjóðgarðsvarða. Hlutverk svæðisráða er að vera þjóðgarðsverði og stjórn Vatnajökulspjóðgarðs til ráðgjafar um málefni þjóðgarðsins á viðkomandi rekstrarsvæði.

Stjórn hefur umsjón með náttúruvernd í Vatnajökulspjóðgarði.

### Helstu verkefni stjórnar eru:

1. Stefnuþótun í málefnum þjóðgarðsins í samræmi við markmið laga þessara
2. Yfirumsjón með gerð tillögu að verndaráætlun og reglugerðar fyrir þjóðgarðinn
3. Gerð fjárhagsáætlunar um rekstur þjóðgarðsins, ráðstöfun fjár til rekstrarsvæða og samþykkt rekstraráætlunar hvers svæðis
4. Samræming á starfsemi rekstrarsvæða þjóðgarðsins
5. Eftirlit með framkvæmd reglna þjóðgarðsins og verndaráætlunar
6. Samstarf við stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila um málefni þjóðgarðsins

Framkvæmdastjóri starfar með stjórn þjóðgarðsins og fylgir eftir ákvörðunum stjórnar í umboði hennar. Framkvæmdastjóri vinnur náið með þjóðgarðsvörðum garðsins sem annast daglegan rekstur og stjórn viðkomandi rekstrarsvæða í umboði stjórnar.

### Eftirfarandi kröfur um menntun, reynslu og þekkingu eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu, fjármálastjórn og mannaforráðum
- Þekking á umhverfismálum og náttúruvernd
- Góð íslensku- og enskukunnátta auk Norðurlandamáls

### Eftirfarandi kröfur um hæfni eru hafðar til viðmiðunar við val á umsækjendum:

- Tekur ákvarðanir og fylgir þeim eftir
- Sýnir frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi
- Er skipulagður og með ríka þjónustulund
- Sýni lipurð í mannlegum samskiptum

Starf framkvæmdastjóra er auglýst án staðsetningar en áskilið að búseta hans þjóni hagsmunum þjóðgarðsins.

Laun eru ákvörðuð af kjararáði. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Sigurlaug Þorsteinsdóttir (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000





Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

### Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

#### Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Proskapjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

#### Deildarstjórar

Brekuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380  
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350

#### Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Berg við Kléberg, Kjalarnesi, sími 566-6039  
Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720  
Brekuborg, Hlíðarhús 1, sími 567-9380  
Drafnarborg, Drafnarstíg 4, sími 552-3727  
Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660  
Geislabaugur, Kristnibraut 26, sími 517 2560  
Hálsaborg, Hálsaseli 27, sími 557-8360  
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350  
Hraunborg, Hraunbergi 12, sími 557-9770  
Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870  
Klettaborg, Dyrhómrúm 5, sími 567-5970  
Laufskálar, Laufríma 9, sími 587-1140

Lækjaborg, við Leirulæk, sími 568-6351  
Maríuborg, Maríubaug 3, sími 577-1125  
Rofaborg, Skólalabæ 6, sími 567-2290  
Sjónarhóll, Völundarhús 1, sími 567-8585  
Sólbakki, Stakkahlíð 19, sími 552-2725  
Sólhlíð, við Engihlíð, sími 551-4870  
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040  
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810  
Ösp, lðufelli 16, sími 557-6989

#### Leikskólasérkennari /proskapjálfi/atferlisþjálfari

Fellaborg, Völvufelli 9, sími 557-2660  
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040

#### Yfirmaður í eldhús

Öldukot, Öldugötu 19, sími 551-4881

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannajónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is). Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



REYKJANÆSBÆR

Tjarnargötu 12 • Póstfang 230 • Sí: 421 6700 • Fax: 421 4667 • [reykjanasbaer@reykjanasbaer.is](mailto:reykjanasbaer@reykjanasbaer.is)

### LOFTRÆSIKERFI

#### VIÐHALD OG ÞJÓNUSTA

Reykjanæsbær óskar eftir tilboðum í verkið: "Viðhald og þjónusta loftræsikerfa".

Verkið felst í viðhaldi, eftirliti og þjónustu á loftræsikerfum í skólum, leikskólum og íþróttamannvirkjum Reykjanæsbæjar.

Helstu magntölur og stærðir eru eftirfarandi:

Loftsiur	80 stk
Blásarar	78 stk
Hitaelement	42 stk
Ristar og dreifarar	930 stk
Þakblásarar	33 stk

Reiknað er með að farið verði fjórum sinnum á ári í eftirlitsferðir.

Útboðsgögn (geisladiskur eingöngu) verða seld á Verkfræðistofu Suðurnesja að Víkurbraut 13, Reykjanæsbæ á kr. 3.000,- frá og með mánudeginum 4. febrúar, 2008. Tilboð verða opnuð á sama stað, miðvikudaginn 20. febrúar, 2008, kl. 11:00.

Framkvæmdastjóri.

Umhverfis- og skipulagssvið

... [reykjanasbaer.is](http://reykjanasbaer.is)

# Við erum að vaxa...vertu með!

## Bifreiðaumboðið B&L óskar eftir hressu starfsfólki

### Sölumaður Bílalands B&L - notaðir bílar

Starfssvið  
Sala á notuðum bílum

#### Hæfniskröfur

Góðir söluhæfileikar - Reynsla af sölumennsku - Skipulögð vinnubrögð - Lipurð í mannlegum samskiptum - Stundvísi - Góður liðsmaður

### Sölumaður HYUNDAI

Starfssvið  
Sala á nýjum HYUNDAI bílum

#### Hæfniskröfur

Góðir söluhæfileikar - Reynsla af sölumennsku - Skipulögð vinnubrögð - Lipurð í mannlegum samskiptum - Stundvísi - Góður liðsmaður

### Sölumaður RENAULT og ATVINNUBÍLA

Starfssvið  
Sala á nýjum RENAULT bílum  
Sala á atvinnubílum

#### Hæfniskröfur

Góðir söluhæfileikar - Reynsla af sölumennsku - Skipulögð vinnubrögð - Lipurð í mannlegum samskiptum - Stundvísi - Góður liðsmaður

### Þjónustufulltrúi B&L - verkstæðismóttöku

Starfssvið  
Móttaka viðskiptavina á þjónustuverkstæði

#### Hæfniskröfur

Iðnmenntun í bílgreinum æskileg - Lipurð og reynsla í mannlegum samskiptum - Rík þjónustulund - Stundvísi - Skipulögð vinnubrögð - Góður liðsmaður

### Sölumaður Verslun B&L - Varahlutir

Starfssvið  
Sala varahluta  
Ráðgjöf til viðskiptavina

#### Hæfniskröfur

Þekking á bílum - Góð tölvuþekking - Lipurð í mannlegum samskiptum - Sjálfstæði í vinnubrögðum - Stundvísi - Góður liðsmaður



Með bílinn handa þér



B&L er eitt stærsta og virtasta bifreiðaumboð landsins, stofnað árið 1954. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir Hyundai, Renault, BMW, Land Rover, Irisbus og Arctic Cat og er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öflugra starfsmannastefnu. Alls starfa 128 manns hjá fyrirtækinu.

B&L var í 16. sæti í Fyrirtæki ársins, áregrri könnun sem VR gerir meðal félagsmanna sinna og er því meðal topp fyrirmyndarfyrirtækja ársins 2007. Þá reyndist B&L jafnframt vera með bestu niðurstöðuna, í samanburði við önnur bílaumboð í flokki stærri fyrirtækja. Það bílaumboð sem kom næst B&L var Toyota í 28. sæti.



Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið [bjarnib@bl.is](mailto:bjarnib@bl.is). Umsóknir þurfa að berast fyrir **11. febrúar nk.**

Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknnum svarað.

HYUNDAI

RENAULT

BMW

LAND ROVER

RENAULT TRUCKS

IRISBUS

ARCTIC CAT

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, [www.bl.is](http://www.bl.is)





## Ávaxtaríkt skrifstofustarf

Ávaxtabíllinn óskar að ráða manneskju með marktæka reynslu af skrifstofu-störfum og góða tölvukunnáttu.

Í boði er fjölbreytilegt skrifstofustarf í líflegu starfsumhverfi hjá ört vaxandi og spennandi fyrirtæki.

Um framtíðarstarf er að ræða, en vinnutími getur verið frá kl.8-16 eða 9-17 alla virka daga.

Góð laun og mikil hollusta biða réttu manneskjunnar, sem þarf að búa yfir aðlaðandi framkomu auk nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar nk.**

Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

Vinsamlega sendið umsóknir til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). **en fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.**



## Þýskumælandi þjónustufulltrúi hjá Allianz



Árið 1890 var Allianz stofnað. Í dag er Allianz eitt stærsta trygginga- og fjármálafyrirtæki heims með yfir 60 milljónir viðskiptavina og 180 þúsund starfsmenn.

BYR er eigandi Allianz á Íslandi.

Tryggingafyrirtækið Allianz óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa með mjög góða þýsku- og íslenskukunnáttu.

### Starfssvið

Innheimta, samskipti við Allianz í Þýskalandi, samskipti við viðskiptavinum á Íslandi og ráðgjafa Allianz.

### Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnáttu
- Sjálfstæði og fagmennska og geta til að vinna undir álagi
- Reiprennandi þýskukunnáttu skilyrði

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 10. febrúar nk.

Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir. Netfang: [rannveig@hagvangur.is](mailto:rannveig@hagvangur.is)



- við ráðum

Skógarhlíó 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



## SUÐURBÆJARLAUG BAÐ- OG LAUGARVARSLA

Hafnarfjarðarbær auglýsir lausa stöðu við bað- og laugarvarslu kvenna í Suðurbæjarlaug. Um er að ræða 80% starf.

Ekki er gert ráð fyrir helgarvinnu.

Umsækjandi þarf að standast hæfnispróf samkvæmt öryggisreglugerð fyrir sundstaði. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi S.T.H. og Hafnarfjarðarbæjar.

**Umsóknarfrestur er 8. febrúar.**

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Daniel Pétursson sími 565-3080 gsm. 699-3953

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐAR SÍMI 585 5500  
[WWW.HAFNARFJORDUR.IS](http://WWW.HAFNARFJORDUR.IS)



## SVÆÐISSTJÓRI NÝHERJA Á AUSTURLANDI

Við leitum að traustum og drífandi einstaklingi til að leiða uppbyggingu sölu- og markaðsmála Nýherja á Austurlandi og samþætta starfsemina við höfuðstöðvar Nýherja. Um er að ræða sölu á vörum, þjónustu og ráðgjöf innan upplýsingatækni, með áherslu á alrekstrarþjónustu Nýherja.

### STARFSSVIÐ

- Ábyrgð á daglegum rekstri skrifstofu
- Ábyrgð á uppbyggingu og þróun sölu- og markaðsmála
- Þátttaka í þróun þjónustustaðla og eftirlit með gæðum þjónustu
- Stýring viðskiptatengsla
- Tilboðsgerð og verðáætlanir

### MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun kostur
- Reynsla af tilboðsgerð og sölu
- Reynsla af stjórnun verkefna og rekstri
- Þekking og reynsla af störfum innan upplýsingatækni kostur
- Frumkvæði og metnaður til að taka þátt í framgangi Nýherja á landsbyggðinni

Áhugasamir eru beðnir um að sækja um á heimasíðu Nýherja, [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is), fyrir 10. febrúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Erna Agnarsdóttir hjá Starfsmannþjónustu Nýherja: [erna.agnarsdottir@nyherji.is](mailto:erna.agnarsdottir@nyherji.is)

Hjá Nýherja og dótturfélögum starfa í dag um 750 manns og er sérþekking þeirra, metnaður og þjónustulund ferskur þess að geta skapað viðskiptavinum okkar sérsníðnar og verðmætar lausnir. Með fjárfestingu í þekkingu starfsmanna og starfsumhverfi sem einkennir af fagmennsku, samvinnu og sveigjanleika hefur okkur tekist að skapa það forskot sem viðskiptavinir okkar þekka.



**NÝHERJI**

Nýherji hf. • Borgartúni 37 • 105 Reykjavík • Sími 569 7700 • [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is)



## ÞJÓNUSTUFULLTRÚÍ

Plastprent hf leitar að þjónustufulltrúa í sölueldi. Í sölueldi starfar samheldinn hópur fólks í lífandi og krefjandi starfsumhverfi.

### Starfsvið:

- Símasala og samskipti við viðskiptavinum
- Þjónusta við tvo sölumenn
- Gerð sölupantana
- Eftirfylgni með framleiðsluþöntunum
- Útskrift reikninga

### Hæfniskröfur:

- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og góð framkoma
- Tölvukunnáttu
- Góð íslensku- og enskukunnáttu

Vinnutími 08:00-16:00 eða 17:00

Plastprent hf er markaðsleiðandi fyrirtæki í plastframleiðslu á Íslandi. Það er metnaðarfullt og framsækið fyrirtæki sem leitar tækifæra og vaxtarmöguleika hérlendis sem erlendis. Við leitum því að fólki sem hefur orku og drifkraft til að taka þátt í framtíðarþróun fyrirtækisins.

Sendið umsókn ásamt ferilskrá til:

**Plastprent hf**  
Bt. Elenu K. Pétursdóttur  
Fossháls 17-25 110 Reykjavík



Fosshálsi 17-25 • Sími 580 5600





## Ráðgjafi - Styrkir til atvinnumála kvenna

Vinnumálastofnun leitar eftir ráðgjafa til að hafa umsjón með Styrkjum til atvinnumála kvenna ásamt öðrum verkefnum

### Starfssvið

- Um er að ræða fjölbreytt verkefni á sviði ráðgjafa og handleiðslu við konur sem eru að hefja rekstur s.s.
- umsjón með Styrkjum til atvinnumála kvenna
- ráðgjöf og handleiðsla við konur í gegnum síma og vef
- skipulag og umsjón með vefsetri
- veita konum fyrstu aðstoð við að hefja rekstur
- kynningarstarf og tengslamyndun
- einnig þjónusta við atvinnuleitendur og önnur verkefni í starfsemi stofnunarinnar

### Menntunar- og hæfnikröfur

- háskólanám sem nýtist í starfi
- góð tölvuþekking er skilyrði
- góð kunnátta í íslensku og ensku
- æskileg er þekking á stofnun og rekstri fyrirtækja ásamt ráðgjafabekkingu og fjölmiðlun
- æskileg er þekking á vinnumarkaði og starfsemi Vinnumálastofnunar
- þarf að hafa frumkvæði, sjálfstæði og skipulagshæfni auk skilnings og áhuga á atvinnusköpun kvenna



Ráðgjafi heyrir undir forstöðumann Vinnumálastofnunar Norðurlandi vestra og hans biður að sinna krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggilegum samstarfshópi. Ráðgjafinn þjónustar konur á öllu landinu en skrifstofa hans er staðsett á Sauðárkróki.

Laun eru greidd samkvæmt launakerfi starfsmanna ríkisins. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir geta kynnt sér starfsemi stofnunarinnar á heimasíðu hennar [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

Nánari upplýsingar veitir Líney Árnadóttir, forstöðumaður Vinnumálastofnunar Norðurlandi vestra í síma 582 4900, [liney.arnadottir@vmst.is](mailto:liney.arnadottir@vmst.is) og Hugrún B. Hafliðadóttir, starfsmannastjóri í síma 515 4800, [hugrun.hafliadottir@vmst.is](mailto:hugrun.hafliadottir@vmst.is)

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist til Vinnumálastofnunar á Norðurlandi vestra, Túnbraut 1 - 3, 545 Skagaströnd fyrir 17. febrúar nk. eða á ofangreind netföng.

## GG flutningar óska eftir meiraprófsbílstjórum til:

Gámaaksturs og þungaflutninga

Upplýsingar í síma 414 9713.

Einnig er hægt að senda

umsóknir eða fyrirspurnir

á [gudfinnur@ggflutningar.is](mailto:gudfinnur@ggflutningar.is)



## Næturvörður í gestamóttöku

### Verksvið

- Um er að ræða framtíðarstarf í gestamóttöku
- Inntékk og úttékk gesta
- Uppgjör dagsins
- Ábyrgð á ýmsum öryggisatriðum hótelsins
- Ýmis frágangur dagsins og undirbúningur næsta dags
- Starfslýsing þessi er ekki tæmandi

Vinnutími er 20:00 - 08:00, unnin vika og frí vika

### Hæfniskröfur

- Góð íslensku og ensku kunnátta, önnur mál er kostur
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla í hótelsstörfum er æskileg
- Geta unnið sjálfstætt og undir álagi
- Hafa góða þjónustulund og jákvæðni
- Áreiðanleiki og stundvísi

Vinsamlegast sendið umsóknir til Gestamóttökustjóra, á tölvupóstfangið: [hjortur.valgeirsson@hilton.com](mailto:hjortur.valgeirsson@hilton.com) fyrir 8. Febrúar. 2008

## SUMARSTÖRF HJÁ IGS 2008

VIÐ BJÓÐUM FJÖLBREYTILEG OG SKEMMTILEG STÖRF Í SPENNANDI UMHERFI FLUGHEIMSINS

NÁNARI UPPLÝSINGAR UM ALDURSTAKMARK OG HÆFNISKRÖFUR:

### ■ CATERING

Starfið felst m.a. í útkeyrslu á matföngum og annarri tengdri þjónustu. Aldurstakmark er 20 ára, almennra ökuréttinda krafist, vinnuvélaréttindi æskileg, enskukunnátta.

### ■ FRÍLAGER

Lágmarksaldur 20 ár, tölvu- og enskukunnátta.

### ■ ELDHÚS

Lágmarksaldur 18 ár, íslensku- og/eða enskukunnátta.

### ■ VEITINGAÐEILD

Lágmarksaldur 20 ár, góð tungumálakunnátta.

### ■ FRAKTMÍÐSTÖÐ

Lágmarksaldur 19 ár, tölvukunnátta, almenn ökuréttindi, vinnuvélaréttindi æskileg, enskukunnátta.

### ■ FARÞEAGAÁFGREIÐSLA

Starfið felst m.a. í innritun farþega og annarri tengdri þjónustu við þá. Lágmarksaldur 20 ár, stúdentspróf æskilegt en ekki skilyrði, góð tungumála- og tölvukunnátta. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til þess að sækja undirbúningsnámskeið.

### ■ HLAÐEILD

Lágmarksaldur 19 ár, almenn ökuréttindi, vinnuvélaréttindi æskileg, enskukunnátta.

### ■ RÆSTING FLUGVÉLA

Lágmarksaldur 18 ár, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

### ■ HLEÐSLUEFTIRLIT

Lágmarksaldur 20 ár, stúdentspróf æskilegt, góð tungumálakunnátta, góð tölvukunnátta, nauðsynlegt að umsækjendur séu talnaglöggi.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Flugþjónustunnar:

KEFLAVÍKURFLUGVELLI EHF | 2. HÆÐ | FRAKTMÍÐSTÖÐ IGS  
BYGGING 11 | 235 KEFLAVÍKURFLUGVELLI

EINNIG ER HÆGT AÐ SÆKJA UM STÖRF Á VEFSÍÐU IGS | [WWW.IGS.IS](http://WWW.IGS.IS)



Flugþjónustan Keflavíkflugvelli ehf. (IGS) leitar að öflugum einstaklingum í fjölbreytileg og skemmtileg störf hjá fyrirtækinu. Um er að ræða störf í flugeldhúsi, catering, farþegaafgreiðslu, frílager, fraktmíðstöð, veitingadeild, hlaðdeild, ræstingu flugvéla og hleðslueftirlit. Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi og árvekni. Unnið er á breytilegum vöktum og vaktaskrá birt fyrir einn mánuð í senn. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til þess að sækja undirbúningsnámskeið, og í sumum tilfellum standast próf, áður en til ráðningar kemur.

Boðið verður upp á sætaferðir frá fyrirfram ákveðnum stöðum í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.



## Starfsmenn á þjónustuverkstæði

Starfsmenn óskast á þjónustuverkstæði MEST ehf. Störfin fela í sér viðhald á vinnuvélum, bygginga-krönum, rafstöðvum og öðrum tækjum sem MEST er þjónustuaðili fyrir.

Æskilegt að umsækjendur hafi annað hvort iðn- eða vélstjóramenntun.

Einnig óskast aðstoðamaður á verkstæði.

Fyrirspurnum svarar Árni Már deildastjóri þjónustuværs í síma 825 0722 eða á netfangið [arnimr@mest.is](mailto:arnimr@mest.is).

Umsóknir sendist að Fornubúðum 5, 220 Hafnarfjörður merkt Starfsúmsókn eða á netfangið [umsoknir@mest.is](mailto:umsoknir@mest.is).

MEST er leiðandi þjónustufyrirtæki fyrir fagaðila á íslenskum bygginga- markaði. Nafnið endurspeglar styrk þess og djarpa framtíðarsýn. Traust og persónuleg þjónusta eru aðalsmerki MEST þar sem áhersla er lögð á einföld og þægileg samskipti. Hjá MEST starfa um 300 manns á 8 starfstöðum. Við hjá MEST leggjum áherslu á krefjandi og skemmtilegt starfsumhverfi hjá öllu okkar starfsfólki.



– allt til framkvæmda



## Garðyrkjufraeðingur

Óskum eftir að ráða garðyrkjufraeðing með sérþekkingu á garðplöntuuppeldi. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, góður í mannlegum samskiptum, duglegur, áreiðanlegur, reglusamur og stundvís. Upplýsingar í síma 581-4550 milli kl 9-16 virka daga.

GRÖÐRARSTÖÐIN  
**Mörk**

**VANTAR ÞIG RAFVIRKJA?**  
Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?  
**SÍMI 420 9500**

**VOOT**  
STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

**VANTAR ÞIG RAFVIRKJA?**  
Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?  
**SÍMI 420 9500**

**VOOT**  
STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90 • 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



veisluturninn

*Aukastarf*  
í hæstu hæðum!

Veisluturninn auglýsir eftir metnaðarfullu og áhugasömu fólki í aukavinnu við aðstoð í sal.

Í Veisluturninum er lagður metnaður í að þjálfa starfsfólkið vel og búa það undir verkefni sem liggja fyrir.

Við erum staðsett í Smáranum í Kópavogi.

Umsóknir berist til [vinna@veisluturninn.is](mailto:vinna@veisluturninn.is) eða gegnum [www.veisluturninn.is](http://www.veisluturninn.is)

Veisluturninn er ný og glæsileg veitinga- og veisluþjónusta á efstu hæðum hæstu byggingar landsins. Við rekum veislusali á nítjándu og tuttugustu hæð, hádegisverðarstaðinn nítjándu og barinn t2o.

nítjándu.

t2o<sub>bar</sub>



## Laust starf hjá Íþróttasambandi fatlaðra (ÍF)

### Starfssvið:

- o Umsjón og undirbúningur móta
- o Samskipti við hagsmunaaðila innanlands og erlendis
- o Samskipti við opinbera aðila
- o Þróun íþróttatilboða fyrir fatlaða
- o Önnur almenn skrifstofustörf

### Hæfniskröfur:

- o Menntun eða þekking á sviði íþróttar
- o Lipurð í mannlegum samskiptum
- o Góð íslensku- og enskukunnátta og kunnátta í Norðurlandamáli
- o Góð allhliða tölvuþekking
- o Sjálfstæði, frumkvæði og öguð vinnubrögð
- o Skipulagshæfileikar

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar n.k. Umsóknir sendist til: Íþróttasamband fatlaðra Engjavegi 6 104 Reykjavík

Upplýsingar veita Ólafur S. Magnússon eða Anna K.Vilhjálmssdóttir á skrifstofu ÍF sími 514 4080.

Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) er æðsti aðili um íþróttir fatlaðra innan vébanda íþróttar- og Ólympíusambands Íslands. Einnig er ÍF aðili að IPC (Alþjóðaólympíuhreyfingu fatlaðra), Nord-HIF (Íþróttasamtök fatlaðra á Norðurlöndum) og Special Olympics International.

Sambandsaðilar ÍF eru héraðssambönd og íþróttabandalög með félög innan sinna vébanda er iðka íþróttir fatlaðra. Aðildarfélag ÍF eru öll félög innan Í.S.Í. er iðka íþróttir fatlaðra.

Innan vébanda íþróttasambands fatlaðra eru í dag 22 íþróttafélög fatlaðra um land allt, en auk þess æfa fatlaðir einstaklingar hjá mörgum öðrum íþróttafélögum og ungmenntafélögum.

### Starf ÍF er í meginatriðum:

- o Að hafa yfirumsjón með allri íþróttastarfsemi fatlaðra innanlands og erlendis.
- o Að vinna að eflingu íþróttastarfsemi fatlaðra og koma fram erlendis í því sambandi.
- o Standa að kynningar- og fræðslustarfi varðandi íþróttir fatlaðra



## Lestunarstjóri

### Lítill heimur – hugsum stórt

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi um allan heim.

Þjónustunet fyrirtækisins teygir sig um Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku, Eyjaálfa og Asíu.

- 14.000 starfsmenn
- 300 starfsstöðvar í um 30 löndum
- 50 skip
- 2.000 flutningabílar og tengivagnar
- 200 kæli- og frystigeymslur

Eimskip býður starfsfólki sínu upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi.



Eimskip vill ráða lestunarstjóra til framtíðarstarfa í dreifingarmiðstöð fyrirtækisins við Klettagarða.

Lestunarstjóri ber ábyrgð á lestun flutningabíla fyrirtækisins. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Hæfniskröfur

- o Meirapróf
- o Lyftararéttindi
- o Íslenskukunnátta
- o Hreint sakavottorð

Nánari upplýsingar um starfið veitir Magnús Guðmundsson, þjónustufulltrúi í dreifingarmiðstöð, sími 825 7771.

„Ég naut þess bara að spila við hlið Kaka og Ronaldos, tveggja átrúnaðargoða minna. Það er draumur að geta spilað við hliðina á Ronaldo,“ segir Pato. Aðspurður hvort hann geti skorað 30 mörk á sex mánuðum, líkt og Berlusconi hélt fram, sagði Pato: „Hversu mörg mörk get ég skorað? Ég ætla að fá að sofa á því og segja ykkur það seinna.“

Alexandre Pato hefur stimplað sig rækilega inn í lið AC Milan í þeim fáu leikjum sem hann hefur spilað frá áramótum.

» ÉG ER

**ALEXANDRE PATO**

Fæðingardagur: 2. september, 1989

Hæð: 179 cm

Þyngd: 71 kg

Staða: Framherji

**UMMÆLI UM PATO**

„Hann gerir hluti á æfingum sem ég hef aldrei orðið vitni að áður. Allir búast við mjög miklu af honum og ég er sannfærður um að hann sýni hvað hann getur um leið og hann fær tækifæri með liðinu.“ **Marek Janikulovski, varnarmaður AC Milan.**

„Það er enginn vafi á því að Pato hefur ótrúlega hæfileika. En hann er aðeins 18 ára og það má ekki leggja of mikla ábyrgð á herðar hans. Fjölmíðlar hafa sett allt of mikla pressu á hann og það getur bitnað á frammistöðu hans inni á vellinum.“

**Clarence Seedorf, miðjumaður AC Milan.**

„Hann býr yfir lygilegri tækni og getur fært boltann frá vinstri fæti á þann hægri við allar aðstæður. Það sem kom mér mest á óvart er líkamlegur styrkur hans, hann er frekar litill og léttur en samt haggast hann varla í návingjum.“

**Paulo Maldini, fyrirliði AC Milan.**

„Ég hef rætt við Carlo Ancelotti um hvað Pato getur gert fyrir félagið. Hann sagði mér að ef hann hæði að sýna í leikjum það sem hann hefur gert á æfingum, þá gæti hann skorað 30 mörk frá janúar til júní.“

**Silvio Berlusconi, forseti AC Milan.**

Með tilkomu Pato er sterkasta framlína AC Milan eingöngu skipuð brasilískum snillingum. Kaka, Ronaldo og Pato láta líklega flesta varnarmenn heims skjálfa á beinunum.



SPORTJAFN

## STJÖRNURAR Á HM U-17

» **LEGGIÐ NÖFNIN Á MINNIÐ**

Annað hvert ár flykkjast nýsnotarar allra stærstu félagsliða heims á Heimsmeistarakeppni U-17 ára landsliða til að fylgjast með framtíðarstjörnum fótboldans. **Cesc Fabregas, Giovanni Dos Santos og Anderson** eru í hópi þeirra leikmanna sem hafa verið uppgötvaðir á þessu móti undanfarin ár og hafa í framhaldinu fengið tækifæri hjá stærstu félögum heims. Sport skoðaði þrjá bestu leikmenn mótsins sem lauk í Suður-Kóreu seint á síðasta ári.

1

**Toni Kroos**



5 mörk, 4 stoðsendingar  
Hlaut 26% atkvæða  
Fæddur: 4. janúar 1990  
Félag: Bayern Munchen  
Staða: Miðjumaður

Kroos er sagður búa yfir leiðtogaþæfni Stefan Effenberg og yfirvegun Michael Ballack og hefur verið stimplaður sem framtíðarfyrirliði og

leiðtogi þýska landsliðsins. Kroos var keyptur til Bayern Munchen í fyrra og er þegar farinn að spila reglulega fyrir liðið þrátt fyrir að vera aðeins 17 ára gamall.

Kroos, sem var fyrirliði þýska liðsins á mótinu, átti frábært mót og var maðurinn á bak við flest af þeim tuttugu mörkum sem Þýskaland skoraði í mótinu. Kroos hefur þann hæfileika að ná alltaf að búa sér til pláss á miðjunni og hefur mikla skot- og sendingagetu. Sem miðjumaður skoraði hann fimm mörk, lagði upp fjögur og leiddi þannig þýska liðið til 3. sætis í mótinu.



2

**Macaulley Chrisantus**



7 mörk, 2 stoðsendingar  
Hlaut 25% atkvæða  
Fæddur: 20. ágúst 1990  
Félag: Abjuna (í Nígeríu)  
Staða: Sóknarmaður

Chrisantus er hlaupandi martröð fyrir þá varnarmenn sem þurfa að gæta hans hverju sinni. Hann skoraði fimm mörk strax í riðlakeppninni, þar af tvö mörk í leikjum gegn Japan og Haití, og stimplaði sig þannig inn sem einn allra hættulegasti sóknarmaður mótsins. Mörkin hans voru auk þess hvert öðru mikilvægara því hann tryggði liði sínu sigur á Argentínu í 8-liða úrslitum og skoraði eitt mark í 3-1 sigri á Þjóð-



verjum í undanúrslitum. Nígería sigraði Spánverja í úrslitaleik mótsins. Christantus er eldfjótur og lunkinn sóknarmaður sem þykir minna um margt á Kanu og Emmanuel Adebayor. Hann hafði líkamlega yfirburði á flesta andstæðinga sína í Suður-Kóreu og þykir klára færin sem hann kemst í einstaklega vel.

3

**Bojan Krkic**




5 mörk, 1 stoðsending  
Hlaut 19% atkvæða  
Fæddur: 28. ágúst 1990  
Félag: Barcelona  
Staða: Sóknarmaður



Krkic hefur vakið verðskuldaða athygli með aðalliði Barcelona á þessu tímabili og á föstudaginn var hann valinn í A-landslíðshóp Spánar. Krkic er af mörgum talinn efnilegasti leikmaður sem spænska stórveldið hefur alið af sér. Hann fæddist í Serbíu en fluttist með föður sínum til Barcelona þegar hann gerðist útsendari fyrir liðið árið 1997. Árið 1999 hóf hann að spila fyrir akademíu Barca og átti hann eftir að skora 960 mörk á sjö árum, allt þar til hann var færður upp í aðalliði í fyrra – aðeins 16 ára gamall. Krkic er ótrúlegur markaskorari og var fyrirliði spænska u-17 ára liðsins sem var Evrópumeistari í vor. Krkic var auk þess markahæsti leikmaður þess móts. Krkic var í banni í úrslitaleiknum gegn Nígeríu og kostaði fjarvera hans Spánverja líklega titilinn. Hann er fljótur, teknískur og með einstakt lag á að koma sér í færi sem hann nýtir gríðarlega vel.



# Núna er tíminn, fjárfestu í heilsunni með Infinity



# GAP

WWW.GAP.IS

FJALLAHJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7

S: 5200 200 • MÁN - FÖS. KL. 9-18. • LAU. KL. 10-14



Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálfu.

## „Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug fréttá- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

### visir.is

...ég sá það á visir.is





## HVAÐ VEISTU UM ENSKU ÚRVALSDEILDINA?

1 Hvaða lið er með þrjá af átta lág-vöxnustu leikmönnum deildarinnar í sínum röðum?

- (A) Tottenham Hotspur  
(B) Sunderland  
(C) Everton

2 Sama liðið spilaði leikinn sem flestir áhorfendur fylgdust með á síðasta tímabili sem og leikinn sem fæstir áhorfendur fylgdust með á síðasta tímabili. Hvaða lið var þetta?

- (A) Middlesbrough  
(B) Blackburn Rovers  
(C) Newcastle United

3 Hvaða enska lið var fyrst til að vinna sér sæti í Meistaradeild Evrópu eftir að hafa lent í 2. sæti úrvalsdeildarinnar?

- (A) Newcastle United  
(B) Manchester United  
(C) Arsenal

4 Hvaða leikmaður hefur hlotið tvö rauð spjöld á tímabilinu?

- (A) Zat Knight (Aston Villa)  
(B) John Obi Mikel (Chelsea)  
(C) Ryan Nelsen (Blackburn Rovers)

5 Hversu margir leikmenn hafa spilað 100 landsleiki eða meira fyrir hönd Englands?

- (A) 4  
(B) 5  
(C) 6

### SVÖR:

1: Tottenham. (Aaron Lennon, 165 cm; Steed Malbranque, 168 cm; Jermain Defoe, 169 cm).  
2: Blackburn. Manchester United - Watford - Blackburn: 76,098 áhorfendur - Watford - Blackburn: 13,760 áhorfendur.  
3: Newcastle. Væð í öðru sæti tímabilið 1996-97.  
4: Ryan Nelsen. Gegen Arsenal og Aston Villa.  
5: 4. Peter Shilton (125), Bobby Moore (108), Bobby Charlton (106) and Billy Wright (105).

# LOKASVARIÐ

## ÓLAFUR JÓHANNESSON

**Þú sjálfur í þremur orðum** Þokkalega kærulaus, góður við sjálfan mig og hrein-skilinn.

**Hvaða ofurkrafti vildirðu helst búa yfir?** Eins og veðrið er búið að vera undanfarið væri ágætt að geta haft áhrif á það.

**Geturðu komið landsliðinu á loka-keppni stórmóts?** Vandasamt, en miði er möguleiki.

**Veikleiki** Get verið þver. Svo eru þeir ábyggilega fleiri.

**Styrkleiki** Bjartsýni.

**Hápunktur ferilsins?**

Íslands-meistari



með FH 2004.

**Hvaða lið verður enskur meistari?** Liverpool, ekki spurning.

**Draumaliðið** Sigur-sælasta lið Englands, Liverpool.

**Ef þú værir síamstvíburi, hvern vildirðu helst hafa fastan við**

**þig?** Ég gæti ekki lagt það á nokkurn mann.

**Pétur Pétursson, Leifur Garðarsson eða Heimir Guðjónsson?** Maður gerir ekki upp á milli barnanna sinna!

**Er íslenska landsliðið betra en það hefur virst á undanförunum árum?** Maður verður alltaf að hafa trú á að geta gert betur.

**Morgunmatgur?** Kaffi og rúnstykki.  
**Hversu hátt stefnirðu á að koma landsliðinu á heimslista FIFA?** Ég veit bara að stefnan er sett upp á við.

**Á Ísland möguleika á að komast upp úr undanriðlin-**



**um í EM?** Ég held að það verði mjög erfitt. Það er lítil

möguleiki.

**Hvaða lag sóttirðu síðast á netinu?**

Ég veit ekki hvað „download“ er. En hlusta stundum á Bó í spilaranum heima.

**Hvað borðaðirðu á aðfangadag?**

Hamborgarhrygg.

**Besta ráðið** Að fylgja sinni eigin sannfæringu.

**Er það satt að þú þefir af tússpennanum áður en þú heldur töflufundi?** Já, ég geri það víst.

**Af hverju ertu svona hjátrúarfullur?**

Það er hluti af spennunni.

**Hefurðu spilað Championship Manager?**

Nei, ég kann lítið á tölvur.

**Bíll?** Cherokee. Ég er mjög ánægður með hann.

**Besti leikmaður heims** Steven Gerrard.

**Ef þú mættir velja einn leikmann til að fá í íslenska landsliðið, hver yrði fyrir valinu?** Sá besti, Steven Gerrard.

**Hvað gerirðu í frístundum?** Spila golf og fer á skytterí. Mér finnst alltaf jafn gaman að vera úti að leika mér.

**Ef þú værir ekki landsliðsþjálfari...** þá væri ég úti að leika mér.

**Hvað var það fyrsta sem þú hugsaðir eftir að Geir Þorsteinsson bauð þér landsliðsþjálfarastöðuna?** Það er ekki hægt að segja nei.

**Eftir fimm ár verð ég...** reynslunni ríkari og vonandi betri í golfi.



## AF HVERJU HELD ÉG MEÐ



**FRAM** Þegar ég var yngri ólst ég upp svo til á landamærum Fram og Vals og ég stóð því frammi fyrir erfiðu vali á sínum tíma. En þótt eldri systur mínar væru Valsarar fannst mér miklu meira varið í Fram. Ég veit ekki hvað það var en það var einhvern veginn miklu meiri kraftur í Safamýrinni og ég valdi því bláa litinn. Ég hef svo haldið tryggð við mína menn alla tíð síðan. Það er hægt að líkja svona stuðningi við þjóðarstoltið, eins og maður er alltaf Íslendingur þá er maður alltaf Framari, sama hvað bjátar á.



**CHELSEA** Eftir að ég kynntist enska boltanum var ég í fyrstu Liverpool-maður. Þeir voru náttúrulega bestir á þeim tíma, auk þess sem Bítarnir voru þaðan. En fyrir tíu árum var ég í London og fór á leik á Stamford Bridge og frá þeim tíma hef ég borið sterkar taugar til Chelsea. Þegar Eiður Smári fór til liðsins var þetta náttúrulega sjálfgefið en ég mun þó alltaf bera tilfinningar til Liverpool. Ef liðin myndu mætast í úrslitum Meistaradeildarinnar held ég samt að hjartað myndi slá meira með Chelsea.

**Einar Kárason, rithöfundur**



## ÁSGEIR JÓNSSON FYRIRLESTUR

### JÁRNMAÐURINN

Ásgeir Jónsson heldur tvo fyrirlestra í Heilsuhúsinu, Lág múla 5 í febrúar. Í þeim fyrri, sem verður **14. febrúar** fjallar Ásgeir um hömlur og hugarfar og nefnist hann:

**AÐ BRJÓTA MÚRA MANNLEGRA HAMLA OG TAKMARKANA „There are No limits!“**

Í þeim síðari, **21. febrúar** fjallar Ásgeir um **MIKILVÆGI GÓÐS MATARÆÐIS OG FÆÐUBÓTAEFNA TIL ÞESS AÐ AUKA ÁRANGUR Í ÍÞRÓTTUM**

Ásgeir Jónsson er án efa einn fremsti afreksmaður okkar Íslendinga á þessari öld.

Hann hefur klifið hæstu fjallstinda þriggja heimsálfa en stefnir á hæstu tínda allra sjö. Hann hefur tekið þátt í tveimur **Ironman** keppnum og stefnir ótraudur á þá þriðju. Þeir sem taka þátt í slíkum keppnum þurfa að hafa óbilandi trú á sjálfum sér og vera í frábæru formi, andlega og líkamlega.

**Báðir fyrirlestrarnir eru kl. 19.00 - 21.30. í Heilsuhúsinu að Lág múla 5. Aðgangseyrir kr. 1.500,-**

Skráning fer fram á [lagmuli@heilsuhusid.is](mailto:lagmuli@heilsuhusid.is) og/eða virka daga í síma: 578 0300, kl. 10.00 - 18.00.

náttúrulega  
**heilsuhúsið**  
Skólavörðustíg, Kringlunni, Smáratorgi, Lág múla & Selfossi





# TOYOTA HYBRID



## TÆKNIBYLTING

**Toyota Highlander og Toyota Camry Hybrid til sýnis í Hagkaup Smáralind.**

islandus.com kynnir **Toyota Highlander** og **Toyota Camry** með nýrri umhverfisvænni **HYBRID** tækni sem gefur meiri kraft og minnkar eldsneytisnotkun um nær helming!

**Toyota Highlander - 7,5 á hundraðið 280 hestöfl!**  
**Toyota Camry - 5,8 á hundraðið 187 hestöfl!**



Fylgir bílapöntun í dag

### TOYOTA Camry



**HYBRID** bílar eru umhverfisvænir og nota mun minna eldsneyti en hefðbundnir bensín og dísel bílar. Toyota hóf þróun **HYBRID** tækninnar fyrir rúmum fimmtán árum og hefur nú selt meira en milljón **HYBRID** bíla til almennings. Áhersla Toyota er nú á þessari nýju umhverfisvænu tækni og stöðugt fjölgar nýjum Toyota **HYBRID** bílum sem leysa af hólmi eldri gerðir bensín og dísel bíla. Á Íslandi hefur Toyota Prius **HYBRID** og Lexus RX400 verið seldir um árabil og reynst einstaklega vel. Toyota Highlander, Toyota Camry, Lexus RX400 og Lexus ES350 eru einstaklega vandaðir og kraftmiklir lúxusbílar sem allir eru byggðir á sama grunni.

» **islandus.com**  
**www.islandus.com - Sími 552 2000**



„Þjónustan til fyrirmyndar í einu og öllu og bíllinn alveg draumur“  
Sæmundur Pálsson, leigubílstjóri





# MAX

RAFTÆKI

Láttu  
ekki HAPP  
úr hendi  
sleppa!

# Útsölulok á sunnudag

- verð í frjálsum falli

Nú fer hver að verða síðastur!

# 25% aukaafsláttur af völdum vörum

#### Opnunartími

Mánudaga kl. 11-19  
Þriðjudaga kl. 11-19  
Miðvikudaga kl. 11-19

Fimmtudaga kl. 11-22  
Föstudaga kl. 11-19  
Laugardaga kl. 11-18  
Sunnudaga kl. 12-18



Fim

MAX / Kaupúni 1 Garðabæ og  
Holtagörðum - Sími 412 2200  
[www.max.is](http://www.max.is)

Beint á móti IKEA  
Við hliðina á BÓNUS

# MAX

RAFTÆKI







JOHN C. REILLY

# WALK HARD

THE DEWEY COX STORY

Vinnigar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kopevogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 99 kr/skreytið.

**9**  
HVER VINNUR!

FRÁ GAURNUM SEM FÆRÐI ÞÉR  
**KNOCKED UP** OG **SUPERBAD**  
FRUMSÝND 1. FEBRÚAR

SENDU JA WHF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!  
Vinnigar eru Bíómíðar fyrir tvo, tölvueikúr, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMÁRA BÍÓ REGNBOGINN

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK

## Miele gæði

Eirvík kynnir sportlínuna frá Miele

vilborga@centrum.is

## Miele TILBOÐ

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðarop
- 20 ára ending

Gerð	Listaverð	TILBOÐ
Þvottavél W1514 1400sn/mín/5 kg	149.285	104.500
Þvottavél W1714 1400sn/mín/6 kg	179.600	134.700
Þurrkari T7644C rakapéttr/6 kg	142.144	99.500

Þvottavél verð frá kr.:  
**104.500**

www.eirvik.is

**EIRVÍK** -hágaðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

## STUÐ MILLI STRÍÐA Ávanabindandi slúðursíður

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR VEIT OF MIKIÐ UM FRÆGT FÓLK



Ég hef þróað með mér rosalega slæman síð á undanförunum mánuðum. Eiginlega svo slæman að ég trúí því varla að ég ætli að ljóstra honum upp hér. En þetta er kannski fyrsta skrefið í átt að bata. Þannig er mál með vexti að ég skoða slúðursíður á netinu. Ég man ekki einu sinni hvað varð til þess að ég byrjaði á þessu. Mig minnir þó að það hafi verið í prófatörn eða ritgerðavinnu, og mig hafi einfaldlega vantað eitthvað nýtt til þess að skoða á netinu.

Þetta varð til þess að ég prófaði að fara inn á slúðursíðuna sem ég hafði heyrt svo marga tala um, perezhilton.com. Þar sem ég var ný

á þeim vettvangi, og ekkert sérstaklega vel að mér í málefnum fræga fólksins úti í heimi, gat ég eytt miklum tíma í að skoða slúðrið langt aftur í tímann. Ég komst að mörgu misgáfulegu og misskemmtillegu, en mörgu samt sem áður. Perez er samt bara einn maður sem getur ekkert endalaust verið að fræða mig og aðra um hagi fræga fólksins. Þess vegna fór ég að skoða aðrar síður af svipuðu tagi.

Tíminn leið og nú eru Perez og félagar orðnir að ómissandi hluta af internetrúntinum mínum. Ég veit allt of mikið um fræga fólk, sérstaklega Britney Spears, sem er sérlegt uppáhald hjá síðuhöldurum af þessu tagi. Mér finnst ósköp edlilegt að fólk eins og hún, og í raun allt

þetta fræga fólk, sé snarbið af allri þessari athygli. Það er fátíðlegur fjöldi af fólk sem eyðir öllum sínum tíma í það að fylgjast með fræga fólkinu. Eyðir bókstaflega lífi sínu í að fylgjast með lífi annarra.

Mér finnst ofboðslega gott að svona lagað tíðkast ekki á okkar litla landi. En af hverju ætli það sé svo að fjölmiðlar annars staðar komast oft upp með að birta ósannar fréttir af fólk, á meðan fjölmiðlar á Íslandi eru stundum dæmdir fyrir að segja sannleikann? Og af hverju er í lagi að tala um heilsufar Britney Spears, þótt það komi hennar atvinnu ekkert við en ekki í lagi að spyrja um heilsufar stjórnmálamanna á Íslandi sem þó kemur atvinnu þeirra mjög mikið við?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli




### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







EINBEITTA María, Sólveig og Auður voru einbeittar á svip í Tónabæ.

## Flott stelpurokk

Hljómsveitin Dúkkulísurnar í samstarfi við Tónabæ hélt fyrir skömmu rokksmiðju fyrir ungar og upprennandi stúlkur. Tuttugu stúlkur á aldrinum 13 til 16 ára tóku þátt.



RÉTTU HANDTÖKIN Dúkkulísan Gréta Sigurjónsdóttir kennir Söru réttu handtökina á bassagítarinn. FRETABLADIÐ/ANTON



SAMSTARF Þær Ellý og Ulrike settust niður til að semja texta.

Ætlunin með rokksmiðjunni var að púsla saman hljómsveitum fyrir Músíktílaunir í ár, en 25 ár eru nú liðin síðan Dúkkulísurnar unnu keppnina. Smiðjan var haldin í anda bandarísku kvikmyndarinnar Girls Rock! sem var sýnd á kvikmyndahátíð hérlendis á síðasta ári.

„Það urðu til þrjár hljómsveitir og einn dúett og mér heyrst að ein hljómsveit sé í alvöru að spá í að taka þátt,“ segir slagverksleikarinn Adda María Jóhannsdóttir. Skammur tími er þó til stefnu því Músíktílaunir fara fram tíunda til fimmtánda mars næstkomandi.

Rokksmiðjan fór þannig fram að hópnum var skipt upp eftir því á hvaða hljóðfæri stelpurnar höfðu áhuga. Eftir það fengu þær að skipta sér í eigin hópa og byrja að semja texta og lög. „Þær voru misfljótur í gang en þetta var rosalega skemmtilegt. Það urðu til fjórir hópar og þeir eru allir komnir með nöfn,“ segir Adda María og tekur fram að hóparnir muni hittast tvisvar til þrisvar sinnum aftur.

Dúkkulísurnar voru með sams konar rokksmiðju á síðasta ári í til efni af 25 ára afmæli sínu og 60 ára afmæli Egilsstaða. Hún var

aftur á móti ekki undir áhrifum Girls Rock! heldur kom hugmyndin frá Láru Vilbergsdóttur. „Við vorum allar spenntar að taka þátt í þessu aftur eftir reynsluna frá því í fyrra,“ segir Adda og játar að fleiri stelpur vanti í rokkið. „Það þarf oft ekki nema bara smá hvatningu. Þær eru oft feimnari en strákararnir að láta vaða. En við sáum ótrúlegar framfarir. Stelpur sem höfðu ekki snert hljóðfæri voru farnar að tromma og spila á bassa og ég veit ekki hvað og hvað. Það var alveg ótrúlegt.“

freyr@frettabladid.is

## Gamlir draumar rætast

Guitar Hero er tónlistarleikur þar sem spilarinn slær nótur sem birtast á skjánum í takt við tónlistina. Með leiknum fylgir Les Paul Gibson gítar sem er eftirlíking af gítar sem margir frægir rokkarar nota. Hve vel þér gengur fer líklega eftir hversu taktfastur þú ert.

Tónlist leiksins er fjölbreytt og spannar marga áratugi af tónlist, þar eru lög eins og Barracuda með Heart frá 1977, Paint it Black með Rolling Stones, til nýrri laga með Kaiser Chiefs, Weezer, Tenacious D, AFI, Muse o.fl. Finna má eitt-hvað fyrir alla, gamalt og nýtt. Flest öll löggin eru sungin og flutt af upprunalegum flytjendum, hin eru „cover“-lög.

Þegar maður er kominn með nóg af tónlistinni í leiknum er hægt að fara á netið í gegnum Playstation 3 og Xbox 360 og kaupa ný lög til að spila. Dæmi um nýleg lög sem eru komin út eru lagapakkar með Foo Fighters og Velvet Revolver ásamt Halo-lagi fyrir Xbox 360 eigendur sem er hægt að niðurhala gjaldfrjálst.

Leikurinn er bestur þegar fleiri en einn spilar koma saman, hvort sem það er í sófanum eða í gegnum netið. Fátt jafnast á við að taka One með Metallica í sófanum með besta vininum og upplifa fermingaraldurinn á ný.

Leikur eins og Guitar Hero 3 krefst æfingar, alveg eins og á raunverulegum gítar. Því meira sem þú leggur í leikinn, þeim mun meira færðu út úr honum. Þegar maður er að byrja er oft erfitt að ná að klára löggin í Easy eða Medium stillingunum, nokkrum vikum síðar tekur maður gítarsólóin eins og Slash.



### TÖLVULEIKIR

**Guitar Hero 3: Legends of Rock** Playstation 3, Xbox 360 og Nintendo Wii.

PEGI Merkingar: 12+ og í leiknum er ljótt orðbragð í sumum lögnum. Upplýsingar um PEGI-aldursmerkingar má finna á [www.pegi.info](http://www.pegi.info) eða [www.smais.is](http://www.smais.is).

★★★★

Draumaleikur fyrir allar loftgítar-hetjurnar.

Ef þú hefur einhvern tímann legið uppi í rúmi spilandi loftgítar í hörkugítarsóló með Iron Maiden og dreymt um að vera rokkstjarna þá er Guitar Hero 3 eitthvað fyrir þig.

Sveinn A. Gunnarsson

# ÞESSI ER EKKI MEÐ TUDOR



**SKORRI**

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is

opið virka daga frá 8:15 - 17:30



**TUDOR**

bírhjól · fjórhjól · vélsleðar · dráttarvélar · húsbílar · fellihýsi

# Stórsýning

í Smáralind "Vetrargarðinum" 2. -11. febrúar



**Hobby hjólhýsi, mest seldu hjólhýsin í Evrópu**



**Isabella fortjöld og fylgihlutir.** Flottustu fortjöldin á markaðinum Sérstök kynning á fortjöldunum með fagmanni frá Isabella, aðeins í dag, laugardag

Opnunartími á sýningunni í Smáralind: Virka daga 11 – 19. Laugardaga 11 – 18. Sunnudaga 13 - 18

**Loksins – sem margir hafa beðið eftir**

Sýning á **Hobby húsbílum** 2008, hefst 2 febrúar í Hobbyhúsinu, Dugguvogi 12



Ath. Hjólhýsi og Isabella sýnd í Vetrargarðinum og Húsbílarnir að Dugguvogi 12

Opnunartími í Hobbyhúsinu Dugguvogi 12. Virka daga 10 – 18. Laugardaga 12 – 17. Sunnudaga 13 - 17

**Hobbyhúsið ehf \* Umboðsaðili Hobby á Íslandi \* S: 517 7040**



## Síðasta sýningarhelgi og ljósmyndaraspjall



**Kl. 14.30**

Lúðrasveit Reykjavíkur heldur tónleika í Neskirku í dag kl. 14.30. Á tónleikunum verða frumflutt tvö ný islensk verk; Djúpur eftir Báru Sigurjónsdóttur og Hýr Gleður Hug Minn eftir stjórnanda sveitarinnar, Lárus Halldór Grímsson. Í síðar-nefnda verkinu leikur Sigurður Flosason einleik og Steindór Andersen kveður rímur.

# menning

menning@frettabladid.is

Nú stendur yfir síðasta sýningarhelgi sýningarinnar Undrabörn sem vakið hefur mikla athygli síðan hún var opnuð í Þjóðminjasafninu í september síðastliðnum. Á sýningunni má sjá ljósmyndir Mary Ellen Mark og Ivars Brynjólfssonar og kvikmyndina Alexander eftir Martin Bell sem er sýnd í fyrirlestrasalnum á hverjum degi, þrisvar á dag. Í tilefni sýningarloka verður ljósmyndarinn Ívar á staðnum í dag kl. 15 og segir sýningargestum frá ljósmyndum sínum.

Ljósmyndir hins heimspekta bandaríska ljósmyndara, Mary Ellen Mark, af fötluðum börnum á Íslandi, nemendum Öskjuhlíðarskóla, Safamýrarskóla og Lyngáss eru burðarás sýningarinnar. Myndir hennar sýna á áhrifaríkan hátt veruleika þessara barna í samtímanum, enda er hún þekkt fyrir næman og kraftmikinn ljósmyndastil sinn. Þátttaka Ivars í sýningunni er þannig til



UMHVERFI FATLAÐRA BARNA Ein af ljósmyndum Ivars Brynjólfssonar.

komin að hann hefur áður getið sér gott orð fyrir ljósmyndir sínar þar sem hann beinir sjónum sínum að umhverfi og mannvirkjum á formrænan hátt. Mary Ellen Mark heillaðist mjög af ljósmyndum hans eftir að hafa séð þær í bókinni Specimina Commerciali sem kom úr árið 2006 og lagði hún því til að hann tæki myndir af skólaumhverfi barnanna sem sýndar yrðu sérstaklega með ljósmyndum hennar á sýningunni Undrabörn.

Ívar reynir að lýsa umhverfinu og því sem hann sér innan skólanna á sem skýrstan hátt. Gegnum myndir hans verður starfsemi sem fram fer í rýminu sýnileg án þess þó að fólk sé sjálft sé sýnt. Nálgun Ivars er þannig gjörólík nálgun Mary Ellen Mark sem horfir einmitt á fólk. Það er því fróðlegt fyrir áhugafólk um ljósmyndun að fá í dag tækifæri til að heyra frá Ivari sjálfum hvernig hann nálgast þetta verkefni.

## Stjörnur skína skært

Ein af skærustu söngstjörnum þjóðarinnar, sópransöngkonan Þóra Einarisdóttir, kemur fram á tónleikum í Langholtskirkju í kvöld kl. 20 ásamt meðleikaranum Alexander Schmalcz. Á efnið eru sönglög eftir Brahms, Grieg og Strauss.

Þóra á að baki nám við Söngskólann í Reykjavík og Guildhall School of Music and Drama. Hún hefur komið víða við á ferli sínum og sungið bæði hérlendis og við virt óperuhús erlendis. Hlutverk Þóru á óperusviði eru orðin á fjórða tug og spanna vítt svið. Auk óperuhlutverkanna hefur Þóra lagt nokkra áherslu á ljóðasöng og kirkjutónlist.

Alexander Schmalcz hefur komið fram á ótal virtum tónlistarháttum eins og Schubert-háttinum í Schwarzenberg. Hann hefur að auki komið fram á tónleikum víða um heim og leikið þar með þekktum söngvörum.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og eru um klukkustundar langir. Miðaverð er 2.500 kr. Vert er að benda áhugasömum á að klukkustund áður en tónleikarnir hefjast heldur Björn Ingiberg Jónsson fyrirlestur um tónlist Brahms með áherslu á þá söngva hans sem fluttir verða á tónleikunum.

-vp

ÞÓRA EINARSDÓTTIR Hefur afrekað ýmislegt á söngferli sínum.



**Draumasmíðjan í samstarfi við Leikfélag Reykjavíkur og Íslenska dansflokkinn:**

**ÓPELLÓ, DESDEMÓNA OG JAGÓ**

Sýnt í Borgarleikhúsinu

[1d] BORGARLEIKHÚSIÐ

„Hjálmar Hjálmarsson fer á kostum í hlutverki sjónvarpsins“  
„... get ég ekki annað en mælt með sýningunni, sem er troðfull af skemmtilegum atriðum...“

**Martin Regal, Morgunblaðið.**

**HALLA & KÁRI**

KOLSVARTUR GAMANLEIKUR EFTIR HAVAR SIGURJÓNSSON

í kvöld kl. 20  
Lau. 9. febrúar kl. 20  
Sun. 10. febrúar kl. 20

„Frumnýning í Hafnarfjarðarleikhúsinu er alltaf tilhlökkunarefni. Í þetta sinn stíga flinkir leikarar á svið með skemmtilega sýningu.“  
„Leikstjórnin Hilmar Jónsson nær hér mjög góðum tókum á samspili leikaranna.“

\*\*\*\* **Elisabet Brekkan, Fréttablaðið.**

„... konan sem sat tveim sætum frá mér hló oft hátt og snjallt. Og ég er viss um að hún var í raun og veru að skemmta sér...“

**Jón Viðar Jónsson, DV.**

Midasala: 555 2222.  
www.midi.is



LEIKLIST Möguleikhúsið er þurrkað út í nýlegum veitingum styrkja til leiklistarstarfsemi.

MYND/MÖGULEIKHÚSIÐ

## Styrkir leikhópa veittir

**Leiklistarráð útteildi verkefnastyrkjum á föstudag: 66,1 milljón var til úthlutunar auk styrkja úr Listasjóði sem greint var frá fyrir viku en þá voru 100 mánaðarlaun til leikhópa veitt.**

Þriðjungi af styrkjum ársins var þegar ráðstafað til Hafnarfjarðarleikhússins með samningi við Hafnarfjarðarbæ og leikhópinn: 20 milljónum. Eftirstöðvum var deilt á 13 verkefni og jafnmarga framleiðendur. Athygli vekur að í þeirra hópi eru ekki Möguleikhúsið, Draumasmíðjan og Vesturport.

Pétur Eggerz hefur tilkynnt að styrkbeidnum til Möguleikhússins hafi nú verið hafnað hjá Barnamenningarsjóði, Menningarsjóði félagsheimila og fjármálaráðuneyti og hafi leikhúsið aðeins 3 milljóna styrk til áframhaldandi starfs og verði húsinu því lokað. Vesturport fékk á liðnu ári 7 milljónir auk styrks frá Reykjavíkurborg upp á 3 milljónir. Það fær enga styrki í ár.

Stærsta styrkinn, 7,5 milljónir og 17 mánaðarlaun fær Lab Loki, tilraunahópur Rúnars Guðbrandsónar. Þá fær hópur undir forystu Margrétar Vilhjálmsdóttur 5,5 milljónir en engin mánaðarlaun. Mun það verkefni áframhald af sýningunni Guð úr vélinni.

Mánaðarlaun eru nú 239.477 kr.

og eru þetta svokölluð verktakalaun.

Hópur Carlottu Böving og Maríu Ellingsen sem nú er að hefja vinnu við verkefnið Mamma í Hafnarfjarðarleikhúsinu fær 4,6 milljónir og 8 mánaðarlaun.

Danshópurinn Panic productions fær 3,4 milljónir og 14 mánaðarlaun vegna verkefnisins Professional Amateurs. Söguleikhúsið fær 3 milljónir og 7 mánaðarlaun vegna Brákar sem nú er í sýningu í Borgarnesi.

Evudætur, Ólöf Nordal, Þuríður Jónsdóttir, Kristín Jóhannesdóttir og fleiri fá 3 milljónir og 5 mánaðarlaun vegna óperunnar Evu. Erna Ómarsdóttir sýnir brátt í Brest verk sitt Talking Tree, sem verður lokaverkið á Lókal, alþjóðlegri leiklistarhátt í Reykjavík, en til þess fékk hún 2,5 milljónir.

Sælugerðin undir forystu Álfarúnar Órnólfsdóttur fékk 2,4 milljónir og 14 mánuði vegna verksins Húmanimal. Þóra Katrín Árnadóttir fékk 1,2 þúsund fyrir einleikinn bandaríska Ég heiti Rachel Corrie og 7 mánuði. Sigrún Sól Ólafsdóttir fær 1,7 þúsund og 6 mánaðarlaun vegna verksins Upp á fjall. Kristján Ingimarsson fær 1,8 vegna Skeppunnar, sem hann er með í undirbúningi. Fígúra ehf., sem er fyrirtæki Bernd Ogródnik, fær 1,8 vegna Klókur ertu Einar Áskell en Bernd fékk 3 mánaðarlaun úr launasjóði rithöfunda.

Danshópurinn Ugly Duck fékk 800 þúsund vegna verkefnisins 108 prototype. Þess utan fengu

hóparnir Lykillinn 16 mánaðarlaun og Samsuðan og Co 6 mánaðarlaun.

Það er Leiklistarráð sem ræður úthlutunum en alls búrast 64 umsóknir frá 53 aðilum. Það skipa Magnús Þór Þorbergsson kennari við Listaháskóla Íslands, Jörunn Sigurðardóttir dagskrárgerðarkona hjá RÚV og Orri Hauksson viðskiptafræðingur.

Fari sem horfir að aðstandendur Möguleikhússins loki og starfsemi í húsi þeirra verði hætt verður skarð fyrir skildi því leikhópurinn hefur staðið fyrir sýningum fyrir börn síðan 1990 og hefur notið starfslauna frá 1994. Vandi Möguleikhússins rétt eins og Hafnarfjarðarleikhússins þá samstarfssamningi við það og Hafnarfjörð lýkur er að þá er klippt á samfelldan feril. Báðir flokkarnir sem eru byggðir upp í kringum fámennan kjarna eru þá að leita sér fjármagns hjá einka aðilum eða leggja húsnæði sitt undir starfsemi annarra flokka. Hefur Hafnarfjarðarleikhúsið nýlega verið gagnrýnt fyrir kraftlitla starfsemi þrátt fyrir háa styrki.

Sjálfstæðu leikhúsin hafa lengi gagnrýnt hversu lágar upphæðir á vegum ríkisins og sveitarfélaga ganga til leiklistarstarfs: Kópavogur 0, Garðabær 0, Mosfellsbær 0. Í Reykjavík njóta fáir hópar styrkja á sama tíma og Reykjavíkurborg er að byggja upp húsnæði til samfelldrar starfsemi í Tjarnarvíði.

ppb@frettabladid.is



## Afmæli útvarps

Rás 2 fagnar 25 ára afmæli í desember á þessu ári. Í tilefni þessa stórafmælis fer í dag í loftið fyrsti þátturinn í röð nefnist Fyrst og fremst. Þættirnir verða á dagskrá á sunnudögum, en í þeim mun Hjálmar blanda saman skemmtilegum sögum af Rás 2 og af sjálfum sér, tónlist sem leikin hefur verið á rásinni undanfarin aldarfjórðung og leika efni úr gömlum þáttum.

Einnig mun Hjálmar bjóða „eldri röddum“ rásarinnar til þess að rifja upp liðin ár. Gestur þessa fyrsta þáttar er útvarpsmaðurinn góðkunnir Þorgeir Ástvaldsson.

Þátturinn hefst kl. 15. - vp



ÍSLENSKIR LISTAMENN VIÐ SKILNINGS-TRÉÐ. Verk eftir Kjarval sem sjá má á sýningunni í Listasafni Íslands.

## Sunnudagsleiðsögn

Gestum Listasafns Íslands stendur í dag til boða að hlýða á leiðsögn Guðrúnar Magnúsdóttur bókasafnsfræðings um sýningu á verkum úr safni Markúsar Ívarssonar. Leiðsögnin hefst kl. 14.

Guðrún segir frá atriðum úr lífi og starfi Markúsar, listaverkasöfnun hans og kynnum fjölskyldu hans af listamönnum þjóðarinnar. Markús átti margt góðra verka í safni sínu, sem var að hluta til gefið Listasafni Íslands árið 1951. Á sýningunni sem nú stendur yfir má sjá mörg afar merkileg verk úr sögu íslenskar myndlistar eftir listamenn á borð við Jóhannes S. Kjarval, Gunnar Gunnarsson, Gunnlaug Scheving og Snorra Arinbjarnar.

Aðgangur að safninu er ókeypis og öllum opin. - vp



...ég sá það á visir.is



# Baðstofan

eftir Huggleik Dagsson

Leikstjóri Stefán Jónsson

Frum sýning í Kassanum 9. febrúar



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## Þreytist þú eftir langan vinnudag?



Lausnin gæti einfaldlega verið að skipta reglulega um stellingar. Núna bjóðum við úrval af hæðarstillanlegum rafmagnsskrifborðum.

## Verð frá kr. 49.900

**EG** SKRIFSTOFU  
HÚSGÖGN

Ármúla 22 108 Reykjavík • Sími 533 5900 • Fax 533 5901 • skrifstofa@skrifstofa.is  
Opnunartími: mánud. - föstud. 9:00 til 18:00 og laugard. 11:00 - 15:00

www.skrifstofa.is



**Nýtt í bíó** Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ

★★★★★  
- H.J. MBL  
JAMES McAVOY - LARA KNIGHTLEY  
**ATONEMENT**  
BYGGT Á LÖG SÖMURARÓTTUR AF LÖG SÖMURARÓTTUR AF LÖG SÖMURARÓTTUR

★★★★★  
- S.V. MBL  
- Dóri DNA, DV  
- V.L.J. 24 Stundir  
★★★★★  
- Dóri DNA, DV  
- V.L.J. 24 Stundir  
★★★★★  
- Dóri DNA, DV  
- V.L.J. 24 Stundir

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

ATONEMENT	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
CLOVERFIELD	kl. 8 og 10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 4, 6, 8 og 10	7
THE GOLDEN COMPASS	kl. 2 og 5	10
ALVIN OG ÍKORNARNIR ISL.TAL	kl. 2	L
BÝFLUGUMYNDIN ISL.TAL	kl. 2	L

**NÝTT Í BÍÓ!** FRÁ GAURNUM SEM FÆRDI PÉR  
KNOCKED UP, SUPERBAD OG  
TALLADEGA NIGHTS

**NÝTT Í BÍÓ!** EITTHVAÐ SKELFILEGT  
ER Á SVEIMI!

FYRST RAY, SÍÐAN WALK  
THE LINE...  
...NÚ ER KOMIÐ AÐ  
DEWEY COX

★★★★★  
- Dóri DNA, DV  
- S.V. MBL

BYGGT Á METSÖLUBOK EFTIR IAN MCEWAN

★★★★★  
Sigurjón M. Egilsson, Mannlíf - Gunnar Hilmarsson,  
Frettablaðið

★★★★★  
Jóns Erlingur Magnússon

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

WALK HARD	kl. 2-4-6-8-10	14
CLOVERFIELD	kl. 2-4-6-8-10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	7
BRÚÐGUMINN LÚXUS	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	7
ALIEN VS PREDATOR 2	kl. 8-10.10	16
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 2-4-6 ISLENSKITAL	

NÚ MÆTAST ÞAU AFTUR!

T.V.-KVÍKMYNDRIS

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

WALK HARD	kl. 3-6-8-10	14
THE DARJEELING LIMITED	kl. 3-6-8-10	12
BRÚÐGUMINN	kl. 3.40-5.50-8-10.10	7
THE MIST	kl. 10.30	16
THE GOLDEN COMPASS	kl. 3-5.30-8	10

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000 5% 450 kr. í bíó!

REGNBÖGINN Sími 551 9000 450 kr. í bíó!

WALK HARD	kl. 2-4-6-8-10	14
CLOVERFIELD	kl. 2-4-6-8-10	14
BRÚÐGUMINN	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	7
BRÚÐGUMINN LÚXUS	kl. 1.30-3.40-5.50-8-10.10	7
ALIEN VS PREDATOR 2	kl. 8-10.10	16
ALVIN & ÍKORNARNIR	kl. 2-4-6 ISLENSKITAL	

HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919 450 kr. í bíó!

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500 450 kr. í bíó!

ATONEMENT	kl. 3-6-9	12
CHARLIE WILSON'S WAR	kl. 3.30-5.45-8-10.15	14
THE DARJEELING LIMITED	kl. 8-10	12
BRÚÐGUMINN	kl. 3.40-5.50-8-10.10	7
DUGGHOLLFÓLKID	kl. 4-6	7

AUKAKRÖNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDAN  
MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM! AUKAKRÖNUR

SAMBIO.is SAMBÍÓIN  
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

JOHNNY DEPP  
BYGGT Á BLÓTTGATA SÖMURARÓTTUR TÍMA EFTIR S. SONDHEIM

UNTRACEABLE

CHARLIE WILSON'S WAR  
TIL NEFNDIÐ  
ÓSKAÐSVEIÐLAUNA

CLOVERFIELD

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

SWEENEY TODD	kl. 5:30D - 8D - 10:30D	16
SWEENEY TODD	kl. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	VIP
UNTRACEABLE	kl. 5:50 - 8 - 10:10	16
CHARLIE WILSON'S WAR	kl. 5:50 - 8 - 10:30	12
DEATH AT A FUNERAL	kl. 2 - 4 - 6 - 8 - 10:10	7
THE GAME PLAN	kl. 1:15 - 3:30 - 5:40	L
NAT. TREASURE 2	kl. 8	12
I AM LEGEND	kl. 10:30	14
TÖFRAPRINSESSAN M/ISL.TAL	kl. 1:15 - 3:30	L
ENCHANTED M/ENSK.TAL	kl. 1:15 - 3:30	L
BÝFLUGUMYNDIN M/ISL.TAL	kl. 1:30 - 3:30	L

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

UNTRACEABLE	kl. 8 - 10:10	16
BRÚÐGUMINN	kl. 6 - 8	7
ALIENS VS. PREDATOR 2	kl. 10:10	16
GAME PLAN	kl. 1:30 - 3:40 - 5:50	L
ALVIN OG ÍKO... M/ISL.TALI	kl. 2-4	L

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

SWEENEY TODD	kl. 6 - 8 - 10:20	16
THE GAME PLAN	kl. 2-6	L
DEATH AT A FUNERAL	kl. 8	7
CHARLIE WILSON'S WAR	kl. 10	12
TÖFRAPRINSESSAN ISL.TAL	kl. 2-4	L
BÝFLUGUMYNDIN ISL.TAL	kl. 4	L

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

BRÚÐGUMINN	kl. 3:40 - 5:50 - 8	7
ALIEN VS. PREDATOR 2	kl. 10:10	16
BUTTERFLY ON A WHEEL	kl. 8	16
RUN, FAT BOY, RUN	kl. 10:10	L
NANNY DIARIES	kl. 5:50	L
ALVIN OG ÍKO... M/ISL.TAL	kl. 1:40	L
ENCHANTED M/ISL.TAL	kl. 1:40	L
BÝFLUGUMYNDIN ISL.TAL	kl. 4	L

# Mínus-plakat í Kerrang!

Stórt veggspjald með rokk-sveitinni Mínus fylgir tölublaði breska tónlistartímaritsins Kerrang! sem kemur út 27. febrúar. Myndataka vegna plakatsins fór fram hérlandis í gær.

Tílefni myndatökunnar er platan The Great Northern Whalekill sem kemur í búðir víðs vegar um Evrópu 3. mars á vegum breska útgáfufyrirtækisins One Little Indian.

Þrjú tónlistarblöð til viðbótar, tvö bresk og eitt þýskt, eru jafnframt á leiðinni til landins til að spjalla við Mínus-liða. „Það er mjög mikill fliðingur fyrir þessari plötu,“ segir Björn Stefánsson, trommari Mínuss.

## Frábærir dómur

The Great Northern Whalekill kom út hérlandis á síðasta ári. Fékk hún góða dóma víðast hvar en óvænt tíðindi urðu þó skömmu eftir útgáfunna þegar þeir Frosti Logason og bassaleikarinn Þröstur hættu í sveitinni. Mínus var þó ekki af baki dottin og réð gítarleikarann Sigurð Oddsson í stað tvímenninganna.

Platan hefur fengið mjög góða dóma erlendis að undanförunni, þar af 8 af 10 mögulegum í breska



MÍNUS Stórt plakat af rokk-sveitinni Mínus fylgir væntanlegu tölublaði Kerrang!

tímaritinu Rocksound og fjórar og hálfu stjörnu af fimm á bresku síðunni themusicmagazine.co.uk. „Að semja tónlist sem er aðgengileg en hefur einnig mikla dýpt er ekki auðvelt verkefni en Mínus tekst það frábærlega,“ segir í dómi Rocksound.

## Tónleikaferð í apríl

Björn er vitaskuld ánægður með þessa góðu dóma. „Við erum búinir að vera þrjár í þessari sýningu (Jesus Christ Superstar) þar sem við höfum einbeitt okkur að ann-

arri músík. Það fór lítið fyrir plötunni heima þannig að það er rosagaman að fá góða dóma, sérstaklega erlendis. Það er alltaf gaman þegar fólk kann að meta það sem við erum að gera.“ Mínus ætlar að fylgja plötunni eftir með tónleikahaldi erlendis í apríl, meðal annars í Bretlandi og Þýskalandi. Fyrir þann tíma verða þó haldnir tónleikar hérna heima. Jafnframt er sveitin að vinna að nýju efni og hefur stefnan verið sett á nýja plötu síðar á árinu.

freyr@frettabladid.is

# Þjóð í hlekkjum Hugleiks

Þriðja leikrit Hugleiks Dagssonar verður frumsýnt í Kassa Þjóðleikhússins 9. febrúar. Það heitir Baðstofan og enn vinnur Hugleikur með hljómsveitinni Flís, Ilmi Stefánssdóttur leikmyndahönnuði og leikstjóranum Stefáni Jónssyni sem hefur leikstýrt öllum hans leikverkum.

„Við getum sagt að Baðstofan loki ákveðinni trílógíu,“ segir Stefán. „Forðist okkur fjallaði um nútímann, Leg um framtíðina og Baðstofan fjallar um fortíðina. Verkið gerist sautján hundruð og síðar, mitt á milli Móðuharöndanna og annarra harðinda sem gengu yfir landið eins og lægðir. Svarti húmorinn hans Hugleiks passar mjög vel við þessa hörmungartíma. Það má segja að þetta sé „þjóð í hlekkjum Hugleiks“, og er ég þá að vísa til heimildarþátta Baldurs Hermannssonar þar sem hann fann gamla bændasamfélaginu allt til foráttu.“

Þjóð í hlekkjum hugarfarsins vakti gífurleg viðbrögð í þjóðfélaginu á sínum tíma en Stefán segir ekki markmiðið að hneyksla með Baðstofunni. „Maður gengur til verks og reynir að gera sitt besta. Við einblinum ekki á ljótleikann þótt við höfum rekist öþrymlega á það hversu djúpt



LOKAR TRÍLÓGÍU Úr Baðstofu Hugleiks Dagssonar.

sokkin menntan var á þessum tíma. Það hefur oft verið lokað á þessa fortíð okkar og sumir sjá hana í rósrauðum bjarma. Í staðinn fyrir að gera þessa tíma upp höfum við henst inn í nútímann og vitum ekki hvernig á að stoppa. Hugleikur er nútíma grínkarl og mér fannst nauðsynlegt að hafa sögulegt raunæmi utan um textann hans. Við lögðumst því í nokkra rannsóknarvinnu og kynntum okkur fortíðina.“

Stefán er ánægður með samstarfið við Hugleik. „Mér hefur fundist gaman að vinna með textann hans. Hugleikur er kannski ekki að skrifa á neinu gullaldarmáli en ég skynja í textanum hráan og frumlegan efnivið sem gaman er að henda í sýningu.“

Baðstofan er ekki söngleikur



GAMAN AÐ VINNA MEÐ HRÁAN TEXTA HUGLEIKS Stefán Jónsson leikstýrir Baðstofunni.

eins og Leg en hljómsveitin Flís tekur lífandi þátt í sýningunni sem er mikið hljóðverk. Brynhildur Guðjónsdóttir leikur aðalkvenhetjuna og aðrir leikarar eru Dóra Jóhannsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir, Stefán Hallur Stefánsson, Valur Freyr Einarsson og Vignir Rafn Valþórsson.

2. og 3. feb.

# SparBíó 450kr

Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

FRÆLYFNDIN GAMANMYND FRÁ WALT DISNEY <b>GAME PLAN</b>	FRÁ LEIKSTJÓRA „WHAT ABOUT BOB?“ <b>DEATH AT A FUNERAL</b>	BÝFLUGUMYNDIN	TÖFRAPRINSESSAN M/ISL.TALI KL. 1:15 Í ÁLFABAKKA, 1:50 Í KRINGLUNNI, 2 Á AKUREYRI OG 4 Á SELFOSSI
---	---	---------------	--

GAME PLAN KL. 1:15 Í ÁLF. 1:50 Í KRINGL. OG KL. 1:30 Í KEFLAVÍK. DEATH AT A FUNERAL KL. 2 Í ÁLFABAKKA Á AKUREYRI OG 4 Á SELFOSSI

Sími: 553 2075 - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

THE GOLDEN COMPASS	ATR. SÝND KL.2
ALVIN OG ÍKORNARNIR	ATR. SÝND KL.2
BEE MOVIE	ATR. SÝND KL.2

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins



# Valentino kveður

Tískuhönnuðurinn Valentino Garavani hneigði sig og þakkaði fyrir sig í París í síðustu viku. Hann sýndi þar síðustu línu sína fyrir tískuhúsið sem ber nafn hans, en hann hyggst nú draga sig í hlé frá tískuheiminum. Eftir sýninguna á hátískuvíkunni í París sagðist Valentino vera orðinn þreyttur á tískuheiminum, sagði hann snúast of mikið um viðskipti í stað sköpunarkrafts. Hönnuðirnir Alessandra Facchinetti og Feruccio Pozzoni munu taka við af goðsögninni.



## BLÓMLEG RÓMANTÍK

Eins og við mátti búast var flestöllu tjaldað til á síðustu sýningu Valentinos. Draumkendir kjólar í pastellitum, blómamunstur og útsaumur af bestu gerð var á meðal þess sem leið niður tiskupallinn í París. Sýningunni lauk svo á því sem einna helst mætti líkja við skrudgöngu rauðklæddra fyrirsæta enda hefur rauður löngum verið einkennislitur hönnuðarinnar. Valentino þakkar fyrir sig, og kveður tískuheiminn.

# Franskt hlaðborð

Franska dúóið Daft Punk á að baki tvær af flottustu plötum seinni tíma, Homework sem kom út árið 1997 og Discovery sem kom 2001. Þriðja platan, Human After All frá 2005 var töluvert síðri þó að hún hafi unnið á með tímanum og lög eins og titillagið, Technologic, Robot Rock og Television Rules The Nation standi vel fyrir sínu í dag.

Daft Punk gaf fyrir nokkrum árum út tónleikaplötuna Alive 1997 sem var skemmtilega hrá og sýndi að tónleikar með þeim Thomas Bangalter og Guy-Manuel de Homem-Christo voru mikil upplifun. Seint í fyrra kom svo út platan Alive 2007, en hún er tekin upp á tónleikum í Bercy-höllinni í París í júní í fyrra, áratug á eftir þeirri fyrri.

Daft Punk var ein af heitustu tónleikasveitum ársins 2007. Þeir Guy-Manuel og Thomas byggðu risavaxinn píramída sem þeir höfðu á sviðinu og efst í honum var stjörnklefi þar sem þeir voru með öll sín hljóðfæri, tæki og tól. Sveitin fór í tónleikaferð um Evrópu, Ameríku, Asíu og Ástralíu og var aðalnumerið á nokkrum stórum tónlistarháttum.

Það heyrst glögg á Alive 2007 að stemningin hefur verið frábær. Á plötunni eru 27 lög þó að réttara væri að segja að Daft Punk notaði 27 lög til þess að framkalla upplifunina á tónleikunum þar sem lögin eru fléttuð saman þannig að maður heyrir yfirleitt hluta úr a.m.k.



## TÓNLIST

Alive 2007

Daft Punk

★★★★

Það er geinlegt að þeir Thomas Bangalter og Guy-Manuel de Homem-Christo hafa lagt mikið í tónleikaferðina sína á síðasta ári. Alive 2007 er til vitnis um það. Flott og öðruvísi tónleikaplata.

tveimur lögum í einu, stundum fleirum. Það er greinlegt að það hefur ekki verið lagt minna í tónlistarlegu framsetninguna heldur en sviðsmyndina og það sjónræna og útkoman er eins konar franskt tónlistarhlaðborð.

Öll þekktustu lög Daft Punk hljóma á Alive 2007 og hápunktarnir eru margir. Í heildina fin og öðruvísi tónleikaplata.

Trausti Júlíusson

# Verðbréfavíðskipti fyrir almenning

- Eru verðbréfavíðskipti aðeins á færi sérfræðinga?
- Get ég mótað mínar skoðanir um verðbréfaeign mína?
- Á ég að fara á taugum þegar verðbréf lækka?
- Á ég að kaupa, selja eða staldra við þegar verðbréf hækka?

SAMTÖK FJÁRFESTA bjóða upp á námskeið þar sem þessar spurningar verða ræddar

Standford á **Radisson SAS, Hótel Sögu**  
MÁNUDAGINN 4. FEBRÚAR KL 20

**Háskólinn á Akureyri**, stofa L101 á Sólborg  
ÞRIÐJUDAGINN 5. FEBRÚAR KL 16

**Háskólinn á Bifröst**  
MIÐVIKUDAGINN 6. FEBRÚAR KL 15



## FYRIRLESARI:

**Claus Silfverberg**, framkvæmdastjóri PRISAS og áður framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta í Danmörku, Dansk Aktionærforening. Námskeiðið verður á ensku.

Claus Silfverberg hefur haldið slík námskeið í Danmörku á undanförunum árum.

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til: [vb@hi.is](mailto:vb@hi.is)

**ÖLLUM ER HEIMIL  
ÞÁTTTAKA Í BOÐI  
SAMTAKA FJÁRFESTA**

**Samtök  
fjárfesta**

## Morgunverðarfundur Slysavarnaráðs 6. febrúar á Grand Hótel

**2+2 EÐA 2+1 VEGIR:**

**Öryggi vegfarenda – kostnaður samfélagsins – erum við á réttri leið?**

Skráning fer fram á [www.lydheilsustod.is/skraning](http://www.lydheilsustod.is/skraning) fyrir 5. febrúar

## Dagskrá

<b>Fundarstjóri:</b>	Þóra Arnórsdóttir, fréttamaður
<b>Kl. 08.00</b>	Skráning og greiðsla þátttökugjalds
<b>Kl. 08.25</b>	<b>Setning morgunverðarfundar</b> Guðlaugur Þór Þórðarson, Heilbrigðisráðherra
<b>Kl. 08.35</b>	<b>2+1 vegir - öruggur og ódýr valkostur</b> Haraldur Sigþórsson, Línuhönnun
	<b>2 + 2 = 0 – reiknum dæmið til enda</b> Steinþór Jónsson, formaður Samstöðu og FÍB
	<b>Framanákeyrslur 1998-2007</b> <b>Gögn rannsóknarnefndar umferðarslysa um banaslysa</b> Ágúst Mogensen, Rannsóknarnefnd umferðarslysa
<b>Kl. 09.35</b>	<b>Fyrirspurnir og pallborðsumræður</b> Í panel verða: Haraldur Sigþórsson, Steinþór Jónsson, Ágúst Mogensen og Þórólfur Þórlindsson forstjóri Lýðheilsustöðvar
<b>Kl. 10.00</b>	<b>Fundarslit</b>

Þátttökugjald er 2.000 kr. og greiðist við upphaf fundarins  
Innifalið í þátttökugjaldi er morgunverðarhlaðborð





## > KSÍ mylur gull

Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, heldur áfram að mala gull og skilaði enn einu sinni góðum hagnaði á síðasta rekstrarári. Hagnaður ársins 2007 var 66,6 milljónir króna sem gerir það að verkum að eigið fé sambandsins stendur nú í tæplega 350 milljónum króna. Fjármunatekjur skiluðu sambandinu góðum hagnaði líkt og undanfarin ár en fjármunatekjur ársins 2007 voru tæplega 150 milljónir króna.



**sport**  
sport@frettabladid.is

## HANDKNATTLEIKSKAPPINN VILHJÁLMUR HALLDÓRSSON: KOMINN HEIM Í HEIÐARDALINN FRÁ DANMÖRKU

### Kom aldrei annað til greina en að fara í Stjórnuna

Vilhjálmur Ingi Halldórsson er genginn í Stjórnuna á nýjan leik og hann spilar sinn fyrsta leik með félaginu í kvöld er það sækir HK heim í Digranes. Vilhjálmur hefur síðustu tvö og hálf ár leikið í Danmörku. Fyrstu tvö árin með Skjern og svo með Lemvig.

„Þetta gekk allt furðufljótt fyrir sig og það er svolítið síðan ég samdi við Stjórnuna. Lemvig var mjög sanngjarnt en Stjarnan þurfti að borga eitthvað fyrir mig. Það kom aldrei annað til greina en að koma heim í Stjórnuna fyrst ég var að koma heim á annað borð,“ sagði Vilhjálmur við Fréttablaðið en umhverfið hefur breyst talsvert eftir að hann fór út enda Stjarnan flutt á nýjan heimavöll.

„Mér líst mjög vel á þetta og hlakka til. Líðið hefur mikið breyst líka og er skemmtilegt. Það tekur smá tíma að venjast nýja húsinu en mér hefur fundist fint að æfa þar. Það er samt alltaf eins og að fara á útivöll að mæta á æfingar þarna,“ sagði Vilhjálmur létur en hann er ánægður með árin í Danmörku.

„Þetta var snilldartími. Sérstaklega hjá Skjern með öllum Íslendingunum og liðinu gekk líka



mjög vel bæði heima og í Evrópukeppninni. Skjern er frábær klúbbur og mér leið mjög vel þar. Lemvig var fint í upphafi en svo fjarði svolítið undan þessu og ég fékk mig því bara lausan. Þetta var gríðarlega mikil reynsla sem ég bý að,“ sagði Vilhjálmur sem fékk lítið að spila sóknarleik í Danmörku en hann var mikil skytta hér heima og komst í íslenska landsliðið á tímabili.

„Ég bætti mig eðlilega mikið í vörninni á þessum tíma en ég vildi líka spila meiri sókn og það var nú ein aðalástæðan fyrir því að ég fór frá Skjern. Ég er eflaust svipaður leikmaður en hef samt skólast mikið á þessum tíma. Ég þarf aðeins að hressa upp á sóknina hjá mér og fá hittina aftur,“ sagði Vilhjálmur en honum leggst vel á það sem eftir er tímabilsins og stefnir á að ná árangri með Stjórnunni.

„Mér líst mjög vel á þjálfarateymið okkur og þeir veiga vel upp hvorn annan. Svo er hópurinn skemmtilegur og sterkur. Þetta lið á að geta farið langt og það væri ekki verra að landa titlinum í ár.“

## ÚRSLIT

### Lýsingarbikar karla:

**Njarðvík-Snæfell 77-94 (30-45)**  
**Stíg Njarðvíkur:** Damon Bailey 28 (10 fráköst), Brenton Birmingham 16 (6 stolnir), Höður Axel Vilhjálmsson 14, Sverrir Þór Sverrisson 7, Jóhann Árni Ólafsson 5, Guðmundur Jónsson 3, Egill Jónsson 2, Friðrik Stefánsson 2.  
**Stíg Snæfells:** Justin Shouse 27 (5 stolnir), Hlynur Bæringsson 19 (19 fráköst, 3 þristar), Sigurður Þorvaldsson 15, Magni Hafsteinsson 13, Jón Ólafur Jónsson 8, Slobodan Subasic 6, Anders Katholm 3, Árni Ásgeirsson 3.

### N1-deild kvenna:

**Haukar-Valur 25-33 (14-12)**  
**Mörk Hauka (skot):** Ramune Pekarskyte 8 (15/1), Sandra Stojkovic 7/3 (10/3), Erna Þráinsdóttir 4 (5), Harpa Melsted 3 (8), Nína Kristín Björnsdóttir 3 (14/2), Ausra Gecenic (1), Hekla Hannesdóttir (1), Sigrún Brynjólfssdóttir (1), Hind Hannesdóttir (1).  
**Varín skot:** Laima Miliuskaite 10 (33/3 30,3%), Helga Torfadóttir 1 (6/2 16,7%), Bryndis Jónsdóttir 4 (9 44,4%)  
**Hraðaupphlaup:** 5 (Erna 3, Ramune 2)  
**Fiskuó víti:** 6 (Erna 2, Nína 2, Sigrún, Harpa)  
**Útan vallar:** 4 mínútur  
**Mörk Vals (skot):** Hafrún Kristjánsdóttir 7/5 (7/5), Eva Barna 6 (9), Íris Ásta Pétursdóttir 5 (8), Nora Valovics 4 (5), Kristín Collins 3 (5), Hildigunnur Einarsdóttir 2 (2), Katrín Andrésdóttir 2 (3), Dagný Skúladóttir 2 (3), Rebekka Skúladóttir 1 (1), Ágústa Edda Björnsdóttir 1 (5), Kristín Guðmundsdóttir (4)  
**Varín skot:** Berglind Hansdóttir 18/2 (40/3 45%), Jolanta Slapikiene 4 (7/2 57,1%)  
**Hraðaupphlaup:** 16 (Kristín Collins 3, Íris 3, Dagný 2, Eva 2, Hildigunnur 2, Rebekka, Katrín, Nora, Ágústa)  
**Fiskuó víti:** 5 (Kristín G. 2, Ágústa, Eva, Hildigunnur)  
**Útan vallar:** 2 mínútur

### N1-deild karla:

**ÍBV-Fram 21-30**

Tveir leikir fara fram í N1-deild karla í dag er HK tekur á móti Stjórnunni og Afturelding tekur á móti Akureyri.

Í N1-deild kvenna fer fram einn leikur en Akureyri tekur á móti Fylki.

Hlynur Bæringsson vill fá Skallana í bikarúrslitum eftir sigur Snæfells á Njarðvík:

## Allir sveitamennirnir munu mæta í stígvélum og lopapeysum

**KÖRFUBOLTI** Snæfell er komið í úrslit Lýsingarbikars karla eftir öruggan stórsigur á Njarðvík, 77-94, í Ljónagryfjunni í Njarðvík. Snæfell var einfaldlega mikið betra liðið í leiknum og verðskuldaði sigurinn sem og farseðilinn í bikarúrslitin þar sem liðið mættir annaðhvort Skallagrími eða Fjölni en þau mætast í hinum bikarúrslitaleiknum í kvöld.

„Ég er pottþéttur á að við fáum Skallagrím. Það verður bara frábært. Það eru allir svo miklir sveitamenn þarna fyrir vestan að þeir munu allir mæta í stígvélum og lopapeysum í Laugardalshöllina. Þetta verður alvöru fjör. Mjólkurbillinn og allur pakkinn,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði Snæfells, kampakátur í leikslök.

Hlynur átti mjög fínan leik og þá sérstaklega í fyrri hálfleik þar sem hann skoraði 16 stig en skaut samt aðeins fjórum sinnum utan af velli. Það gera fjögur stig á skot. Geri aðrir betur. Hann tók

þess utan 12 fráköst í hálfleiknum og fékk ekki á sig eina einustu villu þrátt fyrir hávær mótmæli úr stúkunni.

Þessi stórleikur Hlyns, sem og Justin Shouse sem einnig lék vel, gerði það að verkum að Snæfell leiddi með 15 stigum í hálfleik, 30-45.

Snæfell var mun grimmari aðilinn strax frá upphafi og Njarðvíkingar voru einfaldlega ekki tilbúnir slaginn. Þeir rifu sig upp um tíma, minnkuðu muninn í þrjú stig, 22-25, en þá féll þeim allur ketill í eld á nýjan leik.

Með bakið upp við vegginn mættu Njarðvíkingar værukærir til síðari hálfleiksins og gestirnir úr Hólminum kláruðu dæmið tiltölulega snemma. Heimamenn tóku nokkra dauðakippi en þeir stóðu stutt yfir. Stórsigur Snæfellinga því staðreynd og þeir fögnuðu vel og innilega í leikslök.

Áður hefur verið minnst á góða frammistöðu Hlyns og Shouse en Magni Hafsteinsson kom líka

\* Ársvextir skv. vaxtatöflu 21.01.08: Vextir eru stighækkandi eftir innstæðu.  
Grunnþrep 0-250 þús. = 9,75%  
1. þrep 250-1.000 þús. = 12,35%  
2. þrep 1-5 millj. = 13,00%  
3. þrep 5-20 millj. = 13,50%  
4. þrep 20-75 millj. = 14,00%  
5. þrep 75 millj.+ = 14,50%



**STERKUR** Hlynur Bæringsson átti sannkallaðan stórleik með Snæfelli gegn Njarðvík í Ljónagryfjunni í gær. Hann skoraði grímt og tók þess utan fjölda frákaða enda ákaflega grimmur undir körfunni.

VÍKURFRÉTTIR/ÞORCILS



Knattspyrnulandsliðið keppir á Möltu:

## Tveggja marka tap gegn Hvít-Rússum

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið hóf keppni á fjögurra liða æfingamóti á Möltu í gær. Fyrsti andstæðingurinn var Hvíta-Rússland en keppt var á þjóðarleikvangi Maltverja, Ta Qali.

Þar sem gærdagurinn var ekki alþjóðlegur leikdagur stillti Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari upp frekar óreyndu liði þar sem uppistaðan var leikmenn úr Landsbankadeildinni. Eftir því sem fram kemur á heimasíðu

Knattspyrnusambands Íslands, ksi.is, hafi Hvít-Rússar komist yfir á 32. mínútu með sínu fyrsta skoti á markið.

Rússarnir komust í 2-0 eftir aðeins tvær mínútur í síðari hálfleik. Það mark var þrumufleygur af 30 metra færi. Ísland mætir Möltu á morgun. Ekki tókst að ná í Ólaf Jóhannesson landsliðsþjálfara í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

- hbg



0-2 Ólafur Jóhannesson stýrði íslenska landsliðinu öðru sinni í gær og aftur mátti íslenska liðið sætta sig við tap. FRÉTTABLAÐIÐ/MARTIN SYLVEST

### BYRJUNARLIÐ ÍSLANDS

**Svona stillti Ólafur Jóhannesson upp liðinu gegn Hvít-Rússum í gær.**

Markvörður: Stefán Logi Magnússon  
H. bakvörður: Birkir Már Sævarsson  
V. bakvörður: Bjarni Ólafur Eiríksson  
Miðvörður: Bjarni Guðjónsson  
Miðvörður: Atli Sveinn Þórarinnsson  
Miðjumaður: Aron Einar Gunnarsson  
Miðjumaður: Stefán Gíslason  
Miðjumaður: Bjarni Þór Víðarsson  
H. kantur: Theodór Elmar Bjarnason  
V. kantur: Tryggvi Guðmundsson  
Framherji: Helgi Sigurðsson



**FREDDIE KANOUTE** Hefur staðið sig frábærlega með Sevilla.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Knattspyrnumaður Afríku:

## Kanoute valinn bestur

**FÓTBOLTI** Malí-maðurinn Freddie Kanoute var valinn besti knattspyrnumaður Afríku fyrir árið 2007. Kanoute er fyrsti leikmaðurinn sem er fæddur utan Afríku sem vinnur til þessara verðlauna en Kanoute fæddist í Frakklandi.

Kanoute, sem leikur með Sevilla á Spáni, var fyrir ofan Chelsea-mennina Didier Drogba og Michael Essien í kjörinu en Drogba var valinn bestur árið 2006.

„Ég tileinka verðlaunin fjölskyldu minni sem og fólkinu í Malí,“ sagði Kanoute.

- hbg

Danski handboltinn:

## Slæmt tap hjá GOG

**HANDBOLTI** Íslendingaliðið GOG tapaði illa í uppgjöri tveggja af bestu liðum Danmerkur - GOG og Kolding - í gær.

Kolding vann með sex marka mun, 35-29, og skoraði Snorri Steinn Guðjónsson sjö mörk fyrir GOG og Ásgeir Örn Hallgrímsson tvö.

GOG er áfram í öðru sæti þrátt fyrir tapið en annað Íslendingalið, FCK, er á toppnum.

- hbg



**GASOL** Mun styrkja Kobe og félagaverulega.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Lakers styrkir sig:

## Gasol til Lakers

**NBA** Los Angeles Lakers styrkti lið sitt til muna er það fékk spænska landsliðsmanninn Pau Gasol frá Memphis Grizzlies.

Memphis fékk í staðinn Kwame Brown, nýliðann Javaris Crittenton og tvo valrétti í fyrstu umferð nýliðavalsins.

„Þessi skipti sýna svo sannarlega metnað félagsins. Þetta er stórt skref í rétta átt,“ sagði Kobe Bryant, stjórntjarna LA Lakers, himinlifandi.

Gasol var með 18,9 stig að meðaltali í leik með Grizzlies í vetur. Hann tók þess utan 8,8 fráköst að meðaltali í leik.

- hbg

Vaxtaþrep er sparnaðarreikningur sem býður upp á háa og örugga ávöxtun.

ÖRUGG OG GÓÐ  
ÁVÖXTUN

STIGHÆKKANDI  
VEXTIR

VEXTIR GREIDDIR  
MÁNAÐARLEGA

LÁTTU  
PENINGANA  
ÞÍNA VINNA!

GLITNIR

Kynntu þér málið á [www.glitnir.is](http://www.glitnir.is), í næsta útibúi eða í þjónustuveri í síma 440 4000

Valur skoraði 21 mark í síðari hálfleik á Ásvöllum og vann góðan sigur á Haukastúlkum:

## Frábær síðari hálfleikur hjá Valsstúlkum

**HANDBOLTI** Valur minnkaði forskot Fram á toppi N1-deildar kvenna niður í fimm stig í gær þegar liðið rúllaði yfir Hauka, 33-25.

Fyrri hálfleikur var jafn fyrsta korterið. Þá náðu Haukar yfirhöndinni í leiknum. Mest náði liðið þriggja marka forystu, 12-9. Þegar flautað var til leikhles var staðan 14-12 Haukum í vil og fátt sem benti til þess að Valur myndi vinna yfirburða sigur. Valsstelpur geta þakkað markverði sínum Berglindi Hansdóttur að hafa ekki verið enn meira undir en hún varði ófá dauðafærin í leiknum.

Valsstelpur mættu mjög ákveðnar til leiks eftir hlé og komust fljótt yfir, 15-16.

Haukar svöruðu því með tveimur mörkum í röð en engu að síður virtist liðið skorta viljann og ákafann sem liðið sýndi í fyrri hálfleik og kom það ekki á óvart að Valur sigldi hratt og örugglega fram úr Hafnarfjarðarliðinu.

Valur skoraði níu af 10 næstu mörkum leiksins og breytti stöðunni úr 17-16 í 18-25 þegar síðari hálfleikur var hálfnaður.

Valur bætti um betur og náði mest níu marka forystu, 19-28, þegar 12 mínútur voru til leiklok. Valsstelpur slökuðu þá á klónni og Haukar náðu að minnka muninn í sex mörk áður en Valur skoraði þrjú af fjórum síðustu mörkum leiksins.

Berglind Hansdóttir var mjög góð í markinu fyrir aftan öflugna vörn Vals. Valsstelpur náðu að stoppa Ramune Pekarskyte sem fór mikinn



**HARÐAR Í HORN AÐ TAKA** Valsstúlkur voru geysilega grimmar gegn Haukastúlkum í gær. Hér reynir Haukastúlkann Erna Þráinsdóttir að brjótast í gegnum Valsvörnina með litlum árangri. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

fyrir Hauka í fyrri hálfleik eftir hlé og auk þess skoraði liðið 13 mörk úr hraðaupphlaupum í síðari hálfleik.

Haukar léku mjög vel í fyrri hálfleik, jafnt í

vörn sem sókn. Eftir hlé gekk ekkert hjá liðinu og virtist liðið ekki hafa trú á því að geta sigrað Val. Valur vann síðari hálfleikinn 11-21 og virtist liðið hafa ótrúlega lítið fyrir því.

- gmi



## ÚRSLIT

## Enska úrvalsdeildin:

BIRMINGHAM CITY - DERBY COUNTY	1-1
1-0 Sebastian Larsson (68.), 1-1 Emanuel Villa (89.).	
BLACKBURN ROVERS - EVERTON	0-0
MANCHESTER CITY - ARSENAL	1-3
0-1 Emmanuel Adebayor (9.), 0-2 Eduardo da Silva (26.), 1-2 Gelson Fernandes (28.), 1-3 Emmanuel Adebayor (88.).	
PORTSMOUTH - CHELSEA	1-1
0-1 Nicolas Anelka (55.), 1-1 Jermain Defoe (64.).	
READING - BOLTON WANDERERS	0-2
0-1 Kevin Nolan (33.), 0-2 Heiðar Helguson (57.).	
TOTTENHAM - MANCHESTER UNITED	1-1
1-0 Dimitar Berbatov (20.), 1-1 Carlos Tevez (94.).	
WIGAN ATHLETIC - WEST HAM UNITED	1-0
1-0 Kevin Kilbane (48.).	
LIVERPOOL - SUNDERLAND	3-0
1-0 Peter Crouch (57.), 2-0 Fernando Torres (69.), 3-0 Steven Gerrard, viti (89.).	

## STADAN:

Arsenal	25	18	6	1	52-18	60
Man United	25	18	4	3	49-12	58
Chelsea	25	16	6	3	38-17	54
Everton	25	13	5	7	40-23	44
Liverpool	24	11	10	3	40-17	43
Aston Villa	24	11	8	5	43-31	41
Man City	25	11	8	6	32-28	41
Blackburn	25	10	9	6	32-31	39
Portsmouth	25	10	8	7	35-26	38
West Ham	24	10	6	8	29-22	36
Tottenham	25	7	8	10	45-41	29
Newcastle	24	7	6	11	27-42	27
Bolton	25	6	7	12	26-34	25
Middlesbrough	24	6	7	11	21-37	25
Wigan	25	6	5	14	24-40	23
Sunderland	25	6	5	14	24-45	23
Reading	25	6	4	15	30-52	22
Birmingham	25	5	6	14	24-37	21
Fulham	24	2	10	12	23-42	16
Derby County	25	1	6	18	13-52	9



GLÆSIMARK Eduardo da Silva skoraði gullfallett mark gegn City í gær án þess að markvörður City kæmi nokkrum vörnum við. Adebayor skoraði hin tvö mörk Arsenal í leiknum.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Góður dagur fyrir Arsenal

Arsenal náði tveggja stiga forskoti á toppi ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Lund-únaliðið lagði Man. City á meðan helstu keppinautarnir – Man. Utd og Chelsea – urðu að sætta sig við jafntefli í sínum leikjum. Tevez bjargaði Man. Utd.

**FÓTBOLTI** Það er ekkert lát á góðu gengi Arsenal í ensku úrvalsdeildinni. Hinir ungu sveinar Arsene Wenger gefa ekkert eftir í toppbaráttunni og unnu góðan útsigur á Man. City, 1-3, í gær. Arsenal er með tveggja stiga forskoti á toppnum þar sem Man. Utd náði aðeins stigi gegn Tottenham sem Carlos Tevez bjargaði í uppbótartíma.

Emmanuel Adebayor hélt uppteknum hætti fyrir Arsenal í gær. Wenger hefur trú á því að Adebayor muni halda áfram að sýna álíka spilamennsku.

„Thierry er heimsklassaleikmaður og við gleymum honum ekki. Emmanuel hefur staðið sig stórkostlega í að fylla skarðið sem hann skildi eftir sig. Hann hefur tekið stórt stökk fram á við og þess utan verið mjög stöðugur í sínum leik. Hann hefur bætt hreyfingar sínar með boltann sem og að klára færin,“ sagði Wenger himinlifandi en þetta var fyrsta tap City á heimavelli í vetur.

Manchester United mátti þakka fyrir að ná stigi gegn Tottenham á White Hart Lane en Carlos Tevez jafnaði leikinn í uppbótartíma. Sir Alex Ferguson, stjóri United, var svekktur með að ná aðeins stigi sem hann sagði þó geta

verið mikilvægt á endanum.

„Þetta passar ekki við okkur. Eitthvað er ekki rétt þegar við fáum sjö gul spjöld,“ sagði Ferguson en honum fannst að Jermaine Jenas hefði þess utan átt að fjúka af velli fyrir að brjóta á Ronaldo um miðjan fyrri hálfleik. Spurs hefur ekki lagt United síðan árið 2001.

Jermain Defoe byrjaði með glæsibrag hjá Portsmouth er hann skoraði jöfnunarmark liðsins gegn Chelsea í gær og tryggði sínu liði eitt stig í leiknum.

„Við hefðum getað unnið í lokin en það hefði kannski verið svolítið harkalegt fyrir Chelsea. Ég hélt ég hefði skorað er ég lyfti yfir markvörðinn en því miður fór boltinn framhjá. Annars er ég kominn hingað til þess að skora og hjálpa liðinu að fá stig og vonandi var þessi byrjun aðeins forsmekkurinn að því sem koma skal,“ sagði Defoe.

henry@frettabladid.is

**MIKILVÆGT STIG** Sir Alex Ferguson sagði að mark Tevez sem tryggði stig í gær gæti reynst liðinu dýrmætt þegar upp er staðið.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



MICHAEL BALLACK Hefur blómstrað síðustu vikur. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Avram Grant, stjóri Chelsea: Mjög ánægður með Ballack

**FÓTBOLTI** Avram Grant, stjóri Chelsea, segist hafa breytt leikstíl Chelsea á þann hátt að hann fái það besta út úr þýska landsliðsmanninum Michael Ballack sem hefur leikið mjög vel síðustu vikur.

„Við breyttum leikstílnum nokkuð og Michael og aðrir leikmenn eru nú vanir þessum stíl,“ sagði Grant sem er himinlifandi með frammistöðu Ballacks sem hefur þess utan verið fyrirliði liðsins í fjarveru Terry og Lampards. „Hann er greindur leikmaður og við reynum að spila fótbolta sem hentar honum. Það eru allir sáttir við þann bolta sem við erum að spila þessa dagana,“ sagði Grant.

- hbg

Sir Alex Ferguson:

## Vill ekki að Rooney spili

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, er á því að dugnaður Wayne Rooney komi í veg fyrir að hann skori fleiri mörk.

„Við sögðum honum um síðustu helgi að hann þyrfti ekki að eyða svona miklum tíma á miðjum velli. Scholes og Carrick réðu fullkomlega við hlutina þar. Wayne var einfaldlega of duglegur og það gæti hafa gert það að verkum að hann skoraði ekki í leiknum,“ sagði Ferguson.

- hbg



GÓÐ BYRJUN Jermain Defoe skoraði mark í sínum fyrsta leik fyrir Portsmouth og tryggði liðinu stig gegn Chelsea.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



## Vorferð til Heidelberg

22.-27. maí

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli

79.900 kr.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4\* hóteli með ríkulegum morgunverði og heilsdags skoðunarferð til Rothenburg ob der Tauber.

## Sumar í Svartaskógi og dvöl við Bodensee

19.-30. ágúst

Fararstjóri: Lilja Hilmarsdóttir

Verð á mann í tvíbýli

115.800 kr.

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4\* hóteli með ríkulegum morgunverði, eftirmiðdagssnarl á Hotel Baren, þrj- til fjórréttadur kvöldverður öll kvöldin og íslensk fararstjórn.

Nánar á expressferðir.is eða í síma 5 900 100

**Express ferðir**

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



**N1 DEILD KVENNA**  
Sunnudagur 3. febrúar.  
Akureyri - Fylkir  
KA heimilið kl. 16.00

**N1 DEILD KARLA**  
Sunnudagur 3. febrúar  
Varmá kl. 16.00  
Afturelding - Akureyri  
Digranes kl. 19.00  
HK - Stjarnan



**HEIÐAR Á SKOTSKÓNUM** Dalvíkingurinn Heiðar Helguson gat leyft sér að gleðjast í gær þegar hann skoraði langþráð mark fyrir Bolton Wanderers en Heiðar skoraði síðara mark Bolton í 2-0 sigri á Reading.

Einhverjir vildu meina að Heiðar hefði verið rangstæður en sjónvarpsmyndir sýndu að svo var ekki. Heiðar hefur verið að glíma við þrálát meißli síðan hann meiddist eftir aðeins þrjá leiki í upphafi leiktíðar. Hann spilaði sinn fyrsta leik eftir meißlin fyrir viku síðan og hann skoraði svo í gær í aðeins sínum öðrum leik eftir meißlin erfiðu.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# WEST HAM CHELSEA

28. FEB.-  
3. MARS

Verð á mann í tvíbýli frá  
**57.900 KR.**

Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargin leikir framundan, s.s. á móti Blackburn, Portsmouth og Derby.

+ Nánari upplýsingar:  
www.icelandair.is/ithrottaferdir



WWW.ICELANDAIR.IS





**GEORGE BUSH** Sést hér með Peyton Manning eftir Super Bowl í fyrra.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Allir horfa á Super Bowl: Bush spenntur fyrir leiknum

**NFL** Super Bowl-leikurinn er stærsti einstaki íþróttaviðburður heimsins og er leikurinn sýndur í beinni útsendingu úti um allan heim.

Í Bandaríkjunum ríkir sannkölluð þjóðhátíðarstemning þegar leikurinn fer fram og teiti í öðru hverju húsi. Forseti Bandaríkjaanna, George W. Bush, lætur leikinn ekki fram hjá sér fara frekar en samlandar hans.

„Ég er mjög spenntur fyrir leiknum og mun vaka eins lengi og ég get,“ sagði Bush sem er mikill íþróttáhugamaður og átti meðal annars hafnaboltaliðið Texas Rangers á sínum tíma. Hans lið í boltanum er að sjálfsögðu Dallas Cowboys.

- hbg

## Engar áhyggjur hjá Pats: Brady er klár í slaginn

**NFL** New England Patriots-liðið hafði nokkrar áhyggjur af öklameiðslum leikstjórnanda síns, Tom Brady, eftir að hann sást með umbúðir um öklann tveim vikum fyrir Super Bowl.

Meiðslin virðast aftur á móti ekki hafa háð Brady síðustu dagana fyrir leikinn og hann hefur æft af fullum krafti án þess að vera bundinn um ökkla.

Annars eru allir heilir í liði Patriots. Eina áhyggjuefnið er útherjinn Jabar Gaffney sem er að glíma við smávægileg meiðslu en ætti að geta spilað.

- hbg



**PLAXICO BURRESS** Getur vonandi spilað í kvöld.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## Meiðslu hjá NY Giants: Óvissa með Burress

**NFL** Ekki eru allir leikmenn New York Giants fullkomlega klárir í slaginn gegn Patriots í kvöld.

Helsti höfuðverkur Risanna er meiðslu stjörnuútherja þeirra, Plaxico Burress, sem er meiddur á hné og ökkla. Hann hefur þar af leiðandi sama sem ekkert æft í vikunni en Giants mun engu að síður tefla honum fram í leiknum. Burress er reyndar búinn að vera meiddur í allan vetur og hefur lítið æft en það hefur ekki stöðvað hann frá því að spila.

Varnarmaðurinn sterki, Osi Umenyiora, er slappur í lærinu og æfði ekki á föstudag. Giants vonast til þess að hann verði klár í leikinn.

- hbg

Úrslitaleikurinn í ameríska fótboltnu, Super Bowl, fer fram í kvöld á milli Patriots og Giants:

## Patriots getur orðið besta lið sögunnar

**NFL** Úrslitaleikur ameríska fótboltns, Super Bowl eða Ofurskálín, fer fram í kvöld þegar hið ósigraða lið New England Patriots mætir New York Giants í Arizona. Patriots hefur unnið alla leiki sína á tímabilinu og Patriots er aðeins annað liðið sem nær þeim árangri.

Fyrsta liðið til að gera það var Miami Dolphins árið 1972. Þá var tímabilið hins vegar tveim leikjum styttra en það er í dag og því hefur Patriots þegar unnið fleiri leiki í röð en Dolphins. Patriots á þó eftir að vinna stóra leikinn sem Dolphins gerði á sínum tíma. Takist það verður árangur Patriots

einstakur og 2007-liðsins verður klárlega minnst sem besta liðs í sögu deildarinnar.


Í veginum stendur New York Giants sem er leitt af hinum unga Eli Manning sem er yngri bróðir Peytons Manning, leikstjórnanda Indianapolis Colts, sem vann Super Bowl á síðasta ári. Giants átti ekkert sérstakt tímabil og rétt komst inn í úrslitakeppnina þar sem liðið hefur algjörlega farið á kostum og meðal annars lagt Dallas Cowboys og Green Bay Packers á útivelli.

Liðin mættust síðast í lokaumferð deildarkeppinnar en þá var Giants næstum búinn að eyðileggja

hið fullkomna tímabil Patriots. Giants leiddi með tólf stigum í lokaleikhlutunum en Tom Brady, leikstjórnandi Patriots, kom til baka enn eina ferðina og sá til þess að Patriots landaði sætum þriggja stiga sigri, 38-35.

Leikurinn er í beinni útsendingu á Sýn og hefst útsending klukkan 22.45.

- hbg



**GULLDRENGUR** Tom Brady, leikstjórnandi New England Patriots, er að stimpla sig endanlega inn sem einn besti leikstjórnandi í sögu NFL og er mikið borinn saman við Joe Montana, fyrrum leikstjórnanda 49ers, þessa dagana.

NORDIC PHOTOS/GETTY

# Ei þú finnur eitthvað betra eða flottara, hafðu þá samband



**Eigum gríðarlegt úrval af tröppum og fylgihlutum**



**Athugið opið í dag**

**Opnunartími:  
Sunnudag 12 – 18**

Arctic Spas Faxafeni 9 Sími: 554 7755 [www.arcticspas.is](http://www.arcticspas.is)



## > Reese Witherspoon

Witherspoon leikur í myndinni *Walk the Line* sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld. Ekki eru samt allir sem vita að Witherspoon söng sjálf öll lögin sín í myndinni og eftir að myndin kom út voru henni boðnir margir plötusamningar sem hún hafnaði.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR VILL HELDUR MJÚKAR LÍNUR Nigella vs Giada

Ég er enginn meistarakokkur. Ég hef hins vegar gaman af að elda þegar sá gállinn er á mér og þykir því skemmtilegt að fá hugmyndir og ráð frá mér vitrara matreiðslufólki í gegnum sjónvarpið. BBC Food er í nokkru uppáhaldi og eini gállinn við þá stöð að hún fer í útsendingarfrí seint á kvöldin. Að öðrum kosti er alltaf hægt að grípa niður í áhugaverða þætti um allt sem snýr að mat. Madhur Jaffrey leiðir áhorfendur um leyndardóma Indlands, frískir ungmenn elda barra á strönd í Ástralíu og aumur áhugakokkar fá aðstoð tveggja matreiðslumeistara við að töfra fram lystuga rétti á tuttugu mínútum. Ekki eru þó allir matreiðsluþættir jafn góðir. Á Skjá einum eru sýndir þættirnir „Giadas every day Italian.“ Góð hugmynd um ítalska



NIGELLA VS GIADA Mjúkar línur hafa vinninginn.

hversdagsrétti sem sjónvarpskokkunum Giödu tekst að gera algerlega óáhugaverða. Kannski er það bandarískur heimurinn

með einstaka ítalskri slettum sem fer svona í mig. Ég fæ að minnsta kosti alveg grænar þegar minnst er á spigitti og parmesano reggiano. Þá er orðaforðinn hálf takmarkaður og lýsingarorðin yfirleitt; „creamy, crunchy eða buttery.“ Fyrir utan takmarkaðan orðaforða og óheillandi persónuleika verður líka að taka fram að slík tituprjónsmjóna er alls ekki til þess gerð að vekja með manni traust á matnum sem verið er að elda. Ef þeim væri att saman, Giödu og Nigellu okkar Lawson er ég nokkuð viss um hver myndi bera sigur úr býtum, skiptir þá ekki máli hvort er verið að ræða keppni í framkomu, matreiðslu, sjarna eða jafnvel sjómanni. Ég tek mjúkar súkkulaðiúðaðar línur Nigellu fram yfir spagettivöxt Giödu alla daga.

## EKKI MISSA AF



► **17.50** Barcelona-Osasuna  
SÝN



► **18.10** Fever Pitch STÖÐ 2 BÍÓ



► **19.40** Sunnudagskvöld með Evu Mariu  
SJÓNVARPIÐ



► **20.00** Dýravinir-Lokapáttur  
SKJÁREINN



► **20.25** Pressa-Lokapáttur  
STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstunden okkar:** Í næturgarði, Róbert Bangsi, Kólabræður, Landið mitt, Herkúles  
**09.23 Sígildar teiknimyndir**  
**09.30 Finnir kostur**  
**09.52 Fræknir ferðalangar**  
**10.22 Sígga lígga lá**  
**10.35 Konráð og Baldur**  
**10.50 Váboði** (13:13) e.  
**11.20 Laugardagslögin**  
**12.30 Silfur Egils**  
**13.45 Glenn Gould** (2:2) e.  
**14.45 Danska keisaraynjan** e.  
**15.25 Mótókross**  
**15.50 Íslandsmótið í handbolta**  
**17.30 Táknmálsfréttir**  
**17.40 Kappróður**  
**18.00 Stundin okkar**  
**18.30 Spaugstofan**  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veður**  
► **19.40 Sunnudagskvöld með Evu Mariu** Viðtalsþáttur Evu Mariu Jónsdóttur.  
**20.20 Glæpurinn** (16:20) (Forbryðelsen: Historien om et mord)  
**21.20 Sunnudagsbío - Bagdad Café** Þýsk/bandarísk bíómynd frá 1987.  
**23.05 Silfur Egils** e.  
**00.20 Sunnudagskvöld með Evu Mariu**  
**00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlök**

## BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Fun With Dick and Jane**  
**08.00 In Her Shoes**  
**10.10 Fever Pitch**  
**12.00 Bobby Jones. Stroke of Genius**  
**14.05 Fun With Dick and Jane**  
**16.00 In Her Shoes**  
► **18.10 Fever Pitch** Bráðfyrindin og rómantísk mynd með þeim Drew Barrymore og Jimmy Fallon í aðalhlutverkum.  
**20.00 Bobby Jones. Stroke of Genius**  
**22.05 Walk the Line**  
**00.20 Crimson Rivers 2. Angels of the Apocalypse**  
**02.00 Garden State**  
**04.00 Walk the Line**



**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Barney, Fífi  
**08.05 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.  
**08.10 Barnatími Stöðvar 2** Pocoyo, Stubbarnir, Doddi litli og Eyrnastór, Kalli og Lóla, Dora the Explorer, Kalli litli kanína og vinir, Dexter's Laboratory, Ginger segir frá, Tracey McBean, Tutenstein, A.T.O.M.  
**12.00 Hádegisfréttir**  
**12.25 Nágrannar**  
**12.45 Nágrannar**  
**13.05 Nágrannar**  
**13.25 Nágrannar**  
**13.45 Nágrannar**  
**14.10 Bandið hans Bubba** (1:12)  
**15.00 Two and a Half Men** (24:24)  
**15.20 Phenomenon** (5:5)  
**16.10 Logi í beinni**  
**16.55 60 mínútur**  
**17.45 Oprah** (Inside The Lives Of Hoarders With Peter Walsh, Part 2)  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**19.05 Mannamál** (17:40) Mannamál er nýr samtalsþáttur á Stöð 2.  
**19.50 Sjálfstætt fólk**  
► **20.25 Pressa** (6:6) LOKAPÁTTUR  
**21.15 Cold Case** (3:23) (Köld slóð) Fimmta sería eins vinsælasta þáttar Stöðvar 2 síðustu árin.  
**22.00 Prison Break** (10:22) Þriðja serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2.  
**22.45 Touch of Pink** Rómantísk gamanmynd um ungan samkynhneigðan mann sem lifir litríku lífi í London þangað til heimsókn frá múslimskri móður hans setur allt á hvolf.  
**00.15 Crossing Jordan** (8:17)  
**01.00 Pandemic** (1:2)  
**02.25 Pandemic** (2:2)  
**03.50 Foyle's War - Eagle Day**  
**05.30 Fréttir**  
**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi**

## SÝN besta sætið

**08.35 Inside the PGA**  
**09.00 Dubai Desert Classic** (Evrópumótariðin í golfi) Bein útsending frá loka-degi Dubai Desert Classic sem er hluti af Evrópumótariðinni.  
**13.00 Barcelona - Villarreal Spænski boltinn**  
**14.40 Almeria - Real Madrid Spænski boltinn**  
**16.20 Gillette World Sport**  
**16.50 NFL NFL Gameday.**  
**17.20 Spænski boltinn - Upphitun**  
► **17.50 Barcelona - Osasuna Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Barcelona og Osasuna í spænska boltanum.  
**19.50 Getafe - Espanyol Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Getafe og Espanyol í spænska boltanum.  
**21.50 Road to the Superbowl 2008** Liðin sem leika til úrslita um Ofurskálina skoðuð í bak og fyrir og leið þeirra í úrslitaleikin rakin. Frábær þáttur sem áhugamenn um NFL mega ekki láta framhjá sér fara.  
**22.45 Super Bowl NFL deildin** Bein útsending frá leik New York Giants og New England Patriots í Superbowl.

## SÝN2

**09.50 Portsmouth - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**11.30 Premier League World**  
**12.00 4 4 2**  
**13.20 Newcastle - Middlesbrough** Bein útsending frá nágrannaslag Newcastle og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.  
**15.20 PL Classic Matches**  
**15.50 Fulham - Aston Villa** Bein útsending frá leik Fulham og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.  
**18.00 Liverpool - Sunderland** Útsending frá leik Liverpool og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.  
**19.40 Man. City - Arsenal** Útsending frá leik Man. City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.  
**21.20 4 4 2** Tveikið, Heimir Karlsson og Guðni Bergsson, standa vaktina ásamt vel völdum sparspekingum, og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt.  
**22.45 Tottenham - Man. Utd.** Útsending frá leik Tottenham og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**11.00 Vörutorg**  
**12.00 World Cup of Pool 2007**  
**12.50 Professional Poker Tour** (e)  
**14.20 High School Reunion** (e)  
**15.10 Bullrun** (e)  
**16.10 Canada's Next Top Model** (e)  
**17.00 Queer Eye** (e)  
**18.00 The Bachelor** (e)  
**19.00 The Office** (e)  
**19.30 30 Rock** (e)  
► **20.00 Dýravinir - Lokapáttur** Í lokapættinum ætlar Guðrún að kynna sér katta-tegundina maine-coon og svo hittir hún einhverfan strákur sem fær að fara á hestbak einu sinni í viku. Síðan fylgist hún með vél-sleðahundinum Garpi og að lokum heim-sækir hún Stúðmanninn Valgeir Guðjóns sem á bæði hund og ketti.  
**20.30 Psych - NÝTT** Bandarísk gaman-sería um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál. Í fyrsta þættinum þarf Shawn að komast að því hver er að reyna að myrða illkvittinn dómara sem óttast um líf sitt.  
**21.30 Boston Legal - NÝTT** Bráðfyrindin lögræðidrama um skrautlega lögræðinga í Boston. Denny Crane er handtekinn eina ferðina enn og Shirley Schmidt er lög-sótt eftir að hún hættir við að gefa háskóla stóra peningagjöf sem hún var búin að lofa. Alan Shore þarf redda málinum og mætir gamalli vinkonu í réttarsalnum. Nýr yfirmáður mætir til starfa og setur allt á annan endann á skrifstofunni.  
**22.45 Dexter** (3:12)  
**23.45 C.S.I. New York** (e)  
**00.45 C.S.I. Miami** (e)  
**01.45 Vörutorg**  
**02.45 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Magasinþáttur - mannlíf og menning á norðurlandi.** Samantekt umfjallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á mánudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

1995



1996



1990

Merkingartímabilið okkar hefst fimmtudaginn 7. febrúar

galleri sautján  
Kringlunni s. 512-1750 – Laugavegi 91 s. 512 1718

retro  
Smáralind s. 512 1744









„Mér finnst hann hafa staðið sig vel í þessu öllu, að fylgja þessu svona eftir. Hann stóð á sínu og ég er ánægð með það.“

Björk Friðfinnsdóttir, móðir Ólafs Geirs Jónssonar. Honum voru í vikunni dæmdar bætur fyrir að hafa verið sviptur titlinum Herra Ísland árið 2005.

HIN HLIÐIN STEFÁN HALLUR STEFÁNSSON LEIKARI

Tap gegn Borgarleikhúsi mestu vonbrigðin

**Hvað er að fréttu?** Allt að gerast. Síðasti þáttur af Pressu í kvöld og frumsýning á Baðstofunni í Þjóðleikhúsinu 9. feb. Svo hef ég líka heyrt að það sé allt að gerast í leikfélagi MH um þessar mundir og að leikfélagið Vér morðingjar sé að sigra heiminn.

**Augnlitur:** Svartur og blár.

**Starf:** Leikari.

**Fjölskylduhagir:** Góðir.

**Hvaðan ertu?** Úr Vesturbænum, Svarf-aðardal og Skagafirði.

**Ertu hjátrúarfullur?** Mátulega.

**Upphaldssjónvarpsþátturinn:** Pressa, Næturvaktin og vandað

íslenskt sjónvarpsefni.

**Upphaldsmatur:** Ég er fanatískur ostakarl.

**Fallegasti staðurinn:** Nýja leikhúsið sem Vér morðingjar voru að eignast.

**iPod eða geislaspilari:** Á hvorugt, því miður.

**Hvað er skemmtilegast?** Að ná markmiðum sínum.

**Hvað er leiðinlegast?** Að taka ekki afstöðu.

**Helsti veikleiki:** Gallar manns eru alltaf kostir manns.

**Helsti kostur:** Sjá svar að ofan.

**Helsta afrek:** Ágúst Breki.

**Mestu vonbrigðin:** Nú síðast var það tapleikur Þjóðleikhúss vs. Borgarleikhús 4-5 í fótbolta.

**Hver er draumurinn?** Að lifa og starfa í sátt og samlyndi við mys og menn.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Vignir Rafn.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Vignir Rafn.

**Hvað er mikilvægast?** Fjölskyldan, vinir og vandamenn.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Uppistandariinn **Rökkvi Vésteinson** ferðast um Holland og Belgíu dagana 28. febrúar til 9. mars þar sem hann mun láta gamminn geisa fyrir grínþyrsta heimamenn. Ferðalagið er væntanlega kærkomið fyrir Rökkva sem átti í harðvítugum deilum á síðum Fréttablaðsins við forsvarsmenn keppinnar Fyndnasti maður Íslands, sem þykir ekki mikið til Rökkva koma. Í bréfi til Fréttablaðsins fyrir skömmu sagði uppistandariinn Oddur Friðriksson að Rökkvi væri Ástþór Magnússon uppistandarianna og bætti því við að þessi deila þeirra hefði algjörlega bjargað annars löngum og grútleiðinlegum janúarmánuði.



- fb

ANDRÉS SKÚLASON: FÁGÆTAR FORNMINJAR FINNAST Í FAKTORSHÚSI

Sannkallað gullæði á Djúpavogi

Nú ríkir eins konar gullæði á Djúpavogi því við endurreisn Faktors-hússins þar í bæ hafa ýmsar fágætar fornminjar komið í ljós. Menn og konur flykkjast í húsið, leggjast á fjóra fætur og rýna í rykið í von um skjótfenginn gróða. Það er oddvitinn sjálfur, Andrés Skúlason, sem ber ábyrgð á æðinu því hann fann fjársjóðinn sem kom því af stað. „Ég fann norska mynt slegna árið 1653,“ segir hann. „Hún leyndist á milli gólfborða, en undir því voru tvö önnur lög af gólfefni. Það er greinilegt að afgreiðsluborðið hefur staðið þarna á sínum tíma. Myntinni hefur verið komið til þjóðminjavarðar sem metur hana. Við fáum hana svo aftur.“

Faktorshúsið reistu danskir

kaupmenn árið 1840. Það hefur gegnt ýmsum hlutverkum gegnum tíðina eftir að þeir dönsku lögðu upp laupana, m.a. hýst Kaupfélag Berufjarðar, bókasafn og félagsmiðstöð. Það segir sitt um bág ástand hússins að undir það síðasta var það notað sem æfingahúsnæði hljómsveita.

„Nú er verið að endurreisa Faktorshúsið í upprunalegri mynd og það verður líklega notað undir verslunarminjasafn og fuglasafn,“ segir oddvitinn. „Myntfundurinn er skemmtilegur og tengir okkur við verslunarsöguna. Þetta er löng saga og upphaf hennar er að Hamborgarar fengu leyfi fyrir verslun hér árið 1589.“

Andrés segir ýmislegt fleira hafa fundist í húsinu, nefnir pottlok, hæl



ODDVITI Í UPPGREFTI Andrés Skúlason hefur ekki alltaf heppnina með sér. Hér er hann með fornan sigarettufilter. Líklega Chesterfield.

Nálastungur Íslands ehf.  
Ríkharður Mar Jósafatsson  
Doctor of Oriental Medicine  
Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47  
Sími 458 9400 & 863 0180

**Fágætar fornminjar**  
NORSK MYNT FRÁ 1653  
Hefur komið gullæði af stað á Djúpavogi.  
FANNST Á MILLI PILJA  
Ónefnd fegurðardís frá 1930.

undan skó og fornt íspinnaprik. „Svo fannst ljósmynd af ónefndri fegurðardís sem hefur líklega tekið þátt í fegurðarsamkeppni Teofani árið 1930. Einnig fannst umslag sem smíðir hafa stungið á milli þilja árið 1971. Það var merkt Hr. Kasper, Jesper og Jónatan, frá Soffiú frænku og í því voru tveir peningar, tvær snjáðar myndir og kort með svohljóðandi texta: „Innilegar hamingjuóskir til þeirra er finna þetta, undirritað Karl Elisson, Reynir Gunnarsson, Gunnlaugur

Reimarsson yfirsmiður og Sigurður Gíslason, titlaður skrifari.“ Oddvitinn er ekki í vafa um að fleiri gersemur leynist í húsinu. „Það á örugglega margt fleira eftir að koma í ljós. Við munum svo safna öllu þessu dóti saman og geyma á góðum stað þegar uppbyggingu Faktorshússins verður loksins lokið. Ég veit ekki alveg hvenær það verður, það miðast við það fjármagn sem við fáum í verk-ið, en vonandi verða það ekki allt of mörg ár.“  
gunnarh@frettabladid.is

Kemur í verslanir 7. febrúar!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt erstu kominn í SMS Klubb. 149 kr/skeytið

9 HVER VINNUR!

Sendu sms **BTC RAF** á númerið **1900** og þú gætir unnið!

Vinningar eru DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMS LEIKUR

RATATOUILLE



POLLRÓLEGIR Það var ekki á sonum þeirra Katrínar Jakobsdóttur og Gerðar Kristnýjar að sjá að þeir kipptu sér sérstaklega upp við fyrstu skref sín í fjölmíðlum í heimsókn hjá Sigmundi Erni.

Mannamálsbörn kíktu í heimsókn til Simma

Þær Katrín Jakobsdóttir og Gerður Kristný snúa aftur á sjónvarps-skjánn í Mannamáli í kvöld. Þær áttu báðar von á barni þegar þættirnir hófu göngu sína, en eru nú léttari. Katrín og Gerður eignuðust báðar syni, og hefur sonur Katrínar og Gunnars Arnar Sigvaldasonar verið nefndur Illugi. Sonur Gerðar Kristnýjar og Kristjáns B. Jónassonar er hins vegar enn ónefndur. Prinsarnir voru báðir með í for

þegar þær Katrín og Gerður sneru aftur í Mannamál. „Drengirnir fengu svona rétt að lífa inn. Simmi er mikill barnakarl og fannst ómögulegt að fólk hefði fylgst með okkur stækka og fengi svo ekki að sjá ávöxtinn,“ segir Katrín og hlær við. Drengirnir tveir stíga fyrstu skref sín í fjölmíðlum því ansi snemma. „Þeir kipptu sér nú ekki mikið upp við þetta, þeim fannst ekki mikið til þessa koma,“ segir Katrín. - sun

Björgólfur í góðum hópi

Björgólfur Thor Björgólfsson er kominn í hóp kunnra manna með kaupum sínum á hlut í finnska íþróttavörurísanum Amer Sports. Fréttablaðið sagði frá kaupum Novators, fjárfestingafélags Björgólfs, á dögunum en síðan þá hefur hann enn aukið við hlut sinn, á nú fimmtung í félaginu. Annar nýr eigandi í Amer Sports er breski auðjofurinn Mike Ashley en hann er eigandi knattspyrnufélagsins Newcastle. Ashley gegnir svipuðu hlutverki hjá Newcastle og Björgólfur Guðmundsson, faðir Björgólfs Thors, gegnir hjá West Ham.

Amer Sports hefur stjórnur á borð við Roger Federer, Tom Brady og Padraig Harrington innan sinna vébanda. Talið er að hlutur Björgólfs í Amer Sports nemi núna tæpum tuttugu milljörðum íslenskra króna. -fgg

ÁBERANDI Financial Times telur líklegt að bæði Mike Ashley, eigandi Newcastle, og Björgólfur Thor eigi eftir að beita sér innan Amer Sports.



Landsins stærsta



# Skósprengrja

## Opnið í dag 12 - 16

Lágmark

# 50%

afsláttur

Allt að  
**90%**  
afsláttur

# Opnunartímar

Mán - fös 11-18  
lau 11-16  
sun 12-16

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE  
SKÓVERSLUN  
KRINGLAN - SMÁRALIND

eCCO®  
Laugarvegi - Kringlunni  
Smáralind

Kaupfélagið  
Kringlunni - Smáralind

# Toppskórin

Outlet

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109





**BAKÞANKAR**  
Davíðs Þórs  
Jónssonar

## 101 Reykjavík

Borgarstjórinn í Reykjavík er með læknisvottorð upp á að hann ráði við starfið sem hann gegnir. Ég veit ekki til þess að aðrir borgarfulltrúar geti státað af því. Reyndar stórefa ég að þeir, sem létu tilfinningarnar hlaupa með sig í verstu gönnurnar úr ræðustól borgarstjórnar í kjölfar þeirra sviptinga sem þar áttu sér stað fyrir hundrað og eitthvað dögum, gætu allir harkað slíkt vottorð út úr samvisskusömum lækni.

**BORGARSTJÓRINN** er með lítið fylgi. Leikreglur lýðræðisins leyfa að litlir flokkar lenti í odda-aðstöðu sem gerir fulltrúum þeirra kleift að komast í meiri valdastöður en fylgið gefur augljóst tilefni til eins og mýmörg dæmi eru um í ríkisstjórnunum. Slíkir menn hafa oft gegnt störfum sínum með sóma og verið farsælir í embætti.

**HEYST** hefur að kjósendur borgarstjórnans hafi alls ekki verið að kjósa hann heldur einhvern annan, gott ef ekki einhvern allt annan flokk sem var ekki einu sinni í framboði. Auðvitað er sú umræða út í hött. Ég veit hvorki til þess að kjósendur borgarstjórnans hafi strikað hann út í meiri mæli en eðlilegt getur talist né að þeir hafi verið inntir á marktækan hátt eftir forsendum sínum fyrir því hvernig þeir greiddu atkvæði. Þótt flokkur borgarstjórnans mælist varla í skoðanakönnunum um þessar mundir þá veljum við okkur ekki leiðtoga í skoðanakönnunum heldur kosningum.

**EKKERT** af því sem einkennt hefur umræðuna skiptir m. ö. o. neinu máli. Það eru málefni sem skipta máli og ég verð að viðurkenna að ég saup hveljur þegar ég heyrði málefnaþing nýrrar borgarstjórnar. Kaupa á húsin við Laugaveg, hvað sem þau kosta, að því er virðist í þeim tilgangi einum að „varðveita 19. aldar götumynd“. Er það þá stefna Sjálfstæðisflokksins að borgin eigi að vera í þeim business að kaupa gömul hús, gera þau upp og selja eða leigja? Öðruvísi mér áður brá.

**AÐ** auki er helsta kosningamál borgarstjórnans í höfn: Flugvöllurinn skal vera í Vatnsmyrinni áfram. Það þýðir að hundsa á lýðræðislega fram kominn vilja Reykvíkinga og svíkja skuldbindingar fyrri borgarstjórnar um að lúta honum. Það er hið alvarlega í málinu, ekki heilsufar borgarstjórnans, fylgi eða meint sinnaskipti þess samkvæmt könnunum. Það er þarna sem manni finnst leikreglur lýðræðisins brotnar.

**GÓÐAN DAG!**  
Í dag er sunnudagurinn  
3. febrúar, 34. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.04	13.41 17.20
Akureyri	10.01	13.26 16.53

Heimild: Almanak Háskólans



Alicante

## Það er hitamál að komast til Spánar!

Taktu þér frí frá íslenska vetrinum og skelltu þér til Spánar. Iceland Express býður fjölda flugsæta til Barcelona og Alicante á frábæru verði.

Pú bókar á [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)

**Iceland Express**   
með ánægju

» Börn:  
**50%**

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingssafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Auka  
páskaflug  
til Alicante  
18.-25. mars



Barcelona